skoðun 12

SÉRBLAÐ
í Fréttablaðinu
Allt

Tal
GERÐU OKKUR TILBOÐ

FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Þriðjudagur
22. febrúar 2011
43. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

Spenntur yfir gjöfinni

Eiður Ágúst Gunnarsson fær tónleika í 75 ára afmælisgjöf í dag.

tímamót 16

Á nýjum slóðum

Útvarpsmaðurinn Heiðar Austmann tekur þátt í gjörningi Ragnars Kjartanssonar.

fólk 26

Hættir Guðmundur í sumar?

Málefni landsliðsþjálfara karla í handbolta verða skoðuð í sumar.

sport 22

veðrið í dag



RÓLEGHEIT Í dag verður yfirleitt hæg austanátt og úrkomulítið en dálitlar skúrir syðra. Hvessir í nótt. Hiti 0-8 stig, mildast syðst.

VEÐUR 4

FORSÍÐA VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

MEIRI FRÓÐLEIKUR

Deildu Vísi með öðrum. Þeir sem setja „like“ við Vísi á Facebook geta unnið óvænta vinninga í hverri viku.

Meiri Vísir. VÍSIR.IS

Lánastofnanir á leigumarkað

Samráðshópur á vegum velferðarráðuneytisins vill efla leigumarkað í landinu í samstarfi við einkaaðila. Lífeyrissjóðirnir eru opnir fyrir hugmyndinni en þurfa að skila lágmarkshagnaði, segir formaður hópsins.

HÚSNÆÐISMÁL Verið er að kanna hvort leigja eigi út þær tvö þúsund íbúðir sem eru í eigu lífeyrissjóða, banka og annarra lánastofnana í gegnum fasteignafélög sem starfrækt yrðu á leigumarkaði.

Samráðshópur á vegum velferðarráðuneytisins hefur átt í viðræðum við lífeyrissjóði, sveitarfélög og lánastofnanir um aðkomu þeirra að slíkum félögum.

„Flestir eru sammála um að það þurfi að efla almennan leigumarkað. Lífeyrissjóðirnir eru opnir fyrir þessu. En þeirra fjárfestingar verða eðlilega að skila lágmarksarðsemi,“ segir Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, þingkona Samfylkingarinnar og formaður hópsins.

Sigríður segir að öflugri leigumarkaður geti haft jákvæð áhrif víða í þjóðfélaginu. Hann gæti meðal annars unnið gegn bólumyndun á fasteignamarkaði, auk þess sem meiri sveigjanleiki í húsnæðismálum geti verið hagkvæmur fyrir atvinnu- og efnahagslíf. Leigumarkaðurinn eigi þá að vera raunhæfur valkostur, óháð félagsslegum og efnahagslegum aðstæðum.

> Flestir eru sammála um að það þurfi að efla almennan leigumarkað.
>
> **SIGRÍÐUR INGIBJÖRG INGADÓTTIR**
> ÞINGKONA SAMFYLKINGARINNAR

„Séreignarstefnan hefur lengi verið ríkjandi viðhorf en ekki bara vegna þess að fólki finnist betra að eiga íbúð, heldur líka til að njóta öryggis og stöðugleika,“ segir hún.

Kerfi húsaleigubóta og vaxtabóta eru þess eðlis að almenningur er beinlínis hvattur til húsnæðiskaupa, að mati Sigríðar. „Að mínu mati er ekki fært að efla leigumarkað en viðhalda þessum mismun á milli kerfa,“ segir hún.

Umsvif á fasteignamarkaði hafa dregist verulega saman frá hruni á meðan tvöföldun hefur verið á leigumarkaði.

Samkvæmt tölum frá Þjóðskrá náði húsnæðismarkaðurinn hámarki árið 2005 þegar nær 16.000 kaupsamningum var þinglýst, en þeir voru rúmlega 4.600 í fyrra.

Þinglýstum leigusamningum fjölgaði úr 5.000 árið 2006 upp í rúmlega 10.000 síðustu tvö ár.

Samráðshópurinn, sem er meðal annars skipaður fulltrúum stjórnvalda, aðila vinnumarkaðarins og lífeyrissjóða, mun leggja fram tillögur sínar 1. apríl. **- þj , sv**

Leigja frekar en að kaupa

Á meðfylgjandi töflu sést að þinglýstum húsaleigusamningum á landinu fjölgaði verulega eftir hrun, á sama tíma og hrun varð á fasteignakaupum.



Heimild: Þjóðskrá

FAGNA SIGRI Íbúar í Benghazi í Líbíu klifra upp á yfirgefinn skriðdreka í búðum öryggissveita Gaddafis í borginni í gær, eftir að hafa hrakið menn hans úr búðunum. Benghazi er meðal þeirra borga, sem talið er að uppreisnarmenn hafi á valdi sínu.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Sveitir einræðisherra Líbíu bregðast af mikilli hörku við uppreisninni í landinu:

Staða Gaddafis versnar sífellt

LÍBÍA Staða Moammars Gaddafi, einræðisherra í Líbíu, virtist fara versnandi eftir því sem leið á gærkvöldið. Sveitir Gaddafis höfðu þá brugðist af mikilli hörku við uppreisninni í landinu og talið var að tugir eða hundruð manna hefðu fallið. Sumar stærstu borgir landsins voru sagðar á valdi uppreisnarmanna.

Fyrr um daginn höfðu fjölmargir snúið baki við Gaddafi og stjórn hans. Þar á meðal var dómsmálaráðherrann sem tilkynnti afsögn sína og fjölmargir sendimenn Líbíu á erlendri grund, síðast sendinefnd landsins hjá Sameinuðu þjóðunum (SÞ). Einn úr þeirra hópi, Ibrahim Omar Al Dabbashi, sakaði Gaddafi um þjóðarmorð. Hann hvatti SÞ til að banna allt flug til Líbíu til að hindra erlenda málaliða, sem hann segir Gaddafi hafa kallað á sér til hjálpar, í að komast til landsins.

BAN KI-MOON

MOAMMAR GADDAFI

Ban Ki-moon, aðalritari SÞ, ræddi við Gaddafi í gær og hvatti hann til að binda enda á ofbeldi í landinu.

Allar fréttir frá landinu eru óljósar þar sem erlendu fjölmiðlafólki er meinaður aðgangur.

Þó hermdu nokkrar fréttastofur að fjölmargir úr stétt klerka hefðu hvatt til þess að Gaddafi yrði velt úr sessi. Þeirra á meðal er Yusuf al-Qaradawi, einn áhrifamesti súnníklerkur heims.

Þegar blaðið fór í prentun hafði sjónvarpsstöðin Al-Jazeera greint frá því að von væri á sjónvarpsávarpi frá Gaddafi. **- þj / sjá síðu 4**

Icesave í þjóðaratkvæði:

Kosið innan tveggja mánaða

ICESAVE Talið er líklegt að þjóðaratkvæðagreiðsla um Icesave-samninginn fari fram um miðjan apríl. Samkvæmt lögum verður hún að fara fram fyrir 20. apríl.

STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON

Samkvæmt skoðanakönnun MMR sem birt var í gær myndi meirihluti landsmanna, um 58 prósent, samþykkja samninginn í kosningum, en um leið styðja rúmlega 60 prósent ákvörðun forseta um að leggja málið í dóm þjóðarinnar.

Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra sagði í Kastljósi í gærkvöldi að hann hefði íhugað að segja af sér eftir synjun forseta Íslands á fyrri Icesave-lögunum í mars í fyrra. **- þj / sjá síðu 6**

Goðafoss dreginn á morgun:

Kvarta undan upplýsingaleka

SIGLINGAMÁL Forsvarsmenn Eimskips gagnrýna norsk lögregluyfirvöld hart vegna vinnubragða þeirra eftir strand Goðafoss í Oslóarfirði. Lögregla hefur gefið upp viðkvæmar upplýsingar sem skipstjóri gaf í yfirheyrslum. Eimskip hyggst leggja fram kvörtun vegna þessa.

Nú liggur fyrir að norski hafsögumaðurinn yfirgaf Goðafoss löngu áður en skipið var komið framhjá hættum í skerjagarðinum. Þetta hafði úrslitaáhrif á hvernig fór, segir Gylfi Sigfússon, forstjóri Eimskips.

Goðafoss verður dreginn af strandstað á morgun. Skemmdir á botni skipsins gætu náð yfir fimmtíu metra kafla á botni þess. **- shá / sjá síðu 10**

SPURNING DAGSINS

Hrafn, steinliggur þetta?

„Nei, við hraunum yfir það."

Leikfangaframleiðandinn Krummi hefur hannað leiktæki fyrir börn sem byggja á flæði í náttúrunni, skriðjöklum og rennandi hrauni. Hrafn Ingimundarson er eigandi fyrirtækisins.

Könnun Félagsvísindastofnunar um áherslur í kjaraviðræðum:

Flestir vilja sambærilegar hækkanir

KJARAMÁL Mikill meirihluti þeirra sem tóku afstöðu í könnun ASÍ styður þá stefnu að lögð verði áhersla á sambærilegar launahækkanir fyrir alla í yfirstandandi kjaraviðræðum.

Í könnuninni, sem Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands gerði fyrir ASÍ, sögðust 94 prósent svarenda hlynnt því að verkalýðshreyfingin legði áherslu á sambærilegar launahækkanir, frekar en að þeir sem starfi í útflutningsgreinum njóti meiri hækkana.

Þá vilja 48 prósent að verkalýðshreyfingin leggi mesta áherslu á að tryggja kaupmátt launa í yfirstandandi kjaraviðræðum, 24 prósent vilja að áherslan sé á að tryggja atvinnuöryggi og 19 prósent beinar launahækkanir.

Úrtak könnunarinnar var 1.200 félagar í stéttarfélögum og var svarhlutfall um 63 prósent.

Nokkur styr hefur staðið um hina svokölluðu samræmdu launastefnu sem ASÍ og SA hafa talað fyrir, en nokkur stéttarfélög hafa dregið samningsumboð sitt til baka og semja upp á eigin spýtur. Viðræður ASÍ og SA héldu áfram i gær og verður fundað á ný í lok vikunnar. - þj

SAMRÆMDAR HÆKKANIR Svarendur í könnun ASÍ eru fylgjandi samræmdri launastefnu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Drapst eftir veikindi:

Lúkas er allur

GÆLUDÝR Hundurinn Lúkas, frægasta gæludýr Íslandssögunnar, drapst á sunnudaginn eftir stutt veikindi.

Þetta staðfesti Kristjana Margrét Svansdóttir, eigandi Lúkasar, í viðtali við visi.is í gærkvöldi. Lúkas komst í fréttir árið 2007 eftir að hann hvarf í um tvo mánuði. Voru kenningar uppi um að hundurinn hefði verið drepinn á sviplegan hátt, áður en hann kom fram heill á húfi. Ekki er nema vika síðan kona var dæmd fyrir meiðyrði fyrir að fullyrða að Helgi Rafn Brynjarsson hefði sparkað hundinn í hel. - shá

Alþjóðleg lögregla benti á tvo níðinga

Lögreglan handtók nýlega tvo menn um þrítugt með myndefni af barnaníði í fórum sínum eftir ábendingar frá Interpol og Europol. Aðstoðarsaksóknari telur dóma í slíkum málum of væga. Um of sé horft á magn efnis í stað grófleika þess.

LÖGREGLUMÁL Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu (LRH) hafði nýlega hendur í hári tveggja karlmanna sem höfðu í fórum sínum myndefni sem sýnir börn á kynferðislegan og klámfenginn hátt, eftir að ábendingar höfðu borist hingað frá Interpol annars vegar og hins vegar frá Europol. Þetta staðfestir Björgvin Björgvinsson, yfirmaður ofbeldisbrotadeildar LRH. Ríkissaksóknari hefur þegar ákært annan manninn, en hinn bíður ákæru.

Í rannsókn sem Interpol og Europol voru með og náði víða um Evrópu komu fram tvær íslenskar IP-tölur, sem leiddu til þess að lögreglan á höfuðborgarsvæðinu lagði hald á tölvur og tölvugögn í báðum málunum. Í báðum tilvikum reyndist vera nokkurt magn af kynferðislegu ofbeldismyndefni með börnum, mun meira hjá þeim sem ákæra hefur enn ekki verið birt. Bæði er um ljósmyndir og hreyfimyndir að ræða.

Báðir mennirnir eru af höfuðborgarsvæðinu og báðir voru þeir með ofbeldismyndirnar heima hjá sér. Báðir eru þeir um þrítugt.

Málið á hendur þeim sem þegar hefur verið ákærður var þingfest fyrr í þessum mánuði. Sama dag voru þingfestar ákærur yfir tveimur öðrum níðingum sem voru með ofbeldismyndir af börnum í tölvubúnaði á heimili sínu. Hjá öðrum þeirra fundu tæknimenn þjónustufyrirtækis myndefnið eftir að maðurinn hafði farið með tölvu sína í viðgerð. Annar níðinganna tveggja hefur verið dæmdur í 200 þúsunda króna sekt.

Dröfn Kærnested, aðstoðarsaksóknari hjá ríkissaksóknara, segir embættið lengi hafa talað fyrir þyngri refsingu á hendur fólki sem sé með kynferðisofbeldismyndir af börnum í fórum sínum. Reynslan hafi sýnt að dómarar líti fremur til magns en grófleika í málum af því tagi. Hinir seku séu dæmdir til sektargreiðslu í yfirgnæfandi meirihluta mála.

Michael Moran, yfirmaður hjá Interpol, var nýlega staddur hér á landi á vegum Félags íslenskra rannsóknarlögreglumanna. Hann sagði þá í viðtölum við fjölmiðla að á tímum internetsins væru engin landamæri. Barnaníðingar sem notuðu internetið til að dreifa kynferðislegum ofbeldismyndum gætu verið hvar sem er í veröldinni og trúlega einnig hér á landi.

jss@frettabladid.is

BARNAKLÁMSMÁL RANNSAKAÐ Umfangsmikil rannsókn Interpol og Europol teygði anga sína til Íslands. Ríkissaksóknari hefur þegar ákært einn mann vegna málsins en annar bíður ákæru. NORDICPHOTOS/AFP

VÍINGUR AK 100 Fór á veiðar á föstudag og landaði fullfermi, 1.400 tonnum, á Vopnafirði í gær. MYND/KARL SIGURJÓNSSON

Ágæt veiði á miðunum:

Loðnan veiðist við Snæfellsnes

SJÁVARÚTVEGUR Ágæt loðnuveiði hefur verið hjá skipum HB Granda eftir stutt hlé sem varð á úthaldinu vegna verkfallsboðunar bræðslumanna.

Mikill hraði hefur verið á loðnugöngunni og er sú loðna, sem lengst er gengin, nú að ganga norður fyrir Snæfellsnes. Veiðisvæðið var í gærmorgun um sex til sjö sjómílur vestur af Öndverðarnesi og þykir mönnum loðnan ganga óvenju djúpt fyrir Snæfellsnes að þessu sinni.

Samkvæmt upplýsingum frá uppsjávardeild félagsins eru nú óveidd um 20 þúsund tonn af um 59 þúsund tonna loðnukvóta á þessari vertíð. Fjögur skip stunda veiðarnar. - shá

Fundar með ráðamönnum:

Cameron til Egyptalands

EGYPTALAND David Cameron, forsætisráðherra Bretlands, kom til Egyptalands í gær. Hann er fyrstur þjóðarleiðtoga til að heimsækja landið síðan Hosni Mubarak fór frá völdum þar.

Cameron fundaði með yfirmönnum hersins, varnarmálaráðherra og forsætisráðherra í heimsókn sinni. Hann hitti einnig fólk úr mótmælendahreyfingunni.

Breski forsætisráðherrann segir ferðina gott tækifæri til að tryggja að raunverulegar breytingar muni eiga sér stað og að sjá hvað vinaþjóðir Egyptalands í Evrópu geti gert til að hjálpa. - þeb

Átelja ummæli formanns:

Segja inngrip Halldórs með öllu óþolandi

KJARAMÁL Félag grunnskólakennara segir inngrip Halldórs Halldórssonar, formanns Sambands íslenskra sveitarfélaga, í kjaraviðræður kennara og launanefndar sveitarfélaganna vera „með öllu óþolandi og óviðeigandi".

HALLDÓR HALLDÓRSSON

Í tilkynningu frá félaginu segir að ummæli Halldórs um vinnuframlag kennara séu sjáanlega sett fram til að „skapa andúð almennings á störfum kennara" og þess er krafist að hann „láti af árásum á kennara og störf þeirra". Málið snýst um niðurstöður skýrslu OECD, þar sem fram kom að um 35 prósent af vinnutíma grunnskólakennara færu í kennslu.

Í samtali við Vísi.is í gær hafnaði Halldór ásökunum um árásir á kennara. „Það er alveg af og frá. Ég er einfaldlega að vitna í skýrslu OECD." - þj

Forvitnir á Facebook:

Fá boð breytist hjúskaparstaða

TÆKNI Bandaríkjamaðurinn Dan Loewenherz hefur hannað sérstakt forrit á samskiptavefnum Facebook, þar sem fólk getur skráð sig inn og þá sem það hefur augastað á, og forritið lætur vita ef sambandsstaðan breytist á vefnum.

Samkvæmt New York Post fæddist hugmyndin þegar Dan fann hinn eina rétta handa systur konu sinnar til þess eins að uppgötva að viðkomandi ætti í ástarsambandi samkvæmt Facebook

Forritið skimar vefinn á tíu mínútna fresti og um leið og hinn eini rétti, eða sú eina rétta, breytir sambandsstöðunni á Facebook, fær hinn ástfangni fyrstu tilkynninguna um það póstleiðis.

SP Fjármögnun riftir kaupleigusamningum við 80 manns í greiðsluaðlögun:

Samtök lánþega gagnrýna SP

EFNAHAGSMÁL SP Fjármögnun hefur rift bílakaupleigusamningum við áttatíu viðskiptavini sína. Fólkið, sem hefur allt sótt um greiðsluaðlögun hjá umboðsmanni skuldara, fékk tilkynningu um málið sent heim í bréfi í síðustu viku.

Samtök lánþega benda á að með riftunum á bílasamningum skuldara sem eru í umsóknarferli um greiðsluaðlögun séu fjármögnunarfyrirtækin að fara fram á að skuldari fremji lögbrot með því að mismuna kröfuhöfum á síðari stigum. Þetta kemur fram í tilkynningu frá samtökunum.

Þar segir að í mörgum tilfellum sé um að ræða samninga þar sem ljóst sé að eignarhlutur skuldara í bifreið sé umtalsverður. Í slíkum tilfellum sé verið að mismuna kröfuhöfum. Verið sé að ganga gegn almennum rétti neytenda með því að svipta þá eign sinni án þess að fullnaðaruppgjör komi á móti. Er í því tilefni bent á hæstaréttardóma sem segi kaupleigusamninga vera lánasamninga og því sé lánþegi hinn rétti eigandi bifreiðar og fjármálafyrirtæki óheimilt að ráðstafa þeirri eign.

Samtökin krefjast þess að SP Fjármögnun láti þegar af þessari háttsemi og taki upp viðræður við lánþega um aðrar útfærslur á málunum.

Um leið og fólk sækir um greiðsluaðlögun hjá umboðsmanni skuldara má það ekki borga af skuldum og er það ástæðan fyrir riftun samninganna. - sv

BÍLAFLOTI SP Fjármögnun rifti samningum við 80 manns í greiðsluaðlögun hjá umboðsmanni skuldara í síðustu viku. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Fjárfesting í orkumálum:

Mega kaupa af hitaveitunni

ORKUMÁL Kaup Global Geothermal Limited á rafmagnsframleiðslustöð Orkuveitu Húsavíkur ganga ekki gegn ákvæðum laga um erlenda fjárfestingu. Þetta er niðurstaða nefndar um erlenda fjárfestingu en nefndin skilaði iðnaðarráðherra áliti sínu nýlega.

Global Geothermal Limited er félag með heimilisfestu og starfsemi í Bretlandi. Félagið er í meirihlutaeigu ástralsks félags.

Á vef ráðuneytisins segir að tilgangur félagsins með kaupunum sé að framleiða orku úr jarðvarma með svokallaðri Kalinatækni sem félagið hefur einkaleyfi fyrir. - þj

Samnorrænt hollustumerki:

Eykur neytendavernd barnanna

NEYTENDUR Væri samnorrænt hollustumerki, eins og Skráargatið, tekið upp hér á landi myndi það auka neytendavernd barna. Þetta segir Gísli Tryggvason, talsmaður neytenda.

„Leiðbeiningar um neytendavernd barna yrðu strax mun virkari ef hollustumerki að skandinavískri fyrirmynd (skráargatsmerki) yrði tekið upp," segir á heimasíðu Gísla. Talsmaður neytenda og umboðsmaður barna fagna umræðunni um hollustumerkið og auknum áhuga stjórnvalda á því að taka merkið upp hér á landi. - sv

Vel valið!

Alcoa Fjarðaál hefur valið Svansvottaðan Kyocera-búnað frá Pennanum Tækni fyrir allar skrifstofur sínar.

Ávinningurinn er **lægri bilanatíðni** og **mun minni rekstrarkostnaður**.

Kyocera er í Svansmerkinu

TASKalfa 500Ci, 250Ci, FS C2126MFP, FS1350, FS 1128MFP og FS 4020DN.

Penninn Tækni þakkar traustið.



KYOCERA

Prentlausnir frá Kyocera fela í sér **lága bilanatíðni** og **rekstrarkostnað**.
Kynntu þér málið hjá söluráðgjöfum Pennans Tækni.

PENNINN TÆKNI

Leikandi lausnir

Penninn Tækni | Sóltún 20 | 105 Reykjavík | Sími 578 7160 | www.penninntaekni.is

GENGIÐ 21.02.2011

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	116,48	117,04
Sterlingspund	188,84	189,76
Evra	159,26	160,16
Dönsk króna	21,36	21,484
Norsk króna	20,458	20,578
Sænsk króna	18,17	18,276
Japanskt jen	1,3997	1,4079
SDR	182,07	183,15

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
215,9324
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

AUGLÝSING KOSTS Auglýsingin sýnir starfsmenn Bónuss versla í Kosti.

Bónus í auglýsingu Kosts:

Myndaðir við verðkönnun

SAMKEPPNI **Verslunin Kostur birtir nú auglýsingu á vefnum þar sem starfsmenn Bónuss eru sýndir versla í Kosti. Guðmundur Marteinsson, framkvæmdastjóri Bónuss, segir starfsmennina hafa verið myndaða við verðkönnun í versluninni.**

„Eigendur Kosts eru og hafa alltaf verið velkomnir að gera verðkannanir í verslunum Bónuss," segir Guðmundur. „En Kostur hefur bannað okkur að gera verðkannanir hjá sér, þannig að við höfum þurft að versla til þess að sjá verðið hjá þeim. Þetta er þeirra ákvörðun og það er ekkert meira um það að segja." - sv

Dæmdur í fangelsi í Svíþjóð:

Drap mann með kjöthamri

SVÍÞJÓÐ Héraðsdómur í Svíþjóð hefur dæmt mann í 18 ára fangelsi fyrir morð og limlestingu. Morðið þykir sérlega hrottalegt.

Morðinginn fór heim til fórnarlambs síns vopnaður kjöthamri og hnífi. Fórnarlambið hlaut yfir hundrað áverka og lést af völdum þeirra. Morðinginn skar getnaðarlim fórnarlambsins að lokum af og tróð ofan í kok hans. Annar maður var dæmdur í tengslum við málið, en sá stóð vörð um íbúðina á meðan morðinginn var þar inni. Sá var dæmdur í tveggja ára fangelsi. - þeb

Lögreglan kom upp um þrjú fíkniefnamál á Akureyri um síðustu helgi:

Greip inn í fíkniefnaviðskipti

LÖGREGLUMÁL Lögreglan á Akureyri stöðvaði kannabisræktun í íbúð á Akureyri um helgina. Hald var lagt á fjórtán kannabisplöntur, nokkra græðlinga og búnað til ræktunar.

Við leit í íbúðinni var síðan lagt hald á um tuttugu grömm af maríjúana sem er talið vera afgangur af fyrri ræktun á sama stað. Tveir menn á þrítugsaldri viðurkenndu við yfirheyrslur að hafa staðið að ræktuninni.

Á laugardaginn gripu svo lögreglumenn inn í fíkniefnaviðskipti sem áttu sér stað á miðri

MARÍJÚANA Lögregla stöðvaði kannabisræktun og fíkniefnaviðskipti um helgina.

íbúðargötu á Akureyri. Þrír aðilar voru handteknir og í framhaldinu var framkvæmd húsleit á heimili þess sem var að selja efnin. Þar var lagt hald á um 70 til 80 grömm af maríjúana. Efninu hafði verið pakkað í sölueiningar og var falið á víð og dreif um íbúðina.

Aðfaranótt sunnudags var lögreglan kvödd að fjölbýlishúsi í bænum vegna kvartana undan hávaða. Er lögregla kom á staðinn kom í ljós að fíkniefna hafði verið neytt. Þrír voru handteknir og smáræði af fíkniefnum var haldlagt, einnig tæki og tól til neyslu. Síðan var samkvæmið leyst upp. Öll málin teljast upplýst. - jss

Lögreglumenn í Svíþjóð:

Aka ölvaðir en halda vinnunni

SVÍÞJÓÐ 55 sænskir lögreglumenn hafa verið dæmdir fyrir ölvunarakstur á síðustu fimm árum. Aðeins einn þeirra hefur misst vinnuna í kjölfar slíks dóms.

Þetta kemur fram í tölum sem sænska dagblaðið Metro hefur tekið saman. Mörg dæmi voru um að lögreglumennirnir lentu í árekstrum eða keyrðu út af undir áhrifum. Þónokkrir voru dæmdir í fangelsi vegna brotanna.

Sá eini sem missti vinnuna var dæmdur vegna fjölmargra annarra brota. - þeb

Átök halda áfram í Miðausturlöndum

1. Marokkó: Þúsundir mótmælenda hafa krafist þess að konungurinn, Mohammed VI., víki ríkisstjórninni frá og gefi frá sér einhver völd.

2. Túnis: Tugir þúsunda hröktu öryggissveitir á brott og kröfðust nýrrar tímabundinnar ríkisstjórnar.

3. Líbía: Mótmæli gegn Muammar Gaddafi hafa magnast og þeim hefur verið mætt af mikilli hörku. Hundruð hafa verið drepin.

4. Egyptaland: Bankar hafa verið opnaðir á nýjan leik og verkföllum er lokið.

5. Barein: Stjórnarandstæðingar segjast vera að leggja lokahönd á kröfur sem afhenda á leiðtogum landsins.

6. Jemen: Þúsundir mótmæltu í gær og kröfðust afsagnar forsetans Ali Abdullah Saleh.

© Graphic News

BENGHAZI Kveikt var í byggingum sem hýstu öryggissveitir borgarinnar Benghazi í gær. Mótmælendur eru sagðir hafa náð völdum í borginni, sem er önnur stærsta borg landsins. Blóðug átök áttu sér stað þar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Staðreyndir um Líbíu

- Líbía er á milli Egyptalands og Túnis, þar sem þjóðarleiðtogar hafa farið frá völdum undanfarið.
- 6,4 milljónir manna búa í landinu.
- Meðalaldur er 24 ár.
- Tripoli er höfuðborg landsins og tæpar tvær milljónir manna búa þar.
- Moammar Gaddafi hefur verið einræðisherra yfir landinu frá árinu 1969. Hann komst til valda eftir að herinn tók völd í byltingu.

Átökin magnast enn í Líbíu

Mikil mótmæli gegn stjórn Gaddafis í Líbíu. Sonur forsetans viðurkennir að mótmælendur ráði tveimur af stærstu borgunum en hótar blóðugu stríði við mótmælendur. Líbískir sendimenn snúast gegn stjórninni.

LÍBÍA Mörg hundruð manns eru sagðir hafa verið drepnir í mótmælum í Líbíu. Mótmælin halda áfram og hafa nú náð til höfuðborgarinnar Tripoli. Þar var skotið á mótmælendur og herma fréttir að meðal annars hafi herflugvélar skotið á fólk úr lofti. Íbúar í Tripoli sögðu einnig að sprengjum hefði verið varpað á borgina.

Mótmælendur eru sagðir hafa náð nokkrum borgum á sitt vald, þar á meðal Benghazi, annarri stærstu borg landsins. Sonur Moammars Gaddafi forseta, Saif el-Islam, viðurkenndi í sjónvarpsávarpi á sunnudagskvöld að mótmælendur hefðu náð tveimur borgum á sitt vald. Hann lofaði umbótum í landinu en varaði við því að ef mótmæli héldu áfram væri hætta á að borgarastyrjöld brytist út. Þá sagði hann að herinn væri í liði með föður sínum og barist yrði „til síðasta manns, síðustu konu, síðustu byssukúlu".

Dómsmálaráðherra landsins, Mustafa Mohamed Abud Al Jaleil, sagði af sér embætti í gær vegna ofbeldisverka hersins og öryggissveita. Sendiherra landsins hjá Arababandalaginu sagði einnig af sér í gær og tilkynnti stuðning við mótmælendur. Sendiherra landsins í Indlandi hefur einnig sagt af sér. Níu starfsmenn ráðuneytisins í Bretlandi og þrír starfsmenn í sendiráðinu í Svíþjóð hafa hætt störfum fyrir ríkisstjórn Líbíu.

Utanríkisráðherrar Evrópusambandsins fordæmdu árásir stjórnvalda á mótmælendur í gær. Allir embættismenn Bandaríkjanna sem hægt var að koma úr landi hafa verið fluttir frá Líbíu ásamt fjölskyldum sínum. Evrópuþjóðir hafa einnig gripið til slíkra aðgerða, auk þess sem alþjóðleg olíufyrirtæki hafa flutt starfsmenn sína á brott.

Lokað hefur verið fyrir internetið að mestu og ekki er hægt að hringja til annarra landa úr landlínum. Því hefur verið erfitt að fá fréttir staðfestar.

William Hague, utanríkisráðherra Bretlands, sagðist í gær hafa fengið upplýsingar sem bentu til þess að Gaddafi hefði eða gæti flúið til Venesúela. Embættismenn þar neituðu þessum fregnum. Ljóst þykir þó að hann hafi flúið höfuðborgina.

Þá lentu tvær líbískar herflugvélar á Möltu í gær og gáfu flugmennirnir sig fram við yfirvöld. Á Möltu lentu einnig tvær þyrlur með sjö manns sem sögðust vera franskir ríkisborgarar.

thorunn@frettabladid.is

VEÐURSPÁ

Elísabet Margeirsdóttir veður-fréttamaður

HVESSIR Í NÓTT
Það bætir heldur í vind í nótt og þá einkum sunnan og vestan til og má búast við allhvössum eða hvössum vindi suðvestanlands í fyrramálið og norðvestanlands fram á síðdegið. Úrkomusamt um allt land á morgun.



HEIMURINN

Alicante	20°
Basel	5°
Berlín	-6°
Billund	-2°
Frankfurt	-1°
Friedrichshafen	-1°
Gautaborg	-2°
Kaupmannahöfn	-2°
Las Palmas	21°
London	8°
Mallorca	15°
New York	1°
Orlando	26°
Ósló	-7°
París	7°
San Francisco	12°
Stokkhólmur	-6°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* ALMENNAR SÍMI 512-5401: Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*
ALLT SÍMI 512-5402: Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016: Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*
RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*

Hvar er þínum séreignarsparnaði best borgið?

Hugsaðu dæmið til enda

Fáðu ráðgjöf í síma 595 3400



Allianz
– tryggir þína peninga

Allianz Ísland hf. | Digranesvegi 1 | 200 Kópavogi | 595 3300 | allianz@allianz.is | allianz.is

KJÖRKASSINN

Telur þú eðlilegt að hækka útsvar í Reykjavík til að bregðast við niðurskurði í skólakerfinu?

Já	41,2%
Nei	58,8%

SPURNING DAGSINS Í DAG

Ætlar þú að taka þátt í þjóðaratkvæðagreiðslu um Icesave?

Segðu skoðun þína á visir.is

AFTUR TIL ÞJÓÐARINNAR Atkvæðagreiðsla um fyrri Icesave-samninginn fór fram 6. mars í fyrra.

Tímasetning þjóðaratkvæðis:

Kosningar um miðjan apríl

ICESAVE Þjóðaratkvæðagreiðsla um Icesave-lögin fer væntanlega fram um miðjan apríl.

Samkvæmt nýlegum lögum um þjóðaratkvæðagreiðslur mega ekki líða meira en tveir mánuðir frá ákvörðun forseta fram að kosningum og því má kjördagur vera í síðasta lagi hinn 20. apríl.

Innanríkisráðherra mun ákveða kjördag, sem og væntanlega spurningu á kjörseðlinum. Talið er að dagsetning verði ákveðin á ríkisstjórnarfundi í dag. - þj

Skoðanakönnun MMR:

Meirihluti vill staðfesta Icesave

ICESAVE 57,7 prósent Íslendinga myndu staðfesta Icesave-lögin í þjóðaratkvæðagreiðslu. Þetta var niðurstaða skoðanakönnunar sem MMR gerði. 771 svaraði könnuninni.

60,7 prósent þeirra sem tóku afstöðu sögðust styðja ákvörðun forseta Íslands um að staðfesta ekki lögin.

74,3 prósent stuðningsmanna ríkisstjórnarinnar sögðust ekki styðja ákvörðun forsetans en 76,5 prósent þeirra sem ekki styðja ríkisstjórnina studdu forsetann. - þeb

Steingrímur J. Sigfússon íhugaði afsögn vegna synjunar forsetans í fyrra:

Hafði ekki í hótunum við Ólaf Ragnar

STJÓRNMÁL Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra sagði í Kastljósviðtali í gærkvöldi að hann hefði íhugað afsögn vegna ákvörðunar Ólafs Ragnars Grímssonar, forseta Íslands, um að synja Icesave-lögunum staðfestingar í fyrra skiptið.

„Ég sagði það við hann að ég áskildi mér þann rétt að hugsa minn gang og gerði það í tvo sólarhringa," sagði Steingrímur sem hafnaði því að hann hefði haft í hótunum við forsetann.

Sigmar Guðmundsson fréttamaður vitnaði í orð Ólafs Ragnars í Silfri Egils þar sem hann sagði ákvörðunina fyrir ári hafa verið þungbæra og afsögnum og stjórnarslitum hefði verið hótað.

Steingrímur segist eftir umhugsun hafa valið að sitja, því að hann hafi ekki viljað hlaupa frá þeim verkum sem lágu á hans borði. Hann hefði heitið því að draga vagninn og það ætlar hann sér að gera áfram.

Steingrímur sagði jafnframt í viðtalinu að viðbrögðum Breta og Hollendinga væri best lýst sem undrun og vonbrigðum, enda hefði breið samstaða náðst á þingi um samþykkt samningsins, eða um sjötíu prósent.

Steingrímur segir Breta og Hollendinga ólíklega til þess að setjast aftur að samningaborðinu, verði samningurinn felldur. Þá verði dómstólaleiðin ein fær með allri þeirri áhættu sem henni fylgir. - shá

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

SVARAÐ FYRIR ICESAVE Steingrímur sagði í Kastljósviðtalinu að rök forsetans fyrir synjun væru „hæpin".

Segja Icesave-viðræðum lokið

Bretar og Hollendingar bíða eftir niðurstöðum þjóðaratkvæðagreiðslu um Icesave. Gæti tafið fyrir aðildarviðræðum við Evrópusambandið. Ekki frekari viðræður, segir talsmaður hollenska fjármálaráðuneytisins.

ICESAVE „Það er búið að skrifa undir samninginn og viðræðum um hann er lokið. Málið er nú í höndum Íslendinga sjálfra," segir Niels Redeker, talsmaður hollenska fjármálaráðuneytisins, í samtali við Fréttablaðið um þá ákvörðun Ólafs Ragnars Grímssonar, forseta Íslands, að neita að staðfesta Icesave-frumvarpið á sunnudag og vísa samningnum í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Redeker segir hollensk stjórnvöld munu fylgjast með málinu og bíða þess að stjórnvöld hér upplýsi þau hollensku um næstu skref. Það hafði ekki verið gert síðdegis í gær og vissi hann ekki hvenær áætlað væri að landsmenn gengju til þjóðaratkvæðagreiðslu.

Breskir fjölmiðlar voru nokkuð harðorðari vegna ákvörðunar forsetans. Breska dagblaðið The Guardian sagði í gær ákvörðunina geta valdið stjórnvöldum þar í landi hugarangri enda hefði ríkisstjórnin breska samþykkt að taka á sig hluta af kostnaðinum. Blaðið segir ákvörðun forsetans valda því að bresk og hollensk stjórnvöld verði að bíða lengur eftir því að fá upp í það sem þau greiddu innstæðueigendum í löndunum báðum eftir fall gamla Landsbankans.

Bloomberg-fréttaveitan rifjar upp að þegar forsetinn hafi vísað fyrri Icesave-samningi til þjóðarinnar hafi matsfyrirtækið Fitch lækkað lánshæfiseinkunnir Íslands niður í ruslflokk og sé ríkisstjórnin enn með lélegt lánshæfi hjá hinum stóru matsfyrirtækjunum, Moody's og Standard & Poor's. Þá er því haldið fram að ákvörðun forsetans geti valdið því að samskipti stjórnvalda hér við Breta og Hollendinga verði stirðari en áður.

Netmiðillinn Deutsche Welle bætir því við að málið geti sett stein í götu aðildarviðræðna íslenskra stjórnvalda við Evrópusambandið.

Ekki náðist samband við breska fjármálaráðuneytið þegar eftir því var leitað í gær.

Í flestum fjölmiðlum ytra var bent á að fyrri Icesave-samningur hefði verið felldur í þjóðaratkvæðagreiðslu fyrir tæpu ári. Þar sagði jafnframt að sá samningur sem nú lægi á borðinu væri talsvert hagstæðari en fyrri samningar. Eftir sölu eigna gamla Landsbankans upp í kröfur gætu á bilinu 250 til tæpra 300 milljóna evra fallið á íslenska ríkið. Það eru allt að 47 milljarðar íslenskra króna.

jonab@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

FORSETINN SYNJAR Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, tilkynnti í fyrradag þá ákvörðun sína að vísa Icesave-samningnum í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Icesave-samningurinn er innanríkismál

Hvorki Franek J. Rozwadowski, fastafulltrúi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) á Íslandi, né Timo Summa, sendiherra Evrópusambandsins (ESB) á Íslandi, vildu í gær tjá sig um þá ákvörðun forsetans að vísa Icesave-samningnum í þjóðaratkvæðagreiðslu á sunnudag og möguleg áhrif þess á aðildarviðræður stjórnvalda við ESB og efnahagsáætlun stjórnvalda og AGS. Á skrifstofu AGS hér var tilkynnt að frídagur hefði verið í Bandaríkjunum í gær og gæti svo farið að Rozwadowski tjáði sig um málið í nafni AGS í dag. Sendinefnd ESB hér á landi sagði hins vegar um innanríkismál að ræða.

Það og sturta

NAPOLI hitastýrt sturtusett
30.900

NAPOLI hitastýrð blöndunartæki f. baðkar
13.995

SAFIR sturtusett
2.995

NAPOLI hitastýrð blöndunartæki fyrir sturtu
11.900

Reykjavík - Reykjanesbæ
Akureyri - Húsavík
Vestmannaeyjum - Flúðum

Meiri gæði Lægra verð MÚRBÚÐIN

MÚRBÚÐIN
– Afslátt eða gott verð?
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

GreenQloud eitt af 25 athyglisverðustu fyrirtækjunum í tölvuskýjageiranum:

Taka þátt í nútímaiðnbyltingu

TÆKNI „Skráningum gjörsamlega flæddi yfir okkur þegar þetta kom fyrir nokkrum dögum, mest frá Þýskalandi," segir Eiríkur Sveinn Hrafnsson, framkvæmdastjóri tæknifyrirtækisins GreenQloud.

Fyrirtækið var á dögunum valið eitt af 25 rísandi stjörnum innan tölvuskýjageirans í Evrópu á fagvefnum Cloudtweaks.

Eiríkur segir þetta mikinn heiður en bendir á að athyglin hafi valdið lúxusvanda. „Við erum í raun með allt of mikið af skráningum og erum ekki með búnað til að anna þessu öllu," segir hann.

GreenQloud var stofnað í febrúar í fyrra og hýsir það tölvuský sitt í gagnaveri Thor Data Center í Hafnarfirði.

Þetta er ekki fyrsta viðurkenning GreenQloud en fyrirtækinu hlotnaðist sá heiður í fyrra að vera valið eitt af ellefu álitlegustu tæknisprotafyrirtækjum heims í keppni bandaríska vefritsins Gigaom.com.

Eiríkur segir GreenQloud í beinni samkeppni við erlend tölvuský. Þar á meðal eru risar: Google, Amazon og Yahoo.

„Tölvuskýin eru algjörlega að breyta tölvubransanum. Þau eru að gera það sama fyrir tölvuiðnaðinn og iðnbyltingin gerði fyrir framleiðsluna," segir hann. - jab

FRUMKVÖÐULL Tölvuský eru álíka stórt skref í tæknigeiranum og iðnbyltingin, segir framkvæmdastjóri GreenQloud. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Hvað er tölvuský?

Með tölvuskýi er átt við hýsingu á hugbúnaði og miðlægum gögnum í gagnaveri þjónustufyrirtækis. Yfirleitt er keypt áskrift að tölvuskýinu í lengri eða skemmri tíma. Það getur hentað litlum fyrirtækjum, sem þurfa ekki að fjárfesta í dýrum hug- og vélbúnaði heldur kaupa áskrift að honum í tölvuskýi. Á meðal þjónustunnar er Gmail-tölvupóstþjónustan, og allir leikir tölvuleikjafyrirtækisins Zynga, þar á meðal Facebook-leikurinn FarmVille.

-5kr.

DÆLULYKILL

Atlantsolíudagur

Í dag veitir dælulykill Atlantsolíu **5 króna afslátt** fram til miðnættis. Lykillinn er ókeypis. Aukaafsláttur dagsins bætist ekki ofan á önnur afsláttarkjör.

Fáðu þér dælulykil á www.atlantsolia.is

ATLANTSOLIA

Atlantsolía - Lónsbraut 2, 220 Hafnarfirði - Sími 591 3100 - atlantsolia@atlantsolia.is

ÍSLENSKA SIA.IS AOL 49320 02/10

FRÉTTASKÝRING: Hvernig hefur Ólafur Ragnar Grímsson breytt embætti forseta Íslands?

Vinsæll á ný eftir tvær Icesave-synjanir

Þrír fyrstu forsetar lýðveldisins hreyfðu sig varla út fyrir landsteinana. Landkynningartímabil forseta hefst í tíð Vigdísar Finnbogadóttur. Kosning Ólafs Ragnars Grímssonar markar skil í sögu embættisins að mati sagnfræðings.

KANADA Í APRÍL 2007 Landkynningartímabil íslenskra forseta hófst í tíð Vigdísar Finnbogadóttur. Ólafur Ragnar Grímsson lagði íslenskum fyrirtækjum gjarnan lið í útrás sinni, en leið fyrir þann stuðning eftir hrun. Hér opnar hann með Björgólfi Guðmundssyni viðskiptaskrifstofu Landsbankans í Winnipeg í Kanada vorið 2007. MYND/LANDSBANKINN

Þáttaskil verða í sögu embættis forseta Íslands með Ólafi Ragnari Grímssyni, að mati Guðna Th. Jóhannessonar sagnfræðings.

„Embættið hefur gjörbreyst í forsetatíð Ólafs Ragnars," segir hann, en því hefur jafnvel verið haldið fram eftir að forsetinn ákvað í fyrradag að vísa þriðju Icesave-samningunum til þjóðarinnar að hann sé orðinn valdamesti maður íslenskra stjórnmála. Má í því samhengi nefna þá túlkun forsetans að eftir að þjóðin hafnaði fyrri samningum hefði þurft alþingiskosningar til þess að Alþingi gæti afgreitt málið frá sér á ný, án aðkomu þjóðarinnar.

Guðni bendir á að fyrri forsetar, einkum Vigdís Finnbogadóttir og Kristján Eldjárn, hafi verið ópólitískir og frekar litið á það sem hlutverk sitt að hlúa að íslenskri menningu og vera svokallað sameiningartákn. „Ásgeir Ásgeirsson og Sveinn Björnsson voru sama sinnis en létu þó aðeins taka til sín á stjórnmálasviðinu, en fyrst og fremst þegar kom að stjórnarmyndunum." Hann segir að reyndar hafi bæði Vigdís og Kristján líka látið til sín taka við stjórnarmyndanir, en þá vegna þess að þau hafi neyðst til frekar en vegna þess að þau hafi sýnt því einhvern áhuga.

Guðni áréttar þó að þeir fjórir forsetar sem setið hafi á Bessastöðum á undan Ólafi Ragnari Grímssyni hafi verið eins misjafnir og þeir voru margir. „En í sögu forsetaembættisins eru stóru þáttaskilin hins vegar á milli þeirra og Ólafs Ragnars. Hann er miklu virkari í innlendri stjórnmálabaráttu og á alþjóðavettvangi og er allt öðruvísi forseti en fyrirrennararnir." Guðni segir vitanlega þurfa að taka breytta tíma með í reikninginn en breytingin á embættinu sé fyrst og fremst til komin vegna ákvarðana Ólafs Ragnars. „Hann hefur breytt íslenskri stjórnskipan."

Ólafur Ragnar hefur í embættisverkum sínum veitt stuðning fyrirtækjum sem hafa viljað hasla sér völl á erlendri grundu, en sker sig þó ekki alveg úr í þeim efnum. „Vigdís varð svona landkynningarforseti, bæði í krafti þess hversu mikla athygli kjör hennar vakti og að hún var glæstur fulltrúi lands og þjóðar. Svo var auðvitað þessi alþjóðavæðing íslensk efnahagslífs að hefjast í hennar tíð. Það var auðvitað allt öðruvísi en í tíð Kristjáns Eldjárns, Ásgeirs og Sveins, sem fóru varla út fyrir landsteinana," segir hann.

En þótt landkynningartímabil forsetaembættisins hafi hafist í tíð Vigdísar bendir Guðni á að ákafi Ólafs Ragnars í stuðningi við útrásina hafi valdið honum töluverðum vanda eftir hrun. „Hann átti dálítið undir högg að sækja í almennri umræðu og þurfti að viðurkenna að honum hefði orðið á í messunni. En eftir að hafa nú í tvígang tekið fram fyrir hendurnar á Alþingi og ríkisstjórninni hefur hann áunnið sér vinsældir almennings á nýjan leik."

Hvað varðar synjunarvald og stöðu forseta gagnvart þinginu segir Guðni að allir fyrri forsetar hafi litið svo á að þetta vald væri til staðar í stjórnarskrá, en enginn þeirra hafi beitti því. „Vigdís lagðist reyndar undir feld 1993 og í hennar huga var ekkert sjálfgefið að hún skrifaði undir samninginn um Evrópska efnahagssvæðið," segir Guðni, en niðurstaða Vigdísar var að með hliðsjón af því hvernig embættið hefði þróast væri það ekki í hennar verkahring að synja lögum staðfestingar. „Sveinn Björnsson komst svo að orði að þjóðhöfðingjavaldið væri þingbundið og því settar þær skorður að þingið réði."

Þá bendir Guðni á að stjórnarskrá lýðveldisins hafi einungis verið hugsuð til bráðabirgða og því sé kaflinn um þjóðhöfðingja um margt óskýr. „Hún var samin í skugga stríðsins og einhugur um að gera á henni sem minnstar breytingar, því menn óttuðust að allt færi í háaloft ef menn færu að rífast um stjórnarskrána, á tíma þegar ráðamönnum fannst mikilsverðast að sýna fram á einhug þjóðarinnar." Fyrir lýðveldisstofnun hafði konungur hér í stjórnarskrá að formi til algjört neitunarvald, en í lýðveldisstjórnarskránni var því breytt í málskotsrétt forseta.

Óli Kristján Ármannsson
olikr@frettabladid.is

Kosningar að ári

Forsetakjör skal fara fram síðasta laugardag í júnímánuði fjórða hvert ár, samkvæmt lögum um framboð og kjör til forseta Íslands. Kosið verður á næsta ári.
Kveðið er á um það í stjórnarskránni að frambjóðandi til embættis forseta skuli vera minnst 35 ára gamall. Þá þarf að uppfylla sömu skilyrði og gerð eru um kosningarétt til Alþingis, að undanskildu búsetuskilyrði, en samkvæmt því þarf að eiga lögheimili á Íslandi til að eiga kosningarétt. Ekki eru aðrar kröfur gerðar til frambjóðenda. Fram kemur í fimmtu grein stjórnarskrárinnar að kjósa skuli forseta í beinum, leynilegum kosningum af þeim er kosningarétt hafi til Alþingis. „Forsetaefni skal hafa meðmæli minnst 1500 kosningarbærra manna og mest 3000. Sá, sem flest fær atkvæði, ef fleiri en einn eru í kjöri, er rétt kjörinn forseti. Ef aðeins einn maður er í kjöri, þá er hann rétt kjörinn án atkvæðagreiðslu," segir þar.

Talið var að þingið hugleiddi að beita elleftu greininni

Forseta er hægt að leysa frá embætti áður en kjörtíma hans er lokið, ef það er samþykkt með meirihluta atkvæða við þjóðaratkvæðagreiðslu sem til er stofnað að kröfu Alþingis. Á þingi þarf sú krafa að hafa hlotið fylgi þriggja fjórðu hluta þingmanna. Kveðið er á um þetta í elleftu grein stjórnarskrár lýðveldisins.

Í kjallaragrein sem **Eiríkur Bergmann**, doktor í stjórnmálafræði og dósent við Háskólann í Bifröst, skrifaði í DV í gær bendir hann á að lagaprófessorarnir Ólafur Jóhannesson og Þór Vilhjálmsson hafi talið að beitti forseti Íslands málsskotsrétti sínum kæmi í raun til uppgjörs á milli forsetans annars vegar og þings og ríkisstjórnar hins vegar. „Í bókinni Stjórnskipun Íslands, einu helsta grundvallarriti lagadeildar HÍ, heldur Ólafur Jóhannesson því fram að þingið myndi þá jafnvel hugleiða að beita 11. grein stjórnarskrárinnar sem kveður á um frávikningu forseta," segir Eiríkur í grein sinni. Af því hefur hins vegar ekki orðið í þau skipti sem Ólafur Ragnar hefur beitt málskotsréttinum, fyrst vegna fjölmiðlalaganna og svo Icesave.

Í grein sinni segir Eiríkur heimildir herma að ríkisstjórnin sé svo að niðurlotum komin í málinu „að leiðtogar hennar hugleiði það í fúlustu alvöru að láta sverfa til stáls". Eiríkur segir að með því að synja lögum Alþingis í þrígang hafi Ólafur Ragnar fært embætti forsetans af friðarstóli á Bessastöðum og í fremstu víglínu íslenskra stjórnmála. „Hvað sem öðru líður er embættið gjörbreytt – alla vega frá því sem það var í tíð Kristjáns Eldjárns og Vigdísar Finnbogadóttur," segir hann.

Er þitt barn okkar barn?

OKKAR Framtíð er ný og kærkomin trygging sem snýst um „efin" í lífi barna okkar og ungmenna og fjárhag þeirra á fullorðinsárum. Allar upplýsingar eru á vefsetrinu okkar.is og þar er unnt að ganga frá tryggingarkaupum með einföldum hætti.

okkar Framtíð fyrir „efin" í lífinu og fjárhag fullorðinsáranna

zebra

okkar

LYFJA – Lifið heil

Náttúrulega leiðin til að léttast.
LipoSan er íslensk framleiðsla sem inniheldur kítósan, náttúrulegar trefjar unnar úr rækjuskel. Viðurkenndar rannsóknir benda til þess að trefjarnar bindi fitu, dragi úr hitaeiningafjölda og hafi auk þess góð áhrif á kólesteról.

LipoSan Ultra
20% afsláttur
Minni fita – færri hitaeiningar!
Áður: ~~4.990~~ kr. Nú: 3.989 kr.

Afsláttur gildir til 5. mars.

Lægra verð í Lyfju

ÍSLENSKA/SIA/S IS/ LYF 53671 02/11

Forsetar íslenska lýðveldisins frá 1944

Fimm hafa gegnt embætti forseta Íslands síðan það var sett á laggirnar á Þingvöllum:

1944-1952 Sveinn Björnsson var fyrst kjörinn forseti Íslands á Alþingi 1944. Var hann þjóðkjörinn án atkvæðagreiðslu tvisvar, árið 1945 og aftur 1949.

1952-1968 Ásgeir Ásgeirsson var fyrst kjörinn forseti 1952 og hlaut þá 32.924 atkvæði, eða 46,7 prósent greiddra atkvæða. Ásgeir var endurkjörinn án atkvæðagreiðslu 1956, 1960 og 1964.

1968-1980 Kristján Eldjárn var fyrst kjörinn forseti 1968 og hlaut hann 67.544 atkvæði, eða 65 prósent greiddra atkvæða. Kristján var endurkjörinn án atkvæðagreiðslu 1972 og 1976.

1980-1996 Vigdís Finnbogadóttir var fyrst kjörin forseti 1980 með 43.611 atkvæðum, eða 33,6 prósentum greiddra atkvæða. Vigdís var endurkjörin án atkvæðagreiðslu 1984 en 1988 kom fram mótframboð gegn henni. Í kosningum þá hlaut hún 92,7 prósent greiddra atkvæða. Vigdís var svo endurkjörin án atkvæðagreiðslu 1992.

1996 til dagsins í dag Ólafur Ragnar Grímsson var fyrst kjörinn forseti árið 1996 með 68.370 atkvæðum, eða 40,86 prósentum greiddra atkvæða. Ólafur Ragnar var endurkjörinn án atkvæðagreiðslu 2000 en 2004 kom fram mótframboð. Þá hlaut Ólafur Ragnar 67,5 prósent greiddra atkvæða. Árið 2008 var Ólafur Ragnar Grímsson endurkjörinn án atkvæðagreiðslu.

Úrval námskeiða
Veldu þitt!

Hársnyrting

Pabbanámskeið - að binda hárið á dætrunum Nýtt!
Fyrir pabba sem eiga erfitt með að greiða og binda hárið á dætrum sínum.
Haldið 19. mars

Undirbúningur fyrir sveinspróf í hársnyrtingu Nýtt!
Ætlað fólki sem hefur útskrifast úr hársnyrtiiðn og hefur hug á að taka sveinspróf.
Hefst 3. maí

Andlit og hár Nýtt!
Mismunandi blýantar kynntir og aðferðir til að ná fram tónum og skyggingu í andlits- og hárteikningu. ***Hefst 8. mars***

Litafræði og litaleiðrétting Nýtt!
Farið verður í gegnum litafræði og litaleiðréttingu. ***Haldið 16. mars***

Hönnun og handverk

Prjónanámskeið
Fyrir byrjendur, farið verður í prjónfestu og grunnatriði í prjóni. ***Hefst 1. mars***

Viltu smíða rafmagnsgítar?
Á námskeiðinu verður rafmagnsgítar smíðaður frá grunni. ***Hefst 5. september***

Höggvið í stein
Kennd eru grunnatriði í almennri steinsmíði og höggverki. Þátttakendur hanna og smíða hlut úr steini. ***Hefst 7. mars***

Hugmynda- og minningabækur Nýtt!
Fyrir alla sem hafa áhuga á ódýrum og öðruvísi minningabókum. ***Hefst 29. mars***

Litafræði fyrir bútasaum
Ætlað öllum sem hafa áhuga á skapandi bútasaumi. ***Hefst 17. mars***

Mósaík námskeið - einn stór dagur, eitt flott verk! Nýtt!
Einn dagur þar sem þú leikur þér með flísar í öllum regnbogans litum og býrð til eitt flott mósaíkverk. ***Haldið 26. mars***

Skírnarkjólar Nýtt!
Fyrir ömmur, mömmur, frænkur, systur og alla aðra sem langar að hanna og sauma skírnarkjól fjölskyldunnar! ***Hefst 10. mars***

Smíðað úr innlendum við
Farið verður í smíði húsgagna, kofa, lítilla nytjahluta og skrautmuna. ***Hefst 1. mars***

Útskurður í tré
Kennd eru grunnatriði við útskurð í tré. Þátttakendur skera út hlut í tré.
Hefst 5. mars

Myndlist, ný túlkun Nýtt!
Áhersla er lögð á myndbyggingu, skyggingar, þrívídd og frjálsræði í túlkun.
Hefst 16. mars

Skúlptúrar – margar aðferðir Nýtt!
Helstu aðferðir höggmyndalistar kynntar. Á námskeiðinu búa þátttakendur til nokkra leirskúlptúra. ***Hefst 17. mars***

Málmur og tré

Málmsuða
Farið er í rafsuðu svo sem pinnasuðu, Magsuðu o.fl. ásamt logsuðu og silfurkveikingu.
Hefst 11. apríl

Trésmíði fyrir konur
Kennd verða rétt vinnubrögð við trésmíðavélar og handverkfæri fyrir trésmíði. Smíðaður verður eldhúskollur með loki.
Hefst 22. mars

Kertastjakasmíði Nýtt!
Kennd er smíði á kertastjökum úr tré með glerstjökum undir kertin. ***Hefst 22. mars***

Sólpallar og skjólgirðingar Nýtt!
Ætlað þeim sem hyggjast byggja sólpalla og skjólgirðingar við sumarbústað eða íbúðarhús. ***Hefst 22. mars***

Raftækni

Gítareffektar
Einn einfaldur gítareffekt smíðaður eftir teikningu og nákvæmum fyrirmælum.
Hefst 5. mars

Leikhúslýsing
Fyrir áhugaleikhús. Kennd eru helstu atriði við hönnun og uppsetningu lýsingar fyrir leiksýningar, tónleika og ráðstefnur.
Hefst 19. mars

Rafmagnaðar konur? Nýtt!
Farið í helstu öryggismál er varða rafmagn á heimilum. ***Haldið 11. apríl***

Rafeindatækni smíðakennara
Hentar smíðakennurum grunnskóla og öllum áhugasömum um rafmagns- og rafeindatækni.
Hefst 26. maí

Tungumál

Enska í námi og starfi
Hagnýtt nám fyrir starfsmenn í tæknigeiranum. Ætlað þeim sem vilja auka færni sína í ensku. ***Hefst 28. febrúar***

Icelandic Language Courses
ÍSA102 for absolute beginners and ÍSA202 for elementary. Further information on e-mail fa@tskoli.is or tel. 514 9151.
Starts March 8th.

Rekstur og stjórnun

Árhifaríkar kynningar Nýtt!
Hentar öllum sem flytja erindi, ræður eða fyrirlestra sem hluta af starfi sínu.
Haldið 8. mars

Tímastjórnun Nýtt!
Megináhersla lögð á betri nýtingu tímans í vinnu og einkalífi. ***Haldið 9. mars***

Skipstjórn – vélstjórn

ARPA ratsjárnámskeið
Námskeiðið uppfyllir kröfur Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO) í töflum A-II/1 og II/2 í STCW-bálknum um þekkingu, skilning og færni í notkun ratsjár og ARPA.
Hefst 16. mars

Arpa ratsjárnámskeið
Endurnýjun. ***Hefst 18. mars***

ECDIS rafrænt sjókorta- og upplýsingakerfi
Notað er PL-10 kerfi frá Kongsberg. Gert er ráð fyrir að umsækjendur hafi lokið ARPA námskeiði. ***Hefst 10. mars***

Endurnýjun skipstjórnarréttinda
Ætlað skipstjórnarmönnum sem hafa ekki siglt í nokkurn tíma og vilja endurnýja skipstjórnarréttindin og kynna sér nýjungar í skipstjórn. ***Hefst 13. apríl***

Endurnýjun vélstjórnarréttinda
Ætlað vélstjórnarmönnum sem hafa ekki siglt í nokkurn tíma og vilja endurnýja vélstjórnaréttindin og kynna sér nýjungar í vélstjórn. ***Hefst 4. apríl***

GMDSS-ROC
Námskeið sem hentar þeim sem ætla að ná sér í 65 BT réttindi. Kennt skv. STCW staðli um GMDSS alþjóða neyðar- og öryggisfjarskiptakerfið. ***Hefst 28. febrúar***

Hásetafræðsla
Nemendur öðlast fræðslu og þjálfun til að uppfylla sett lágmarksskilyrði til útgáfu skírteinis til varðstöðu í brú á stoðsviði, sbr. staðal STCW-A, II/4. ***Hefst 9. mars***

Smáskipanámskeið
Áður 30rl réttindanám (pungapróf). Réttindin miðast við skip 12 m og styttri að skráningalengd. Kennt í staðarnámi eða fjarnámi. ***Hefst 7. mars***

Smáskipanámskeið – framhald Nýtt!
Framhaldsnámskeið fyrir þá sem vilja læra um veiðitækni, verklega sjóvinnu og útgerð smáskipa. ***Hefst 1. apríl***

Undirbúningur fyrir skemmtibátapróf
Kennd verða bókleg atriði til skemmtibátaprófs í siglingafræði, siglingareglum og stöðugleika. ***Hefst 9. apríl***

Vélgæslunámskeið – smáskipavélavörður
Námskeiðið veitir réttindi til að vera vélavörður á skipi með 750 kW vél og minni og 12 m og styttra að skráningarlengd.
Hefst 21. mars

Tölvur og upplýsingatækni

After Effects – vídeóeftirvinnsla Nýtt!
Grunnnámskeið. Farið yfir helstu hluta After Effects og hvernig kvikmyndabrellur eru gerðar. Þátttakendur vinna m.a. með „green-screen" efni. ***Hefst 16. mars***

Animation I Nýtt!
Grunnnámskeið í animation. Í lok námskeiðs verður gerð stutt „Stop Motion" mynd.
Hefst 16. mars

Animation II Nýtt!
Framhaldsnámskeið. Skilningur dýpkaður á hreyfilögmálum hreyfimyndagerðar og reglum animation gerð ítarlegri skil með hjálp Maya forritsins. ***Hefst 30. mars***

Final Cut Express klippiforrit
Grunnnámskeið í klippivinnu myndefnis fyrir byrjendur. Kennt er á Macintosh tölvur.
Hefst 5. mars

Microsoft Project
Á námskeiðinu verður kennt að beita forritinu á hagnýtan hátt á smærri og stærri verkefni. ***Hefst 2. mars***

Myndvinnsla með Adobe Camera Raw og Bridge CS5 Nýtt!
Áhersla lögð á skilvirka flokkun, skipulag og vinnslu mynda. ***Hefst 1. mars***

Revit þrívíddarforrit – framhald
Farið í notkun á Revit Architecture 2011 sem notað er til hlutbundinnar mannvirkjahönnunar. Ætlað tæknimenntuðu fólki sem vinnur á því sviði. ***Hefst 2. maí***

SketchUp þrívíddarforrit Nýtt!
Þrívíddarforrit frá Google sem hægt er að nálgast ókeypis á netinu. Hentar fyrir margvíslegar teikningar. ***Hefst 7. mars***

Stafræn ljósmyndun og myndvinnsla
Farið verður yfir grunnatriði myndatöku, samspil ljósops, hraða, ISO og áhrif þess á myndir. Einnig í eftirvinnslu og leiðréttingar í myndvinnsluforritum. ***Hefst 28. mars***

Teiknimyndagerð - Anime Studio Pro Nýtt!
Grunnnámskeið í 2d teiknimyndagerð. Þátttakendur búa til sína eigin persónu sem þeir hreyfa og talsetja. ***Hefst 30. mars***

Vefhönnun og vefumsjón Nýtt!
Námskeið sem hentar einstaklingum og litlum fyrirtækjum sem vilja vera með eigin vef. ***Hefst 2. mars***

Visual C#.NET Nýtt!
Námskeiðið er ætlað byrjendum og hugsað fyrir þá sem vilja kynna sér undirstöðuatriði forritunar. ***Hefst 9. mars***

Þrívíddarhönnun - teiknimyndir, tölvuleikir og tæknibrellur! Nýtt!
Grunnatriði hönnunar í 3ds Max viðmóti kennd. Einnig er farið í grundvallaratriði í hreyfimyndagerð og ljóssetningu.
Hefst 8. mars

Adobe Flash CS5 Nýtt!
Grunnnámskeið í þessu vinsæla forriti. Farið í helstu atriði forritsins og búnir til flottir gagnvirkir „bannerar". ***Hefst 4. apríl***

Flash leikjagerð Nýtt!
Grunnnámskeið í tölvuleikjagerð fyrir vefinn. Forritið Adobe Flash kynnt ásamt kóða og athugað hvaða atriði þarf að hafa í huga við gerð tölvuleikja. ***Hefst 13. apríl***

Netkerfisstjórnun Nýtt!
Hagnýtt dreifnám í netkerfisstjórnun á heimilum, í meðalstórum fyrirtækjum og netveitum. ***Hefst 18. mars***

AutoCAD 2011
Nemendur læra grunnskipanir AutoCAD 2011 með æfingum og kynnast undirstöðu tölvuteikningar í teiknikerfum. ***Hefst 16. maí***

Umhverfi og útivist

GPS staðsetningartæki
Farið yfir notkun á staðsetningartækjum og þátttakendur æfa sig í að finna punkta og setja inn í tækin og merkja út á korti.
Hefst 14. mars

Nánari upplýsingar um fleiri námskeið og skráning er á vefsíðu Tækniskólans **www.tskoli.is**, á **endurmenntun@tskoli.is** og í síma **514 9602**.

Tækniskólinn
skóli atvinnulífsins

KOSTAKJÖR Blöðrusali að störfum í einu af fátækustu hverfum Kabúl, höfuðborgar Afganistans, í gær. Ekki er vitað hvernig salan gekk, en blöðrurnar eru fallegar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

STEFÁN HAUKUR JÓHANNESSON Fjallar um aðildarviðræðurnar og hugsanlega ESB-aðild Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Stefán Haukur kynnir málið:

Formaður á ferð og flugi

EVRÓPUMÁL Formaður samninganefndar Íslands gagnvart ESB, Stefán Haukur Jóhannesson, fer víða þessa dagana að kynna aðildarferlið. Hann hóf vikulega fundaröð um þetta hjá Mími-símenntun fyrir skemmstu, eftir fund hans með fulltrúum skapandi greina, sem sagt var frá í blaðinu.

Nýlega hélt hann til fundar í Menntaskólanum á Akureyri, mætti á aðalfund Félags eyfirskra kúabænda og til atvinnumálanefndar Dalvíkur. Tilgangurinn er að upplýsa fólk um ESB-samningaferlið og verkefnin fram undan, að því er segir í skeyti frá utanríkisráðuneyti. - kóþ

Eimskip gagnrýnir vinnubrögð norsku lögreglunnar

Lögð verður fram opinber kvörtun vegna framgöngu norsku lögreglunnar eftir strand Goðafoss. Hafnsögumaður fór frá borði löngu áður en skipið var komið út fyrir skerjagarðinn. Andstætt vinnureglum.

SIGLINGAMÁL Forsvarsmenn Eimskips gagnrýna að norska lögreglan skuli gefa upplýsingar úr skýrslutöku af skipstjóranum á Goðafossi áður en sjópróf hafa farið fram. Norski hafnsögumaðurinn yfirgaf skipið þremur sjómílum frá þeim punkti sem hefðbundið er að skipum sé fylgt út fyrir skerjagarðinn, eða þar sem hann kemur um borð við komu flutningaskipa til Fredrikstad.

„Ef lóðsinn hefði fylgt skipinu alla leið, eins og hefðbundið er, hefði þetta slys ekki orðið," sagði Gylfi Sigfússon, forstjóri Eimskips, á blaðamannafundi félagsins vegna strands flutningaskipsins Goðafoss í Oslóarfirði að kvöldi föstudags.

GYLFI SIGFÚSSON

Eimskip vill ekki gefa út yfirlýsingu um orsakir slyssins fyrr en rannsókn lýkur en í máli Gylfa kom fram að ljóst væri að slysið yrði „ekki rakið til eins aðila heldur keðjuverkandi atriða sem norsk yfirvöld rannsaka nú samhengið á milli".

Á fundinum kom fram að forsvarsmenn Eimskips furðuðu sig á því að lögregla skyldi gefa upp viðkvæmar upplýsingar sem skipstjórinn hefði gefið við skýrslutökuna. Komið hefur fram að skipstjórinn á Goðafossi viðurkenndi mistök sín í skýrslutökunni. Eimskip hefur ráðið norskan lögmann sér til aðstoðar vegna slyssins, en hann er sérfræðingur í sjóslysamálum og umhverfisslysum.

Engin olía lekur úr skipinu og mengun á strandstað, sem er þjóðgarður, er minni en óttast var í fyrstu. Unnið er að hreinsun olíunnar með öllum tiltækum búnaði. Nokkuð hefur verið aflífað af fugli sem hefur lent í olíu.

Goðafoss liggur fastur á um fimmtíu metra löngum kafla fyrir miðju skipi. Hann liggur á flötum kletti og er stöðugur. Fjórir olíutankar skipsins eru skemmdir, en þar af var olía í þremur. Ekki liggja fyrir upplýsingar um það hvort löng rifa er eftir botni skipsins eða hvort mörg göt hafa komið á skrokkinn þegar strandið varð.

Á morgun verður Goðafossi fleytt af slysstað þegar búið er að létta hann með því að taka hluta af farminum frá borði. Þá verður skipið sett á öruggan stað við strandstaðinn þar sem dýpi er nægjanlegt og kafarar meta skemmdir. Ástand skipsins ræður því hvert það verður dregið en nokkrar hafnir, í sjötíu til 200 sjómílna fjarlægð, koma til greina.

svavar@frettabladid.is

Á STRANDSTAÐ Verið er að afferma Goðafoss áður en hann verður dreginn af strandstaðnum í Oslóarfirði. Þegar því er lokið er fyrst hægt að meta skemmdir og ákveða hvert hann verður dreginn til viðgerða.

MYND/EIMSKIP

Strand Goðafoss

- Goðafoss strandaði á fimmtudagskvöld á leið frá Fredrikstad.
- Fjórtán Íslendingar eru í áhöfn, og eru enn um borð.
- Þetta er fyrsta stórslysið sem Eimskip lendir í með gámaskip við Noregsstrendur.
- 435 gámar voru um borð; 188 voru tómir.
- Farmurinn var 3.459 tonn og létta þarf skipið um 1.200 til 1.500 tonn áður en það verður dregið af slysstað.
- Skipið liggur fast á 50 metra kafla fyrir miðju skipsins. Fram- og afturendi eru á floti.
- Rúmlega 800 tonn af olíu voru um borð. Hundrað rúmmetrar olíu hafa verið hreinsaðir upp en það eru í kringum 100 tonn.
- Fjórir tankar eru skemmdir; olía var í þremur þeirra. Hver tankur tekur um 250 tonn.
- Í gærkvöldi kom gámaskipið Kristin D að skipshlið til að auðvelda losun gáma og flýta aðgerðum.
- Þrjár olíugirðingar varna olíuleka, taki hann sig upp aftur.
- Fleyta á skipinu af strandstað á morgun með aðstoð dráttarbáta.
- Olíubrák sem sést á myndum frá slysstað er eðlislétt og brennd til að hita þungolíu.
- Ekki er um stóra flekki þungolíu að ræða í sjónum.

Reglubundinn sparnaður

Ein besta leiðin til að spara er með reglubundnum sparnaði. Þú setur þér skýr markmið og ákveður hve háa upphæð þú vilt spara mánaðarlega. **Byrjaðu að spara strax í dag.**

Þingsályktunartillaga um styttingu þjóðvegarins:

Vilja stytta hringveginn

ALÞINGI Sjö þingmenn hafa lagt fram þingsályktunartillögu um styttingu hringvegarins. Sigmundur Ernir Rúnarsson þingmaður er fyrsti flutningsmaður hennar. Gert er ráð fyrir lagningu nýs vegar á svonefndri Svínavatnsleið. Þannig má stytta hringveginn um 14 kílómetra og eins og fram kemur í tillögunni er þessi samgönguframkvæmd ein sú arðsamasta sem völ er á.

Kostnaður við lagningu vegarins er talinn vera um tveir milljarðar króna og fjármögnun færi fram með veggjaldi. Sveitarstjórnarmenn í Austur-Húnavatnssýslu hafa lagst gegn lagningu vegar á Svínavatnsleið. Nýlega höfnuðu sveitarstjórnir Blönduósbæjar og Húnavatnshrepps vegagerð á þessu svæði í aðalskipulagi sveitarfélaganna sem gildir til 2030.

Í þingsályktunartillögunni segir: „Landsbyggðarfólk segir réttilega að það sé ekki einkamál Reykvíkinga hvar flugvöllur fyrir innanlandsflug sé. Sömu rök gilda um Svínavatnsleið að breyttu breytanda, það er ekki einkamál íbúa landsbyggðarinnar hvort hringvegurinn skuli hafður 14 kílómetrum lengri en hann þarf að vera.“ **- áe**

Auglýst eftir þremur dómurum við Hæstarétt:

Ítarlegar upplýsingar fylgi umsóknunum

STJÓRNSÝSLA Innanríkisráðuneytið hefur auglýst þrjú embætti hæstaréttardómara laus til umsóknar.

Er til þeirra stofnað vegna aukins álags á réttinn. Eiga hæstaréttardómarar nýjum lögum samkvæmt að vera tólf næstu ár. Frá 2013 verður ekki skipað í þrjár stöður sem losna upp frá því, þar til dómarar verða aftur orðnir níu.

Í auglýsingunni er í ellefu liðum fjallað um hvaða upplýsingum umsækjendum ber að veita um sjálfa sig. Meðal þess eru upplýsingar um menntun og reynslu, almenna og sérstaka starfshæfni, andlegt atgervi og sjálfstæði í vinnubrögðum. Þá er beðið um upplýsingar um þrjá fyrrverandi samstarfsmenn sem geta veitt dómnefnd upplýsingar um störf og samstarfshæfni umsækjanda.

Með umsókn eiga að fylgja, eftir því sem við á, afrit af skriflegum verkum umsækjanda síðasta ár, hvort heldur er dómar, stefnur eða úrskurðir unnir fyrir stjórnvöld.

HÆSTIRÉTTUR ÍSLANDS Þrjú embætti hæstaréttardómara hafa verið auglýst laus til umsóknar.

Sömuleiðis er óskað eftir afritum af fræðiritum og tímaritsgreinum.

Ekki hefur áður verið krafist jafn ítarlegra upplýsinga í auglýsingum um dómarastarf.

Dómnefnd mun meta hæfni umsækjenda og hverja hún telur hæfasta. Formaður hennar er Páll Hreinsson hæstaréttardómari en aðrir nefndarmenn eru Stefán Már Stefánsson, Guðrún Agnarsdóttir, Allan Vagn Magnússon og Brynjar Níelsson. **- bþs**

Barcelona

5.-9. maí.

Frá aðeins 109.000 kr.
á fjögurra stjörnu hóteli í 4 nætur

Heimsferðir, í samstarfi við Valitor, bjóða VISA korthöfum ferð til Barcelona á frábæru tilboðsverði. Um mjög takmarkaðan fjölda flugsæta er að ræða og gistirými er einnig takmarkað. Beint flug með Icelandair báðar leiðir. Sértilboðið er til handhafa VISA korthafa og er bundið við að greitt sé með viðkomandi korti.

Frá kr. 109.900
Hotel Ayre Gran Via ★★★★
Netverð á mann í tvíbýli, 5.-9. maí.

Ferðaskrifstofa
Heimsferðir

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Fax 595 1001 Akureyri sími: 461 1099 • www.heimsferdir.is

„Ég held að maður verði bara að byrja einhvers staðar, byrja á þúsundkallinum.“

Fyrir hverju á ég að spara?

1 Greiða niður skuldir	2 Varasjóður	3 Langtíma-sparnaður	4 Lífeyris-sparnaður
Ein leið til sparnaðar er að greiða niður skammtímaskuldir. Slík niðurgreiðsla getur verið skynsamlegasta skrefið í fjármálum heimilisins.	Góður varasjóður getur komið í veg fyrir að óvænt eða mikil útgjöld; viðgerðir og viðhald, heimilistæki eða sumarfrí fjölskyldunnar, setji fjárhaginn úr skorðum.	Með langtímasparnaði byggir þú upp sjóð með það fyrir augum að eiga fyrir breytingum á heimilinu, myndarlegri greiðslu inn á íbúða- eða bílakaup eða safna fyrir framtíð barnanna.	Með lífeyrissparnaði getur þú byggt upp langtímasparnað sem veitir þér meiri möguleika á auknum ráðstöfunartekjum og sveigjanlegum starfslokum.

Byrjaðu að spara strax í dag. Komdu við í næsta útibúi, hringdu í 410 4000 eða stofnaðu til reglubundins sparnaðar í Einkabankanum á landsbankinn.is.

Landsbankinn landsbankinn.is 410 4000

JÓNSSON & LE'MACKS • JL.IS • SÍA NBI HF. (LANDSBANKINN), KT. 471008-0280

skoðun

greinar@frettabladid.is

Karlar láta í sér heyra í jafnréttisumræðunni.

Eiginhagsmuna-seggurinn 2011

Um síðustu helgi var smiðshöggið rekið á átakið Öðlinginn 2011, sem fólst í því að 31 karlmaður skrifaði pistla um jafnréttismál, sem birtust allir á Vísi.is og sumir í Fréttablaðinu. Þórdís Elva Þorvaldsdóttir rithöfundur átti frumkvæðið að átakinu, sem hófst á bóndadaginn og lauk á konudaginn.

Það er umtalsverð breyting fólgin í því að fólk geti lesið svo margar greinar um jafnréttismál eftir karla, því að illu heilli hafa þeir lítið látið til sín taka í umræðum um jafnréttismál, allt-ént miklu minna en konurnar. En jafnréttisbaráttunni er oft stillt upp sem kvennabaráttu eða einhvers konar átökum milli karla og kvenna og fyrir vikið finnst mörgum körlum hún ekki vera þeirra barátta. Eins og verður svo skýrt af lestri greina „öðlinganna“ er jafnréttisbaráttan samvinnuverkefni; barátta hugsandi fólks af báðum kynjum gegn úreltum viðhorfum, fordómum og fáfræði.

SKOÐUN

Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Heiti öðlingsátaksins er sótt í viðtal við Guðrúnu Jónsdóttur, starfskonu Stígamóta, sem sagði þar að það þyrfti „ná í og rækta öðlinginn … í körlum, því hann er þarna“. Svarið við ofbeldi væri virðing og ást.

Þannig nálgast margir karlar stuðning sinn við jafnréttisbaráttuna, en það eru líka til fullkomlega eigingjarnar ástæður fyrir því að vera jafnréttissinni. Karlar rétt eins og konur hljóta að geta litið svo á að það sé þeirra hagur og fjölskyldu þeirra að jafnrétti ríki.

Hver einasti karl sem á dóttur – eða eiginkonu, systur, móður, frænku eða vinkonu – sem honum þykir vænt um hlýtur til dæmis að fyllast nánast heilagri reiði yfir því óréttlæti sem konur eru enn beittar í samfélagi okkar og vilja uppræta það sem allra fyrst. Kynferðisofbeldi og annað kynbundið ofbeldi, glerþakið í fyrirtækjum og stofnunum og launamunur sem ekki verður útskýrður með öðru en kynferði fólks fellur þar undir.

Karlar sem eiga og stjórna fyrirtækjum hljóta að vera hugsi yfir þeirri vondu nýtingu á mannauðnum sem það hefur í för með sér að velja fremur karla til ábyrgðar- og stjórnunarstarfa en konur, ekki sízt nú þegar konur eru að sigla fram úr körlum hvað varðar menntun og aðrar hæfniskröfur. Ótal rannsóknir sýna fram á að þeir sem hafa fjölbreyttan hóp við stjórn græða meiri peninga en hinir. Þær niðurstöður ættu að geta breytt talsvert mörgum körlum í jafnréttissinna, ef þeir gefa sér tíma til að skoða þær.

Þá er ótalinn sá tilfinningalegi hagnaður sem margir karlar hafa innleyst með því að axla ábyrgð á heimili og börnum til jafns við konur sínar. Þeir uppskera ánægjulegri sambúð og minnka til muna líkurnar á að verða gamlir, bitrir menn sem sjá eftir að hafa ekki gefið fjölskyldu sinni meiri tíma. En um leið rýma þeir til fyrir konunum á vinnumarkaðnum, þar sem hæfileika þeirra og starfskrafta er þörf.

Öðlingsskapur, ást og virðing, umhyggja fyrir hag allra manna af báðum kynjum, allt getur þetta gert karla að jafnréttissinnum – og líka hreinræktaðir eiginhagsmunir.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRI: Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

Samfylkingarfélagið í Reykjavík

AÐALFUNDUR

Aðalfundur Samfylkingarfélagsins í Reykjavík árið 2011 verður haldinn miðvikudaginn **16. mars kl. 20 á Hallveigarstíg 1**.

Dagskrá: Venjuleg aðalfundarstörf.
Á eftir aðalfundarstörfum verða umræður um stjórnmálaástandið.

Nánar á **www.sffr.is**

Stjórnin

SfFR

FRÁ DEGI TIL DAGS

Ruglið um Buchheit

Stjórnarandstæðingar hafa reglulega fullyrt síðustu vikur og mánuði að samningamaðurinn Lee Buccheit hafi í upphafi talað gegn því að samningaleiðin yrði farin í Icesave-deilunni. Formaður Framsóknarflokksins hefur verið manna duglegastur við þetta. Líklega sljákkaði í flestum þegar Buchheit sjálfur sagði í samtali við Fréttablaðið um helgina að það væri ekkert hæft í þessu. Hann hefði aldrei mælt með því að við létum reyna á skyldur okkar fyrir dómstólum. Þvert á móti væri langskynsamlegast að staðfesta samninginn sem fyrir lægi.

Síendurtekið

Þetta virðist hafa farið framhjá fulltrúa Hreyfingarinnar í fjárlaganefnd, Þór Saari. Hann segir í Fréttablaðinu í gær að „frá fyrsta stigi málsins“ hafi Buchheit sagt „að Íslendingur ættu ekki að borga þetta og þeir ættu bara ekkert að gera í málinu“. Hversu oft ætli Buchheit þurfi að hafna þessu til að sannleikurinn síist inn?

Leynd yfir engu

Forseti Íslands lék við hvurn sinn fingur á Bessastöðum á sunnudag. Hann bjó til hugtök (hinn löggjafinn) og baunaði á fréttamenn, en skemmtilegast af öllu var þegar hann neitaði að upplýsa um í hversu marga hann hefði hringt til að kanna gildi undirskriftalista Halls Hallssonar og félaga. Forsetinn vinnur fyrir almenning. Þegar um er spurt ber honum að veita upplýsingar um nákvæmlega í hversu marga var hringt, hver eða hverjir gerðu það, hvernig var spurt og hvað það kostaði – ef nokkuð. Flóknara er það ekki.

stigur@frettabladid.is

HALLDÓR

Hrós úr óvæntri átt

Efnahagur Íslands

Helgi Áss Grétarsson
sérfræðingur við Lagastofnun Háskóla Ísland

Hinn 15. febrúar sl. birtist hér í blaðinu grein eftir hagfræðiprófessor við Háskóla Íslands sem kunnur er fyrir annað en að tala hlýlega um íslenska aflamarkskerfið í sjávarútvegi. Það vakti athygli mína að hann sagði m.a. eftirfarandi: „… að fátt bendi til annars en að hreinn hagnaður veiða og vinnslu verði áfram mældur í milljarðatugum næsta áratuginn eða svo“.

Ánægjulegt er hversu prófessorinn er bjartsýnn fyrir hönd íslensks sjávarútvegs en örðugt er að vita á hvaða grundvelli þessi spádómur er reistur. Byggir hann á því að aflamarkskerfið verði áfram í lítt breyttri mynd eða að stjórnvöld taki til sín ákveðið hlutfall aflaheimilda á hverju ári og selji hæstbjóðanda? Sé ályktun hans reist á síðari leiðinni væri athyglisvert að fá útlistað hvar í heiminum allar aflaheimildir séu seldar á uppboði og hvaða árangri slíkar uppboðsleiðir hafi skilað við stjórn fiskveiða.

Í þessu samhengi er ekki úr vegi að rifja upp stöðu íslensks sjávarútvegs fyrir daga aflamarkskerfis með einstaklingsbundnum og framseljanlegum aflaheimildum en það kerfi kom til framkvæmda 1. janúar 1991. Fyrir daga kerfisins var ógjarnan veitt verulega umfram ráðgjöf fiskifræðinga og sjávarútvegurinn var oft rekinn með halla (á síðara atriðið er t.d. bent í skýrslu svokallaðrar endurskoðunarnefndar frá árinu 2001, bls. 21).

Jafnframt blés ekki byrlega fyrir íslenskan sjávarútveg á fyrstu árum tíunda áratugar síðustu aldar. Sem dæmi var í ársbyrjun 1992 talið að fiskvinnslan hefði búið yfir 8% halla en útgerð við 2% hagnað, sbr. t.d. Alþingistíðindi 1993-1994, A-deild, bls. 1595. Samkvæmt sömu heimild var áætlað að heildarskuldir sjávarútvegsins næmu 95 milljörðum króna.

Þegar litið er til þessarar upprifjunar má segja að það hafi vissa kosti að skapa engan arð af nýtingu fiskveiðiauðlindarinnar því þá þarf ekki að deila um skiptingu hans.

Sé markmiðið hins vegar að skapa þjóðhagslegan arð með skipulagi fiskveiða í atvinnuskyni þarf að skapa umgjörð sem stuðlar að slíku. Ein leið við að ná þessu markmiði er að skilgreina aflaheimildir einstakra atvinnurekenda með skýrum hætti og gera þær framseljanlegar. Reynslan af þessu fyrirkomulagi á Íslandi bendir til þess að hagkvæmni í sjávarútvegi hafi aukist og er það í reynd viðurkennt í fyrrnefndri blaðagrein hagfræðiprófessorsins.

Telja verður það hrós úr óvæntri átt.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
HELGAREFNI: Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
ÍÞRÓTTIR: Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

Áhyggjur af trúboði í skólum

Skólar og kirkja

Svanur Sigurbjörnsson
stjórnarmaður í Siðmennt

Þann 3. feb. skrifar Árni Gunnarsson í Fréttablaðið og lýsir áhyggjum sínum yfir því að ef tillaga mannréttindaráðs Reykjavíkur verði samþykkt fái prestar Þjóðkirkjunnar ekki að heimsækja grunnskóla og ræða þar kristin gildi við nemendur. Hann nefnir að ástæðan sé „mismunun í kynningu á trúarbrögðum“, þar sem kynningin gæti orðið flókin með 33 trúfélögum, en málið varðar ekki flækjur vegna fjölda trúfélaga heldur fyrst og fremst eðli málsins.

Markmiðið er að koma í veg fyrir mismunun með því að hafa iðkun og boðun trúarbragða og lífsskoðana utan skólanna, en viðhalda góðri fagmennsku og fræðslu sem kennararnir sjá um sjálfir. Þetta er hin hlutlausa (án merkimiða) stefna sem allt starf á vegum ríkisins á að byggja á til þess að engum finnist að á sig halli sakir lífsskoðana sinna, hvort sem þær eru byggðar á trú eður ei. Slíkt fyrirkomulag (secular society) er það sem Sameinuðu þjóðirnar styðja og innifela í mannréttindasamþykktum sínum. Hlutlaus skóli er ekki þurrausinn gildum því að kennarar halda áfram að sýna gott fordæmi og kenna í anda þeirra góðu gilda sem hinn móralski tíðarandi þjóðarinnar heldur í heiðri hverju sinni og getið er um í lögum og Aðalnámsskrá.

Árni segir það „vera ómögulegt að koma auga á hættuna, [af] því, að prestar, ... fræði skólabörn um kristna trú“. Það er hins vegar fleira en það sem er beinlínis hættulegt sem er ekki við hæfi að fari fram í skólum. Það er t.d. ekki öllum að skapi að boðuð sé trú á upprisu eða kraftaverk, þó að ekki sé það með beinum hætti skaðlegt. Árni sagðist hafa farið „sjálfviljugur“ í KFUM og börn munu geta það áfram. Það kemur skólanum ekkert við. Árni spyr svo af hverju siðrænir húmanistar berjist ekki frekar gegn innrætingu ofbeldis í þjóðfélaginu. Það er verðugt mál, en kemur málinu ekkert við. Hið sama má segja um hvort að „Jesús Kristur hafi verið húmanisti“. Siðrænir húmanistar vilja ekki vera með boðun í skólum og því gildir einu hvort að prestar kynni til sögunnar eitthvað húmaníska persónu. Það er kennaranna að upplýsa börnin um trúarbrögð og lífsskoðanir frá sjónarhóli hins upplýsta skoðanda samkvæmt bestu hlutlægum upplýsingum sem liggja fyrir í faginu hverju sinni.

Getum við ekki verið sammála um það?

Árni og fleiri hafa sótt í að blanda þjóðsöngnum í þetta. Umræða um hann er annað mál þó að líkt og með grunnskóla ætti hann ekki að vera merktur einni lífsskoðun. Hann verður áfram sunginn í skólum og annars staðar, en hvort að lofgjörðarsöngur til guðs kristinna sé heppilegur sem þjóðsöngur fyrir alla er spurning sem vert er að skoða við annað tækifæri. Ísland er land mitt – eins og allra annarra.

Á mannamáli

Sjávarútvegur

Jón Gunnar Björgvinsson
formaður Samtaka íslenskra fiskimanna

Oft er það svo þegar sjávarútvegsmálin ber á góma að fólk missir óðar athyglina. Hugtökin eru mörg og ruglingsleg, margt gert til þess að flækja málin og iðulega láta þeir sem hæst hafa í það skína að þessi umræða sé einungis fyrir sérfróða. En því er ekki þannig farið. Málið snýst um örfá afar einföld atriði. Hér ætla ég í örstuttu og skiljanlegu máli að gera grein fyrir muninum á þeim tveim leiðum sem helst eru ræddar um hvernig úthluta eigi veiðiheimildum.

Ekki er við því að búast að hver sem er geri sér grein fyrir hvort einhver munur sé á tilboðsleið og samningaleið og hver hann þá sé. Tilboðsleiðin gerir ráð fyrir því að 5-8% aflaheimilda séu boðin upp árlega. Til einföldunar ætla ég að ganga út frá því að 5% kvótans verði innkölluð árlega í 20 ár. Ef útgerð hefur ekki bolmagn til þess að tryggja sér heimildir eitt árið verður samdrátturinn því aldrei meiri en 5%. Þá gefst gott ráðrúm til þess að hagræða í rekstri og ná sér í heimildir annað hvort á markaði innan ársins eða þá ári síðar þegar önnur 5% verða í boði. Með þessari aðferð er tryggt að útgerðarmaður standi ekki uppi einn daginn án allra sinna heimilda. Með þessum hætti er þess gætt að verðið fyrir heimildir verði aldrei of hátt né of lágt. Það tryggir þjóðinni rétt verð fyrir auðlindina og útvegsmönnum öruggt aðgengi að heimildum, án þess að mismuna þegnum landsins. Hún tryggir jafnan rétt fyrir lögum.

Samningaleiðin er að vísu nær alveg óútfærð en gerir ráð fyrir því að núverandi handhafar kvótans fái að halda honum um ókomna tíð. Þeir fái skriflegan langtímasamning með endurnýjunarákvæði í stað úthlutunar til eins árs í senn svo sem nú er. Þá verður ríkið að semja við útgerðina um gjald fyrir heimildirnar, ekki verður möguleiki á að leigja þær öðrum sem meira vilja greiða. Útgerðin mun því sjá til þess að hún greiði ætíð lágmarksgjald fyrir aðganginn að auðlindinni.

Verði samningstíminn t.d. 15 ár er hætt við því að þegar dregur að lokum samningstímans verði rekstri fyrirtækjanna þannig háttað að lítið verði aflögu til að borga fyrir heimildirnar þegar kemur að endurnýjun samninga. Ríkið mun þurfa að semja við fámennan hóp um greiðslu á nær öllum aflaheimildum okkar í einu. Útilokað er að fá rétt verð við þær kringumstæður. Þetta býður upp á mikla hættu fyrir þjóðina og jafnframt útgerðina. Með þessari aðferð eru raunverulegar líkur á því að útgerð sem er vel sett í aflaheimildum missi þær frá sér í einu vetfangi við lok samningstímans. Þannig gæti enn eitt sjávarplássið tapað atvinnurétti sínum í einni hendingu. Með samningaleið verður jafnræðisákvæði stjórnarskrárinnar vart anlega vikið til hliðar til að hygla fámennum hópi sem sölsað hefur undir sig verðmætustu auðlind þjóðarinnar.

LÍÚ og fleiri halda því fram að tilboðsleiðin reki flest öll sjávarútvegsfyrirtæki í gjaldþrot á örfáum árum. Það er merkileg staðhæfing. Tökum sem dæmi tvö fyrirtæki, eitt nýstofnað og annað sem fyrir er í greininni. Til einföldunar skulum við gera ráð fyrir að greiðsla fyrir aflaheimildir verði 20% af aflaverðmæti. Þá mun nýja fyrirtækið þurfa frá fyrsta degi að borga 20% af aflaverðmæti fyrir heimildirnar á sama tíma og sá sem fyrir er þarf fyrsta árið aðeins að greiða 20% af þeim 5% sem hann missir. Það gerir aðeins 1%. Annað árið þarf sá sem fyrir er því aðeins að greiða 2% o.s.frv. þar til að 20 árum liðnum að fyrirtækin standa jafnfætis. Þoli þeir sem fyrir eru í greininni ekki þessa leið er full ástæða að spyrja hvort aflaheimildirnar séu í réttum höndum í dag.

Upplýsingafundur um stöðu menntunar í flutningagreinum 25. febrúar 2011

Staða og framtíð náms í flutninga-greinum

Starfsgreinaráð samgöngu-, farartækja- og flutningsgreina á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytis boðar til upplýsingafundar um stöðu menntunar í flutningagreinum. Fundurinn verður haldinn föstudaginn 25. febrúar 2011, kl 08.30 – 11.00 í Húsi atvinnulífsins Borgartúni 35, í fundarsal á 6. hæð.

Meginmarkmið þessa fundar er að vekja áhuga á námi í flutningagreininni innan formlega skólakerfisins hér á landi. Framsögumenn munu kynna hvernig staðan er í dag og varpa ljósi á mikilvægi þessarar faggreinar til framtíðar á Íslandi.

Dagskrá:

08.30 – 08.40 **Morgunkaffi**

08.40 – 08.50 **Setning**
Andrés Magnússon framkvæmdastjóri Samtaka verslunar- og þjónustu

08.50 – 09.10 **„Frá Brasilíu til Búðardals“**
Auður Þórhallsdóttir fulltrúi SA í starfsgreinaráði samgöngu-, farartækja- og flutningsgreina

09.10.– 09.30 **Hvað þarf til að verða forstjóri flutningafyrirtækis?**
Emil B. Karlsson forstöðumaður Rannsóknaseturs verslunarinnar

09.30 – 09.50 **Hvaða möguleikar eru í stöðunni?**
Jón B. Stefánsson skólameistari Tækniskólans

09.50 – 10.10 **Diplómanám í flutningafræðum við Opna háskólann í HR**
Kristján M. Ólafsson hagverkfræðingur, rekstrarráðgjafi hjá Netspor og stundakennari við HR

10.10 – 10.30 **Ísland í lykilhlutverki í samgönguneti framtíðar**
Húni Heiðar Hallsson lögfræðingur og heimskautaréttarfræðingur

10.30 – 11.00 **Umræður**

Fundarstjóri er Ólafur Finnbogason fulltrúi SA í starfsgreinaráði samgöngu-, farartækja- og flutningsgreina

Fundurinn er opinn og þátttakendum að kostnaðarlausu. Kaffi og meðlæti.
Skráning er á edda@idan.is eða lisbet@svth.is fyrir 24. febrúar n.k.

PÓSTURINN

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

Fitulítil og próteinrík...

... og passar með öllu

www.ms.is

Bráðnauðsynlegar breytingar á náttúruverndarlögum

Náttúruvernd

Snorri Baldursson
líffræðingur og áhugamaður um ný náttúruverndarlög

Drög að frumvarpi til laga um breytingar á náttúruverndarlögum hafa valdið uppnámi meðal talsmanna skógræktar. Þeir hafa skorað á skógræktarfólk að mótmæla meintri aðför að ræktunarfrelsi og telja að boðaðar breytingar á lögunum, nái þær fram að ganga, muni íþyngja framkvæmd alls skógræktarstarfs í landinu og skaða það til frambúðar.

Þótt ég sé efins um að þetta sé rétt mat hjá talsmönnunum þá vildi ég óska að svo væri. Það er ekki vegna þess að ég sé á móti trjá- og skógrækt heldur vegna þess að skógræktarstarf Íslendinga er löngu gengið út í öfgar. Kappið er svo mikið og forsjárlítið að stefnir í umhverfisslys af sambærilegri stærðargráðu og jarðvegseyðingin var áður fyrr. Í skógræktinni ægir saman ósamstæðum markmiðum, tegundum og aðferðum í einum allsherjar hrærigraut sem kallaður er „blandskógur“ og á sér enga fyrirmynd í gervöllu ræktunarstarfi jarðarbúa.

Í blandskógum landsins vaxa saman íslensk ilmbjörk, sitkagreni, ösp og stafafura frá Alaska, síberískt lerki, blágreni frá norðvesturhluta Bandaríkjanna, bergfura frá Pýreneafjöllunum og rauðgreni frá Noregi svo eitthvað sé nefnt. Þótt birki sé upphaflega drjúgur hluti af þessu hanastéli skógræktarinnar lætur það í minni pokann eftir nokkra áratugi þegar hinar stórvöxnu tegundir vaxa því yfir höfuð. Eftir situr meira eða minna sígrænn skógur, mjög víða afkáralegur, tilgangslaus og utanveltu í íslenskum úthaga og landslagi.

Hundruðum milljóna af ríkisfé er varið til að breyta ásýnd og náttúru landsins á þennan hátt. Á krepputímum fara yfir 700 milljónir af ríkisfé í þetta sérkennilega verkefni. Af hverju er ekki frekar reynt að liðka fyrir friðun lands svo að birkiskógurinn vaxi aftur, algerlega hjálparlaust, eins og hann er að gera hvar sem land fær að vera í friði fyrir búfé í nokkur ár? Á Skeiðarársandi er að vaxa upp fleiri hundruð hektara skógur af fræi sem fokið hefur úr Skaftafellsheiðinni. Sá skógur kostar okkur skattborgara ekki krónu, hann er náttúrulegur, fellur að landinu og er unun á að horfa.

Svona getum við leyft birkiskóginum að endurnýja sjálfan sig um allt land. Þannig getum við sparað nokkur hundruð milljónir, endurheimt forn landgæði og stuðlað að náttúruvernd. Það er líka hægt að nota milljónirnar til að styrkja félög og landeigendur sem vilja koma upp birkilundum til að flýta þessari sjálfgræðslu, höggva niður barrtré í úthaga þar sem þau eru lýti í landslagi eða moka ofan í framræsluskurði sem víða eru til óþurftar.

Þeir sem áhuga hafa á ræktun stórviða sér til skemmtunar eða nytja eftir hundrað til tvö hundruð ár geta gert það áfram fyrir eigin kostnað á afmörkuðum ræktarlöndum sem skipulögð eru til slíkra hluta. Ég er varla einn um að finnast það algerleg galin langtímafjárfesting hjá þjóð að umturna náttúru eigin lands fyrir mögulegan arð af timbursölu eftir hundrað ár.

Hvaða leyfi höfum við til að umbylta náttúrunni sem þjóðinni var gefin í vöggugjöf og spjarar sig afar vel þegar ofbeit léttir loksins og loftslag hlýnar eftir kuldaskeið litlu ísaldar? Hvaða umboð hafa talsmenn skógræktar til að hvetja til uppreisnar gegn ofur eðlilegum leikreglum svo náttúran biði ekki stórtjón af ræktunargleðinni? Væri ekki nær að hvetja skógræktarfólk til að vinna með umhverfisyfirvöldum og náttúrunni í því að endurheimta birkiskóginn forna og önnur gróðurlendi sem tapast hafa? Þá yrðum við samherjar, ég og talsmennirnir.

Mörk menningarstofnana

Myndlist

Margrét Elísabet Ólafsdóttir
myndlistargagnrýnandi

Ólafur Gíslason skrifar í Fréttablaðið þann 25. janúar að ég hafi borið alvarlegar ásakanir á hendur Guðrúnu Kristjánsdóttur myndlistarkonu og sýningarstjóra í Hallgrímskirkju. Þessar ásakanir les Ólafur út úr pistli sem ég flutti í þættinum Víðsjá á RÚV þann 12. janúar. Þar fjallaði ég um myndlistargjörning þar sem komið var inn á mál tveggja sýninga sem hætt var við að setja upp í Listasafni Árnesinga og anddyri Hallgrímskirkju. Fram að svari Ólafs hafði enginn séð sér fært að bregðast við opinberum ásökunum Hannesar Lárussonar um að þessar stofnanirnir hefðu ritskoðað sýningar hans. Það er alvarlegt að ásaka aðra um ritskoðun jafnvel þótt hún sé „aðeins“ á sviði myndlistar, en þegar slíkar ásakanir eru einu sinni komnar á kreik í fjölmiðlum er hægt að ætlast til þess að málinu sé fylgt eftir.

Í pistlinum minntist ég á þögnina sem ríkt hefur um ásakanirnar og vildi með því benda á að bæði fjölmiðlar og myndlistarheimurinn virtust ófær um að taka þær til málefnalegrar umfjöllunar. Það virðist litið svo á að hvorki söfnuðurinn í Hallgrímskirkju né íbúar Árnessýslu eigi rétt á að skilja hvað gerðist. Íslenskur myndlistarheimur kvartar gjarnan undan áhugaleysi almennings, en spyr ekki hvernig almenningur á að fá áhuga á einhverju sem er honum lokað. Ólafur Gíslason hefur með grein sinni varpað ljósi á að í Hallgrímskirkju hafi komið upp samstarfsörðugleikar þar sem skoðanir myndlistarmannsins og skipuleggjanda sýningarinnar fóru ekki saman. Samstarfsörðugleikar geta alltaf komið upp og fyrir þeim geta legið margvíslegar ástæður. Í þessu tilfelli eru myndlistarmenn minntir á að þeir eru ekki eyland í sínum störfum. Þeir þurfa að vinna innan ramma stofnana sem sýna verk þeirra og í samstarfi við sýningarstjóra og forstöðumenn. Vilji listamaðurinn ögra stofnuninni þarf hann að vinna hana á sitt band. Takist það ekki er stofnuninni í lófa lagið að koma í veg fyrir að hann fái að sýna.

Í lokaorðum pistilsins á RÚV segir að aflýsing áðurnefndra sýninga varpi ljósi á þá staðreynd að menningarstofnanir þoli ekki að hvað sem er sé sagt í þeirra nafni. Hér er fast að orði kveðið en Ólafur staðfestir þetta. Ég tel að við hljótum að geta horfst í augu við að samfélag hvers tíma á sér mörk sem eftir á að hyggja geta virst óskiljanleg, en eru engu að síður til staðar. Þessi mörk eru ekki algild og fara eftir samhenginu en í tilfelli umræddra sýninga ákváðu forstöðumaður Listasafns Árnesinga og sýningarstjórinn í Hallgrímskirkju að virða ákveðin siðferðileg mörk og taka um leið fagurfræðilega afstöðu. Það er erfitt að tala um það sem maður hefur ekki séð en kjarni málsins í grein Ólafs er sá að Hannes neitaði að taka mörkin til greina. Hann reyndist hvorki sveigjanlegur né fær um að standa fyrir máli sínu með nægilega sannfærandi hætti til að þeir sem báru endanlega ábyrgð væru tilbúnir til að standa með honum. Af þessum sökum verður umræðan persónuleg og ómögulegt að ræða kjarna málsins, sem er sá að menningarstofnanir hafa sín mörk.

Stóra mútumálið í Flóahreppi

Skipulagsmál

Helgi Sigurðsson
bóndi í Súluholti í Flóahreppi

Að undanförnu hafa þingmenn og ráðherra sakað sveitarstjórnarmenn í Flóahreppi um mútur í samningum sveitarfélagsins við Landsvirkjun. Marga fjarstæðuna hef ég heyrt úr sölum Alþingis en þessi slær flest met. Nú er það svo að fólk er kosið í sveitarstjórn til að gæta hagsmuna sveitarfélagsins og íbúa þess, jafnt í samningsgerð við Landsvirkjun og hverjum þeim störfum sem vinna þarf fyrir sveitarfélagið hverju sinni. Mér vitanlega hefur enginn sveitarstjórnarmaður í Flóahreppi persónulegan hag af því að virkjað verði við Urriðafoss. Og hverjar eru svo múturnar sem upp hafa verið taldar, t.d. vatnsveitan? Aðstæður eru þannig að áhrifasvæði virkjunarinnar nær að vatnsverndarsvæði sveitarfélagsins. Ef illa tækist til á virkjunartímaum eða síðar yrði Landsvirkjun án efa skaðabótaskyld fyrir því tjóni og er því með aðkomu að vatnsveitu Flóahrepps fyrst og fremst að tryggja eigin hagsmuni og orðspor. Samningar um þetta eru eðlilegir þegar hafðir eru í huga almannahagsmunir íbúa og eðlileg varúðarregla.

> Mér vitanlega hefur engin sveitarstjórnarmaður í Flóahreppi persónulegan hag af því að virkjað verði við Urriðafoss.

Lagfæring vega hefur verið nefnd sem mútur til handa Flóahreppi. Um er að ræða þjóðveg sem liggur þvert um sveitina og hefur lengi verið lélegur en er engu að síður þjóðvegur og sem slíkur á vegaáætlun með viðhald og endurbætur er tímar líða fram. Ef nú Landsvirkjun tekur sig til og fær að flýta uppbyggingu vegarins á sinn kostnað eru það líklegast raforkukaupendur Landsvirkjunar sem borga fyrir það, það kemur væntanlega til með að spara ríkissjóði útgjöld. Eru þetta þá mútur til ríkissjóðs?

Er það þá með samþykki fjármálaráðherra?

Þar sem Flóahreppur hefur aldrei haft neitt með viðhald á þessum vegi að gera er ljóst að fjárhagslegur ávinningur sveitarfélagsins af uppbyggingu vegarins yrði enginn.

Hvað varðar aðkomu Landsvirkjunar að kostnaði við gerð skipulags í sveitarfélaginu hefur Hæstiréttur fellt sinn dóm og ekki þýðir að deila við dómarann, hvorki fyrir umhverfisráðherra né aðra. Öllum má vera ljóst að þetta er áfellisdómur yfir starfsaðferðum ráðherrans.

Svo virðist að Hæstiréttur komist að þeirri niðurstöðu að ekki sé óeðlilegt að framkvæmdaaðilar kosti að einhverju leyti gerð skipulags eða skipulagsbreytinga sem gera þarf vegna fyrirhugaðra framkvæmda þeirra. Full þörf er á þessu vegna þess að flest sveitarfélög hafa ekki úr miklum fjármunum að spila til annars en lögbundinnar starfsemi, og ekki hægt að ætlast til að þau kosti dýra skipulagsvinnu fyrir utanaðkomandi fyrirtæki af almannafé sveitarfélagsins.

Og einkum þegar aðstæður eru til dæmis með þeim hætti að þrátt fyrir mikla og dýra skipulagsvinnu fá þau engar tekjur af starfsemi viðkomandi fyrirtækis.

Urriðafossvirkjun er skýrt dæmi um slíkt þar sem skatttekjur lenda allar austan Þjórsár en rask og kostnaður ekkert síður vestanmegin. Um sanngirni slíkra laga mætti hafa mörg orð. En ég hirði ekki um að tína fleira til, allt sem nefnt hefur verið sem mútur er einfaldlega samfélagslegar umbætur og uppbygging innviða samfélagsins hér í Flóahreppi. Sumt mun spara ríkissjóði útgjöld, t.d. lagfæring vega. Ég tel að sveitarstjórnarfólk í Flóahreppi hafi með samningum sem gerðir hafa verið við Landsvirkjun sýnt samfélagslega ábyrgð og hófsemi og borið þjóðarhag fyrir brjósti.

Ég krefst þess af alþingismönnum og þeim er um þessi mál fjalla að þeir geri það af heiðarleika og sanngirni og sleppi öllum tilhæfulausum ásökunum um mútur og annað álíka.

Til leigu rekstur á Hótel Hlíð, Ölfusi

Tilboð óskast í rekstur Hótel Hlíðar / Króks sem liggur í skjóli Hellisheiðar í Ölfusinu skammt frá ótal náttúruperlum, golfvöllum, reiðhöllum og fleiri afþreyingarmöguleikum.

Hótelið er fullbúið sem 3ja stjörnu hótel og leigist í því ástandi.

Húsið verður til sýnis miðvikudaginn 23. febrúar n.k.
og er tilboðsfrestur **til 28. febrúar.**

Eigendur áskilja sér rétt til að velja hvaða tilboð sem er eða hafna þeim öllum.

Frekari upplýsingar gefur Sigrún Þorgrímsdóttir í síma 575 4059 eða í sigrunbt@byr.is

SENDIÐ OKKUR LÍNU

Fréttablaðið og Vísir hvetja lesendur til að senda línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Tekið er á móti efni á netfanginu greinar@frettabladid.is eða á vefsíðu Vísis, þar sem finna má nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

Vaxandi heilsubrestir í samfélaginu verða umfjöllunarefni Daves Jack í Andrews-leikhúsinu að Ásbrú í Reykjanesbæ annað kvöld klukkan 20. Dave er þekktur þjálfari og fyrirlesari og í erindi sínu beinir hann einkum sjónum að aðferðum til að bæta heilsu barna.

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar: **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447

Jessica Expósito Lozano kom til Íslands á dögunum til að kenna líkamsræktarform sitt, Batuka.

Ekkert er ómögulegt

Ég lifi eftir þeirri sannfæringu að óski ég einhvers nógu mikið verði það að veruleika," segir hin spænska Jessica Expósito Lozano. Hún kom hingað til lands á dögunum að kenna líkamsræktarkerfi sitt Batuka á Fitness Fusion hátíðinni.

Jessica er vel þekkt í heimalandi sínu enda hefur hún verið lengi að þrátt fyrir ungan aldur. Hún fæddist í smábæ í Girona á Spáni og hefur verið í fimleikum og dansi frá unga aldri. Átján ára var hún farin að ferðast um heiminn til að kenna líkamsrækt og var þá þegar að þróa sitt eigið líkamsræktarkerfi.

Jessica hefur selt yfir þrjár milljónir eintaka af líkamsræktarmyndbandi sínu og árið 2006 setti hún heimsmet. „Þá var ég að vinna fyrir spænska sjónvarpið að Idol-keppninni þar í landi. Heimsmetið setti ég þegar ég leiddi 600 þúsund manns í einu í Batuka-dansi," segir hún glaðlega.

Jessica kom hingað til lands fyrir tilstuðlan Unnar Pálmarsdóttur og líkaði landið og fólkið afar vel. Merkilegast fannst henni þó að fara í Bláa lónið. „Því verður ekki lýst með orðum," segir hún hrifin. Þá fór hún einnig í upptökuver Latabæjar. „Það var frábært, enda eru þættirnir vinsælir á Spáni."

Nánari upplýsingar um Jessicu og Batuka er að finna á www.jessicaexposito.com.

solveig@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Íslandsmeistaramót barna og unglinga í kata fór fram á sunnudag og var þátttaka góð. Breiðablik varð Íslandsmeistari félaga í flokki unglinga og varði þar með titilinn frá því í fyrra, en Karatefélag Akraness varð Íslandsmeistari félaga í flokki barna.

DREKINN
WUSHU FÉLAG REYKJAVÍKUR
(KUNG-FU)

Taijiquan fyrir byrjendur
mánudaga, miðvikudaga kl. 18:15
og laugardaga kl. 9:15

Changquan fyrir byrjendur
mánudaga og miðvikudaga kl. 19:15

NÝTT!
Sjálfsvarnarnámskeið
fyrir konur

WUSHU
QI GONG
TEYGJUR
TAICHI

HEILSUDREKINN ¦ SKEIFAN 3J ¦ SÍMI: 553 8282 ¦ heilsudrekinn@heilsudrekinn.is ¦ www.heilsudrekinn.is

Daði uppgötvaði dásamleika tilverunnar upp á nýtt þegar hann byrjaði að hugleiða að hætti Sahaja-jóga. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Kitlaður af heilögum anda

Listmálarinn Daði Guðbjörnsson losnaði óvænt við Bakkus úr lífi sínu þegar hann ákvað að prófa hugleiðsluaðferð Sahaja-jóga, en síðan hefur hann endurheimt glataða hæfileika og ríkulegri tilveru.

„Ég hló dátt þegar ég las grein um hugleiðsluaðferð til að losna við fíknir, en ákvað að gefa henni séns. Eftir það gerðust hlutirnir hratt, en mesta breytingin var að hætta að drekka, sem gerðist óvænt, áreynslulaust og alveg af sjálfu sér," segir myndlistarmaðurinn Daði Guðbjörnsson, sem fyrir fimm árum hóf að hugleiða að hætti Sahaja-jóga. „Eins og aðrar fyllibyttur taldi ég áfengi ekkert vandamál og ætlaði aðeins að minnka það, en sá fljótt hversu miklu betra var að vera laus við Bakkus. Síðan hefur mig ekki langað í glas," segir Daði einlægur um ósvikinn mátt jógans.

„Höfundur Sahaja-jóga er Shri Mataji Nirmala Devi. Hugleiðsluaðferð hennar felur í sér hreinsunarmátt sem gerir fólk svo öflugt og hreint að allir agnúar þess hverfa einn af öðrum, og árangur Sahaja birtist iðkendum strax í minnkandi streitu, meiri ró og vellíðan. Þá hefur verið vísindalega sannað að reglulegar hugleiðsluæfingar Sahaja geti unnið á vissum sjúkdómseinkennum og jafnvel læknað þau að fullu," segir Daði og útskýrir áhrifin þegar kundalini-orkan tekur til í orkustöðvunum sex.

„Þá fáum við kitl í fingurna og

Shri Mataji Nirmala Devi.

verðum mjög meðvituð um ósjálfráða taugakerfið. Í orkustöðvunum býr sálarlíf okkar. Þegar slaknar á þeim í hugleiðslu missir maður áhuga á áfengi, tóbaki, mat og fleiri fíknum, ásamt því að losna við hversdagsleg ónot eins og kvíða og þyngsli fyrir framtíðinni. Hvíldin verður algjör og margir finna bót meina sinna í stoðkerfinu, eins og gigt, vöðvabólgu og fleiru," segir Daði, sem kennir Sahaja-jóga í sjálfboðavinnu.

„Jóga er alltaf tengt guðdómi og trúarbrögðum. Ég hafði enga sérstaka trú í upphafi og vitaskuld er það engin nauðsyn, en svo finnur maður árangurinn og þarf að horfast í augu við að Guð er til. Kundalini er orka heilags anda sem liggur í dvala í spjaldhryggsbeininu sem á grísku nefnist sacrum, eða heilagt bein. Jesús notaði heilagan anda til lækninga og andinn læknar okkur ef við virkjum hann," segir Daði og bætir við að allir sem stundi Sahaja-jóga finni stóra breytingu á lífi sínu.

„Fyrsta áþreifanlega breytingin er hvað manni líður betur á sál og líkama. Ungur er maður jákvæður og hugrakkur gagnvart lífinu en með árunum glatast oft þeir hæfileikar. Nú finn ég þá fæðast aftur, eins og í starfi mínu sem listmálari, en á tímabili fannst mér sköpunargáfan vera að lokast. Sahaja hefur því breytt mér þótt ég sé áfram ég sjálfur. Allir njóta góðs af og jógað hentar öllum, ekki síst þeim sem langar til að breyta einhverju hjá sér."

Opinn byrjendafundur er næst 7. mars. Sjá nánar á heimasíðunni www.sahajayoga.is.

thordis@frettabladid.is

Vegna breytinga á allt að seljast í Herra Hafnarfirði

Dýrasta flíkin er á 4.990,-

Nýjar vörur eru ekki á útsölu
Allar nýjar gallabuxur á 8.900,-

Lokum miðvikudaginn 23. febrúar

Herra hafnarfjörður

FJÖRÐUR
www.fjordur.is

Firði, Hafnarfirði • Sími 565 0073

Viltu breyta mataræðinu
til batnaðar á einfaldan og öfgalausan hátt?

INGA KRISTJÁNSDÓTTIR næringarþerapisti D.E.T. kennir ykkur hve einfalt það getur verið að bæta mataræðið og hvaða ráð hún hefur til þess.

Þriðjudaginn 1. mars kl. 19:30
Þriðjudaginn 8. mars kl. 19:30

ÞETTA ER EKKI FLÓKIÐ! Inga er búin að halda yfir 40 fyrirlestra um efnið enda nálgunin einföld, skýr og hentar öllum sem áhuga hafa á breyttum lífsháttum.

FARIÐ VERÐUR MEÐ EINFÖLDUM HÆTTI YFIR:
- *Hverju er hægt að skipta út og hvað kemur þá í staðinn*
- *Hvernig hægt er að þekkja muninn á hollri og skaðlegri fitu*
- *Hvernig þú getur haldið fullri orku allan daginn og losnað við sykurþörf og þreytuköst*

Staður og stund: Heilsuhúsið Lágmúla 5, kl.19:30 - 22:00

Innifalið er mappa með uppskriftum og fróðleik.
Verð: 4.400 kr. Nánari upplýsingar og skráning í síma 8995020 eða á eig@heima.is

www.heilsuhusid.is
heilsuhúsið

Undir Grábrók, með Hraunsnef og Baulu sem bakhjarla er hið einstaka háskólasamfélag á Bifröst.

Erum inni í miðju málverki

Háskólinn á Bifröst býr yfir töfrum sem felast í fegurð umhverfisins, persónulegum kennsluaðferðum og sérstökum lífsstíl sem ótvírætt skapast í háskólaþorpi.

„Lítill skóli getur leyft sér margt sem stórir skólar geta ekki," segir Bryndís Hlöðversdóttir, rektor á Bifröst. Hún tekur sem dæmi hópvinnu með tíu til tólf manna verkefnahópum. „Ódýrasta leiðin er að fylla stóran sal af nemendum og halda fyrirlestur yfir þeim en við aðhyllumst meira skapandi kennsluaðferðir," segir hún og lýsir þeim nánar. „Við viljum að nemendur séu virkir í náminu með samræðum í kennslustundum. Við trúum því að það að læra í samstarfi við aðra og í gegnum raunhæf verkefni sé betri leið en ítroðsla með gamla laginu." Hún segir námið við skólann nátengt atvinnulífinu og því leggi hún upp úr því að fá kennara sem séu úti á akrinum til viðbótar þeim sem séu í fullu starfi á staðnum.

Grunnnáminu er lokið á tveimur og hálfu ári á Bifröst því um heilsársskóla er að ræða. Þær greinar sem þar boðið upp á eru viðskiptalögfræði, viðskiptafræði og HHS, sem er samsett úr heimspeki, hagfræði og stjórnmálafræði. Það nám á sér rætur í Bretlandi að sögn Bryndísar. „Þetta er yngsta námsbrautin okkar, það er góður hópur sem hefur útskrifast þaðan og haslað sér völl hér og þar í samfélaginu."

Heildarfjöldi nemenda við Háskólann á Bifröst er í kringum 700. Þeir búa ekki allir á svæðinu því boðið er upp á fjarnám í viðskiptafræði og meistaranám í alþjóðaviðskiptum, einnig menningarfræðum og menningarstjórnun í samstarfi við Háskóla Íslands. „Meistaranemarnir hittast tvisvar á önn hér og eru hér fjórar vikur yfir sumarið. Það er fjölbreyttur hópur," lýsir Bryndís.

Frumgreinadeild er á Bifröst fyrir fólk sem ekki hefur lokið námi til stúdentsprófs en er tilbúið að taka afganginn með stífu námi. Bryndís segir hana vinsæla hjá fólki á ýmsum aldri sem taki skrefið inn í háskóladeildirnar þaðan. „Góður kjarni okkar nemenda er ungt fólk sem kemur beint úr framhaldsskóla," segir hún. „En við leggjum upp úr því að fá líka inn fólk sem er eldra. Það myndast öðruvísi umræða í tímum þar sem nemendur eru á ólíkum aldri og með fjölþætta reynslu."

Bryndís nefnir einstaklega gott umhverfi fyrir fjölskyldur á Bifröst. „Við erum með Hjallastefnuleikskóla, notalegan grunnskóla á Varmalandi og nýjan menntaskóla í Borgarnesi. Svo er lífsstíllinn hér þannig að við erum sjálf okkur nóg um flesta hluti. Erum með ágæta verslun, góða líkamsrækt, öflugt félagslíf og kaffihús sem er hálfgerð félagsmiðstöð. Svo búum við í miðju málverki og viljum vera til fyrirmyndar í umhverfismálum."

Bryndís tók við stjórnartaumunum á Bifröst um síðustu áramót en hefur starfað við skólann frá árinu 2005 sem deildarforseti og aðstoðarrektor. „Ég tók við sterkri arfleifð sem mér finnst skylda mín að standa vörð um," segir hún og er bjartsýn á framtíðina fyrir hönd skólans.

EFTIRTEKTARVERT

Bifröst er háskólaþorp sem á sér enga hliðstæðu á Íslandi.

Heildarfjöldi nemenda á Bifröst er í kringum 700. Þeir búa ekki allir á svæðinu því hluti af nemendahópnum er í fjarnámi.

Háskólinn á Bifröst leggur mikla áherslu á ögrandi verkefnavinnu og krefjandi umræður nemenda og kennara í litlum verkefnahópum.

Boðið er upp á grunnnám, meistaranám og nám í frumgreinadeild sem er undanfari háskólanáms.

Fólk lýkur grunnnámi á Bifröst á tveimur og hálfu ári því jólafrí eru stutt og sumarfrí aðeins tveir mánuðir. Því er fólk fyrr tilbúið að fara út í atvinnulífið en úr flestum öðrum háskólum.

Lífið á Bifröst er einstaklega fjölskylduvænt og býður upp á hagkvæman og heilbrigðan lífsstíl.

Virðing fyrir umhverfinu er sterk í háskólasamfélaginu á Bifröst.

Bryndís Hlöðversdóttir rektor hefur starfað við Háskólann á Bifröst frá árinu 2005 er hún hætti þingmennsku. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST

Tíu góðar ástæður

1. Háskólaþorpið - einstakt umhverfi
2. Kennsla - persónuleg og einstaklingsmiðuð
3. Námið - nýtir þverfagleg tengsl
4. Verkefnavinna - sjálfstæð frá byrjun
5. Sérhæfð þjálfun - strax við lok grunnnáms
6. Samheldni einkennir nemendasamfélagið
7. Svæðið er kreppufrítt
8. Sumarnám styttir námstímann
9. Nemendum gengur vel að fá vinnu eftir nám
10. Náttúran eflir sál og líkama

Kynntu þér námsframboðið á vef skólans: www.bifrost.is

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

Tómstundanámskeið í gegnum tíðina

Íslendingar hafa verið duglegir að sækja ýmis tómstundanámskeið í gegnum tíðina enda hafa alls kyns námskeið verið í boði.

Í dag eru ótal mismunandi tómstundanámskeið í boði fyrir fullorðna og hefur úrvalið sjaldan verið meira en síðustu árin. Finna má námskeið innan hins hefðbundna skólakerfis, hjá félagasamtökum, einkaskólum og símenntunarstöðvum en einstaklingar hafa einnig staðið fyrir tómstundanámskeiðum á eigin vegum.

Símenntunarstöðvar fóru að líta dagsins ljós í lok síðustu aldar en árið 1997 var fyrsta símenntunarstöðin sett á laggirnar. Næstu árin fór þeim fjölgandi og átta símenntunarstöðvar voru opnaðar víða á landinu og höfðu mikil áhrif á menntun fullorðinna.

Tómstundanámskeið sem snerta umheiminn hafa alla tíð verið í boði, í formi tungumálanámskeiða eða í matargerð.

Mun lengra er síðan Íslendingum fóru að bjóðast svokölluð tómstundanámskeið en með þeim fyrstu til að bjóða slík námskeið voru Námsflokkar Reykjavíkur, sem hafa í dag verið starfandi í 72 ár, frá árinu 1939. Námsflokkar Reykjavíkur eru elsta fullorðinsfræðslustofnun á Íslandi en allt til ársins 1970 var próflaust frístundanám í boði fyrir alla.

Einkaframtakið nær hins vegar enn lengra aftur. Þannig auglýsir Þórhallur Þorgilsson á Bergstaðastræti tungumálanámskeiðin sín um miðjan þriðja áratug síðustu aldar, sem verði „með líku sniði og undanfarin ár“. Námskeiðin sem hann býður upp á eru meðal annars í frönsku, spænsku og ítölsku.

Tómstundanámskeið hafa lengi verið í boði hjá félagasamtökum, svo sem kvenfélögum og ungmennafélögum. Um miðja síðustu öld voru oft auglýst námskeið í flugvélamódelsmíði. Áfengisvarnarnefnd Hafnarfjarðar auglýsti slíkt námskeið fyrir unga menn og ungar stúlkur gátu á sama tíma sótt námskeið í því að vinna úr basti og tágum. Á svipuðum tíma fóru fram námskeið á Akureyri í ljósmyndasmíði og veggteppagerð.

Matreiðslunámskeið eru með þeim vinsælari í dag og hafa Íslendingar sótt slík námskeið í áratugi. Árið 1925 er matreiðslunámskeið á Ólafsvöllum á Skeiðum auglýst í einu dagblaðanna en kvenfélög stóðu gjarnan að matreiðslunámskeiðum. Á áttunda og níunda áratugnum breyttust þessi námskeið mikið þar sem framandi matargerð fór að þykja spennandi með auknum ferðalögum landsmanna og smám fóru námskeið í ítalskri, japanskri og franskri matargerðarlist að birtast í smáauglýsingum.

Matreiðslunámskeið hafa verið auglýst í dagblöðum allt frá 1920.

Mímir-símenntun var stofnað árið 2003 og hefur staðið fyrir ótal námskeiðum síðan þá af öllum gerðum. Af annarri skemmtilegri nýbreytni má nefna að Hraðlestrarskólinn tók til starfa árið 1978 og lærðu Íslendingar þar að nýta tímann betur í starfi og námi við lestur.

Ýmis námskeið tengd tölvu- og skrifstofutækni, ritvinnslu, tölvureikni og slíku urðu með þeim vinsælustu á tíunda áratugnum enda nýir og tæknilegri tímar að renna upp á vinnustöðum og skólum landsmanna. Í dag eru slík námskeið enn með þeim vinsælustu. Að lokum má ekki gleyma sjálfsstyrkingarnámskeiðum, sem voru fyrst auglýst fyrir rúmlega tuttugu árum. Ekki síst vakti athygli þegar slíkt námskeið var sérstaklega auglýst fyrir karlmenn – en í heilsíðugrein í einu dagblaðanna var slíkt námskeið gert að umfjöllunarefni.

Háskóli lífs og lands

- Búvísindi
- Hestafræði
- Náttúru- og umhverfisfræði
- Skógfræði og landgræðsla
- Umhverfisskipulag

Umsóknarfrestur um skólavist er til 4. júní

LANDBÚNAÐARHÁSKÓLI ÍSLANDS

Hvanneyri - 311 Borgarnes.
Sími 433 5000
www.lbhi.is

Álfheiður Sverrisdóttir er nýr formaður Nemendafélags LBHÍ.

Hef alltaf haft lúmskan áhuga á gróðri og dýralífi

„Ég hef alltaf haft lúmskan áhuga á gróðri og dýralífi þannig að ég ákvað bara að skella mér í þetta nám,“ sagði Álfheiður Sverrisdóttir, nýr formaður Nemendafélags Landbúnaðarháskóla Íslands, í stuttu spjalli. „Ég er á öðru ári í náttúru- og umhverfisfræði á línu sem kallast almenn náttúrufræði.“

Álfheiður er með stúdentspróf af málabraut frá FVA og reyndi fyrst fyrir sér í hjúkrunarfræði áður en hún ákvað að skipta um gír. Hún sagði að það hefði komið mörgum á óvart þegar hún ákvað að söðla um og nema náttúruvísindi. „Mér finnst námið alveg hrikalega skemmtilegt. Skólinn er vel búinn tækjum og tólum til allrar kennslu, sem og færum kennurum. Við fáum líka að snerta, ekki bara sjá myndir, og það finnst mér mjög mikilvægt. Við höfum til dæmis farið út að sjá það sem við lærum um í skólastofunni í grasafræði, vistfræði, jarðfræði og dýralíffræði hryggdýra, svo eitthvað sé nefnt. Svo skemmir náttúrlega ekki fyrir hvað það eru margir frábærir nemendur við skólann, margir hverjir með ýmsa sérþekkingu frá fyrri störfum, og maður lærir alveg helling af þeim.“

Hvað telur þú líklegt að þú gerir þegar BS-náminu lýkur? „Ég er að velta möguleikunum fyrir mér; það er allt of margt sem mig langar til að gera. Mig langar til dæmis að fara í mastersnám, fuglafræði eða kennaranám!“

Hvernig er félagslífið? „Bara frábært! Það var það fyrsta sem ég tók eftir þegar ég byrjaði í skólanum. Ég byrjaði á vorönn, þannig að það voru farnir að myndast nokkrir vinahópar, en mér var tekið rosalega vel.

Það er líka svo skemmtilegt hvernig allir eru vinir, eins væmið og það kann að hljóma,“ sagði Álfheiður formaður.

● ÆFLEIRI SVINDLA Í HÁSKÓLAUMSÓKNUM

Fjöldi umsækjenda sem svindla á umsóknum um háskólavist í Bretlandi hefur aukist um þriðjung á síðasta ári, segir á breska vefmiðlinum The Telegraph.

Talið er að um þrjátíu þúsund umsækjenda hafi sótt frasa beint af netinu til að setja í persónulega greinargerð sína. Þar segja nemendur frá því af hverju þeir sæki um skólann og geta um leið reynt að skera sig úr frá öðrum umsækjendum.

Til að finna svindlara hafa háskólar notað Copycatch, sem ber saman greinargerðir umsækjenda við útgefinn texta og aðrar greinargerðir sem borist hafa skólunum.

Forritið var fyrst notað 2007 og þá mældist svindlið 5 prósent. Það minnkaði í kjölfarið niður í 2,8 prósent árið 2009 en jókst á ný í 3,85 prósent í fyrra. Ástæðan fyrir þessu er stóraukin samkeppni um hvert háskólapláss.

Sem dæmi notuðu 189 umsækjendur um hönnunarnám tilvitnun frá Coco Chanel: „Fashion is not something that exists in dresses only.“

Þá skrifuðu 234 umsækjendur um læknanám að ástríða þeirra fyrir viðfangsefninu hefði kviknað þegar þeir brenndu gat á náttfötin, átta ára gamlir, með efnafræðisetti.

● EINBEITING VIÐ LESTUR

Nokkur ráð eru til að auka einbeitingu við lestur.

- Með því að læra á sama staðnum, til dæmis við skrifborð. Ekki læra á stöðum sem þú tengir við aðrar athafnir, eins og í rúminu.
- Truflun hefur að sjálfsögðu áhrif á einbeitingu. Því ætti að velja stað til lestrar þar sem ólíklegt er að lesandinn verði fyrir truflun. Sumir vilja læra við tónlist og hafa rannsóknir sýnt að bakgrunnstónlist hefur ekki áhrif á fólk ef það er að rifja upp það sem hefur áður verið lært. En tónlist er fremur truflandi þegar fólk er að lesa eitthvað í fyrsta sinn.

- Ekki er gott að lesa of lengi í einu. Gott er að miða við að lesa í 30 til 45 mínútur og taka svo hlé. Ekki er gott ef hléið varir lengur en 10 til 15 mínútur.
- Enginn einn tími dags hentar öllum jafn vel. Best er að hver og einn finni þann tíma þegar hann er hvað ferskastur og móttækilegastur fyrir nýjum hlutum. Besti tíminn til upprifjunar er þó strax eftir tíma, þegar efnið er enn í fersku minni.

Útgefandi: 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000
Umsjónarmaður auglýsinga: Sigríður Dagný Sigubjörnsdóttir
sigridurdagny@365.is s. 512 5462

„Fólk ætti að vita hvað það vill fá út úr lífinu og skrifa þau markmið niður," segir Jóhann Ingi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Maður án sjálfstrausts er eins og tannlaus veiðihundur

Endurmenntun Háskóla Íslands býður upp á fjölda spennandi námskeiða á vorönn. Jóhann Ingi Gunnarsson sálfræðingur heldur utan um tvö þeirra.

Á vegum Endurmenntunar Háskóla Íslands á vormisseri eru um 200 námskeið í boði, þannig að flóran er mikil og allir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Á meðal þeirra eru tvö mjög spennandi námskeið sem Jóhann Ingi Gunnarsson sálfræðingur kennir en það eru Öflugt sjálfstraust og Árangursrík markmiðssetning. Jóhann Ingi segir sjálfstraust og markmiðssetningu geta breytt lífi fólks. „Það er mjög mikilvægt fyrir fólk að búa yfir þeirri færni sem sjálfstraust er því án þess er manneskja eins og tannlaus veiðihundur," segir Jóhann Ingi.

En til allrar hamingju er hægt að kenna fólki að öðlast sjálfstraust og það gerir Jóhann Ingi. „Sjálfstraust er valkostur, það er færnin að treysta og trúa á sjálfan sig, átta sig á innra tali og endurforrita sjálfan sig." Þar segir hann markmiðssetningu mikilvæga. „Fólk ætti að vita hvað það vill fá út úr lífinu og skrifa þau markmið niður. Það eru bein tengsl á milli markmiðssetningar og sjálfstrausts." Jóhann Ingi hefur lengi kennt námskeið sín við Endurmenntun HÍ og segir ánægjulegt að hjálpa fólki að koma sér upp verkfærakistu til þess að öðlast sjálfstraust.

Nemendur eru ekki síður ánægðir með námskeiðið hjá Jóhanni Inga, því á síðasta námskeiði fékk hann umsagnir eins og: „Jóhann Ingi hefur mjög góða nærveru, hann tekur frábær dæmi úr hinu daglega lífi og er fær og æðislegur leiðbeinandi." Er þá ekki bara að skella sér næsta námskeið og setja sér það markmið að verða vígahundur?

Námskeið Endurmenntunar eru öllum opin, óháð menntun. endurmenntun.is

Perlur Vestfjarða verða kannaðar á námskeiði sem Heimir Hansson heldur utan um. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Að ferðast í skólastofu

Um þessar mundir eru fjölmargir að undirbúa sumarfrí en oft þarf ekki að halda langt til að komast á fjarlægar slóðir. Á námskeiðum hjá Endurmenntun Hí er hægt að ferðast í huganum með Ólafi Gíslasyni listfræðingi til Sikileyjar á Ítalíu eða fara í pílagrímsför um Jakobsveginn með Jóni Björnssyni – allt í skólastofunni. Fyrir þá sem vilja halda sig innan landsteinanna eru í boði tvö námskeið í skólastofunni; í öðru kannar Heimir Hansson perlur Vestfjarða og í hinu fer Magnús Jónsson, sérfræðingur í Íslendingasögunum, um slóðir sagnanna, þar sem hann heilsar meðal annars upp á Egil, Gísla og Hallgerði. Ef fólk ætlar í sumarfrí um þessar sveitir og lönd veita námskeiðin því dýpri upplifun en engu að síður má njóta þeirra þótt ekki sé stefnt á ferðalag að sinni. Nánar á endurmenntun.is.

● JARÐGERÐ, TRJÁRÆKT, KRYDD- OG MATJURTIR Á vormisseri eru fjögur námskeið tengd garðyrkju á dagskrá hjá Endurmenntun HÍ en öll eru þau í umsjá sérfræðinga frá menntafélaginu Horticum. Fyrst er hagnýt jarðgerð tekin fyrir en þar er um grunnnámskeið að ræða, sérstaklega ætlað þeim sem hyggja á jarðgerð eða eru nýlega byrjaðir. Ræktun kryddjurta og matjurta í heimilisgörðum hefur aukist jafnt og þétt. Námskeið um þá iðju hafa hlotið mikið lof hjá Endurmenntun HÍ og verða því aftur á dagskrá í mars og apríl. Trjárækt á sumarhúsalóðum er fjórða námskeiðið en þar verður fjallað um trjá- og runnategundir sem henta vel við ólíkar aðstæður, til dæmis rýran jarðveg og veðurálag. Nánar á endurmenntun.is

Safnaðu þekkingu

Fjölbreytt námskeið á vormisseri

Arfleifð Darwins

Börn eru klár

Bætt þjónusta, ánægðari viðskiptavinir - Að gera gott betra

Excel I - fjármál og rekstur

Ég, stjórnandinn

Ég, verkefnastjórinn

Grunnnámskeið í verkefnastjórnun

Grunnþættir reksturs og fjármála

Jesús frá Nasaret

Markviss framsögn

Microsoft Azure - David Platt

Ný skipulagslög og lög um mannvirki

Rússland og bókmenntahefðin

Sálgæsla barna og unglinga

Siðfræði heilbrigðisþjónustu;
Fagmennska, siðareglur og rannsóknir

Starfsmannasamtöl og frammistöðumat

Stjórnun og leiðtogahæfni

Sykursýki - yfirlit og nýjungar í meðferð

Trumbusláttur og trylltur dans: tónlistarheimur Ghana

Val á rekstrarformi fyrir atvinnustarfsemi

Vinnustofa í samningatækni – með Florence Kennedy

Völuspá

Enn fleiri námskeið á endurmenntun.is

ENDURMENNTUN
HÁSKÓLA ÍSLANDS

**Nánari upplýsingar og skráning:
sími 525 4444 og endurmenntun.is**

VELKOMIN
Í HÁSKÓLA ÍSLANDS

YFIR 400 NÁMSLEIÐIR Í BOÐI – HI.IS

PIPAR\TBWA • SÍA • 110444

HÁSKÓLANÁM OPNAR DYR AÐ FRAMTÍÐINNI

Umsóknarfrestur um grunnnám á háskólaárinu 2011-2012 er til 5. júní 2011. Móttaka rafrænna umsókna hefst í mars 2011. Frestur til að sækja um framhaldsnám er til 15. apríl.

HÁSKÓLI ÍSLANDS
1911-2011

Fjölbreytt dagskrá fyrir börn og ungmenni verður á afmælisárinu.

Háskóli Íslands í 100 ár

Heimsóknir heimsþekktra vísindamanna, málþing, fyrirlestrar, sjónvarpsþættir og bókaútgáfa eru á meðal þess sem er á dagskrá í Háskóla Íslands í tilefni af aldarafmæli skólans.

Háskóli Íslands fagnar aldarafmæli í ár en skólinn var stofnaður árið 1911. Jón Örn Guðbjartsson, sviðsstjóri markaðs- og samskiptasviðs hjá HÍ, segir að aldarafmælinu verði fagnað allt árið og um allt land með fjölbreyttum viðburðum sem opnir verða öllum. Jón Örn segir að öll fimm fræðasvið skólans haldi úti sérstakri dagskrá í einn mánuð hvert á afmælisárinu.

Jón Örn Guðbjartsson

Þá sé efnt til fjölda ráðstefna, málþinga, fyrirlestra og samkoma. „Hápunktar dagskrárinnar eru hátíðarfyrirlestraröð rektors, hátíðarmálþing um áskoranir 21. aldarinnar og afmælishátíð í haust, sem og heimsóknir nokkurra heimsþekktra vísindamanna," segir Jón Örn. Þessir vísindamenn eru Noam Chomsky, David Suzuki, Linda Darling-Hammond, Robert David Putnam og Nóbelsverðlaunahafarnir Francoise Barré-Sinoussi og Elizabeth Blackburn.

Áhersla á miðlun vísinda

Í dagskrá afmælisársins er lögð áhersla á miðlun vísinda til almennings og barna. „Háskóli unga fólksins, sem er haldinn á hverju vori hér í HÍ við miklar vinsældir, verður nú stærri og veglegri en nokkru sinni. Hann verður einnig á ferð um landið sem hluti af svokallaðri Háskólalest sem heimsækja mun fjölda staða á landsbyggðinni með fyrirlestra og námskeið. Í lestinni verður líka Vísindavefurinn sem mætir með fjölbreytt og spennandi viðfangsefni fyrir fólk á öllum aldri," segir Jón Örn. Að hans sögn eru Bangsaspítalinn landsfrægi, vísindasýningar og verkfræði- og tölvunarfræðidagur dæmi um liði í dagskrá afmælisársins fyrir börn og ungmenni.

„Þá verða haldin örnámskeið fyrir almenning, veffyrirlestrar, tjaldspjall á Austurvelli, ljósmyndasamkeppni og sýndir sjónvarpsþættir um rannsóknir kennara og nemenda skólans í Ríkissjónvarpinu, auk þess sem vegleg bók um 100 ára sögu Háskóla Íslands kemur út á árinu," segir Jón Örn. Hann segir stúdenta koma til með að setja mark sitt á dagskrána með fjölmörgum viðburðum, sýndarréttarhöldum laganema og ungmenningarhátíð svo að eitthvað sé nefnt. „Loks munu nemendur í hagnýtri menningarmiðlun setja upp sýningu um aldarsögu háskólans."

Með fróðleik í nesti

Háskóli Íslands og Ferðafélag Íslands hafa ákveðið að taka höndum saman og standa fyrir reglulegum gönguferðum í tilefni af aldarafmæli Háskóla Íslands.

„Reynsla og þekking leiðsögumanna Ferðafélagsins og þekking kennara og vísindamanna háskólans blandast saman í áhugaverðum gönguferðum um höfuðborgarsvæðið og næsta nágrenni þess," segir Jón Örn Guðbjartsson. Hann segir að gönguferðirnar verði léttar, skemmtilegar og fræðandi og taki hver um sig tvær klukkustundir.

„Markmið samstarfsins er að færa almenningi afmælisgjöf sem felst í fræðslu og hollri útivist. Um leið er vakin athygli og áhugi á fjölbreyttri starfsemi Háskóla Íslands og Ferðafélags Íslands," segir Jón Örn.

Í síðustu göngu var fjölmenni en þá leiddi Pétur Ármannsson arkitekt hópinn og fræddi um byggingarsögu Guðjóns Samúelssonar húsameistara ríkisins og hugmyndir hans um „háborg íslenskrar menningar" sem átti að rísa á Skólavörðuholti.

Gönguferðirnar eru afmælisgjöf til almennings í formi fræðslu og hollrar útiveru.

„Næsta ganga er 12. mars en þá mun Laufey Steingrímsdóttir, prófessor á Rannsóknastofu í næringarfræði á Landspítala og við Matvæla- og næringarfræðideild Háskóla Íslands, leiða gönguferð þar sem saga, menning og matur er meginefnið. Gengið verður um gamla grænmetisgarða, stakkstæði, veitingastaði og verslanir liðins tíma."

● BÍÓ Í FIMMTÍU ÁR

Háskólabíó fagnar fimmtíu ára afmæli nú á aldarafmæli Háskóla Íslands. Af því tilefni verða endursýndar valdar myndir úr safni kvikmyndahússins sem margar hafa ekki sést á hvíta tjaldinu árum saman. Myndirnar verða sýndar á mánudögum, í anda mánudagsmyndanna sem Háskólabíó var þekkt fyrir á árum áður. Kvikmyndirnar verða einungis sýndar í tilefni tímamóta Háskólabíós og Háskóla Íslands.

„Þarna kennir ýmissa grasa og inni á milli eru mikil rarítet eins og myndin sem við sýndum til að hleypa þessu skemmtilega verkefni af stokkum. Þá gáfum við fólki færi á að sjá Chinatown, rökkurmynd Romans Polanski, sem hafði ekki sést á tjaldi í áratugi hér heima," segir Jón Örn Guðbjartsson. Fyrirhugað sé að sýna tólf myndir fram á vor og tólf á næsta haustmisseri. Miðaverð er 300 krónur en nánari upplýsingar er að finna á www.hi.is.

EINSTAKLINGSMIÐAÐ NÁM Í SKEMMTILEGU UMHVERFI Á ÁSBRÚ

ORKU- OG TÆKNISKÓLI KEILIS

tekur aðeins 3 ár

„Ég held að ungt fólk átti sig ekki nægilega vel á því hve mikil þörf er á fólki með hvers konar verk- og tæknimenntun, ekki síst á sviði hugbúnaðar-, raf- og véltækni"

Jón Steindór Valdimarsson
framkvæmdastjóri Samtaka Iðnaðarins 2010

ÞRIGGJA ÁRA HÁSKÓLANÁM Í TÆKNIFRÆÐI

ATVINNULÍFIÐ KALLAR Á FÓLK MEÐ TÆKNIFRÆÐIMENNTUN

Í BOÐI ERU TVÆR TÆKNIFRÆÐILÍNUR Í SAMSTARFI VIÐ HÁSKÓLA ÍSLANDS

ORKU- OG UMHVERFISTÆKNIFRÆÐI

OG MEKATRÓNÍK TÆKNIFRÆÐI

Meðallaun tæknifræðinga eru um 600 þúsund krónur á mánuði skv. kjarakönnun TFÍ 2010

SÉRSNIÐNAR LAUSNIR FYRIR STÚDENTSPRÓF ER EKKI SKILYRÐI!

ÞRIGGJA ÁRA LEIÐ FYRIR SKAPANDI EINSTAKLINGA YFIR Í HÁTÆKNIFRÆÐI

BS GRÁÐA FRÁ HÁSKÓLA ÍSLANDS

SPENNANDI NÁM OG LIFANDI SKÓLI

TÆKNIFRÆÐINÁM HJÁ KEILI ER LYKILL AÐ FRAMTÍÐINNI

KOMDU Í HEIMSÓKN TIL OKKAR Á ÁSBRÚ Á OPNUM DEGI 16. APRÍL NÆSTKOMANDI

www.keilir.net/kit

HAFÐU SAMBAND VIÐ OKKUR Á
KIT@KEILIR.NET EÐA Í SÍMA 578 4000

www.facebook.com/keilir
www.kit.is

Keilir
Miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs

HÁSKÓLI ÍSLANDS

Háskólinn á Akureyri
University of Akureyri

VERTU VELKOMIN/N Í HÁSKÓLANN Á AKUREYRI!



HEILBRIGÐISVÍSINDASVIÐ

Á heilbrigðisvísindasviði er boðið upp á nám í tveimur deildum:

- Hjúkrunarfræði**
- Iðjuþjálfunarfræði*
- Diplómu- og meistaranám í heilbrigðisvísindum
  - M.S. í heilbrigðisvísindum
  - Diplómunám í heilbrigðisvísindum (40 einingar)

HUG- OG FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

Í boði er nám í þremur deildum á hug- og félagsvísindasviði; félagsvísindadeild, lagadeild og kennaradeild:

- Félagsvísindi*
- Fjölmiðlafræði*
- Kennarafræði* (leik- og grunnskólastig)
- Lögfræði
- Nútímafræði*
- Sálfræði*
- Heimskautalögfræði L.L.M/M.A.
- Kennslufræði til kennsluréttinda
- Menntunarfræði
  - Diplómunám í menntunarfræðum (60 einingar)
  - M.Ed. í menntunarfræðum
  - M.A. í menntunarfræðum

VIÐSKIPTA- OG RAUNVÍSINDASVIÐ

Á viðskipta- og raunvísindasviði er boðið upp á nám í viðskiptadeild og auðlindadeild:

- Líftækni*
- Sjávarútvegsfræði*
- Náttúru- og auðlindafræði*
- Viðskiptafræði*
- M.S. í auðlindafræði
- M.S. í viðskiptafræði

*Einnig í boði í fjarnámi **Í boði í fjarnámi frá Selfossi

Engin skólagjöld, innritunargjald fyrir skólaárið kr. 45 þúsund.

Frelsi - Traust - Framsækni - Jafnrétti

www.unak.is

Umsóknarfrestur til 5. júní

Í haust var stórum áfanga í sögu Háskólans á Akureyri náð þegar nýbygging var tekin í notkun og öll kennsla fluttist á einn stað í bænum. Þá var tekið í notkun háskólatorg sem hlotið hefur nafnið Miðborg. MYND/RAGNHILDUR AÐALSTEINSDÓTTIR

Fjölbreytt nám í persónulegum háskóla

Eitt af mikilvægustu hlutverkum Háskólans á Akureyri er að bjóða upp á ákveðið mótvægi við höfuðborgarsvæðið.

„Sérstaða Háskólans á Akureyri er persónulegt námsumhverfi. Háskólinn er ekki mjög stór og tengslin sem myndast, bæði milli nemenda og kennara og einnig innan bekkja, eru persónulegri en gengur og gerist í stærri skólum," segir Dagmar Ýr Stefánsdóttir, forstöðumaður markaðs- og kynningarsviðs hjá Háskólanum á Akureyri.

Háskólinn var stofnaður árið 1987 og í haust var stórum áfanga í sögu hans náð þegar nýbygging var tekin í notkun og öll kennsla fluttist á einn stað í bænum. Þá var tekið í notkun háskólatorg sem hlotið hefur nafnið Miðborg og þar með er öll þjónusta fyrir nemendur og starfsfólk orðin aðgengilegri og miðlægari. Dagmar segir að eitt af mikilvægustu hlutverkum Háskólans á Akureyri sé að bjóða upp á ákveðið mótvægi við höfuðborgarsvæðið. „Það er mjög mikilvægt að fólk geti stundað háskólanám á fleiri en einum stað á landinu, ekki þurfi allir að flytja til Reykjavíkur og eins að fólk á höfuðborgarsvæðinu hafi möguleika á að læra annars staðar. Yfir tuttugu prósent nemenda okkar koma frá höfuðborgarsvæðinu, enda þykir mörgum spennandi að geta prófað eitthvað nýtt án þess að þurfa að flytja úr landi. Stærsti hluti nemenda háskólans kemur þó af landsbyggðinni og heldur áfram að búa þar og starfa að námi loknu," segir Dagmar.

„Það er mjög mikilvægt að fólk geti stundað háskólanám á fleiri en einum stað á landinu," segir Dagmar Ýr Stefánsdóttir. MYND/BJARNI EIRÍKSSON

Háskólinn á Akureyri býður fjölbreytt námsframboð en vinsælustu námsleiðirnar eru viðskiptafræði, lögfræði, sálfræði, hjúkrunarfræði og kennaranám. Þá hefur háskólinn talsverða sérstöðu á sviði rannsókna og hvað námsframboð varðar. Þar má nefna nám í iðjuþjálfun á heilbrigðisvísindasviði og á hug- og félagsvísindasviði er boðið upp á nám í nútímafræði, félagsvísindum og fjölmiðlafræði til BA-gráðu, sem ekki er í öðrum skólum. Þá er boðið upp á nám í sjávarútvegsfræði og líftækni í auðlindadeild. Einnig er þar boðið upp á nýja námsleið í náttúru- og auðlindafræðum í samstarfi við Háskólann á Hólum.

Nemendum býðst einnig sá valkostur að stunda fjarnám við Háskólann á Akureyri óháð búsetu. „Við höfum verið leiðandi í því að koma slíku námi á fót hér á landi og í dag kennum við til yfir tuttugu staða á landinu. Námið fer mestmegnis fram í gegnum myndfundarbúnað og netið í samstarfi við fræðslusetur og símenntunarmiðstöðvar. Fjarnemar mæta einnig í staðbundnar lotur hér á Akureyri einu sinni til tvisvar á hverri önn," segir Dagmar Ýr Stefánsdóttir.

Umsagnir nemenda í Háskólanum á Akureyri

„Ég valdi Háskólann á Akureyri af því að hann býður upp á nýja nálgun við lögfræðina. Grunnnámið er mjög alþjóðamiðað, til dæmis koma erlendir gestakennarar og möguleikarnir til skiptináms eru töluverðir. Ég fór í framhaldsnám til Oslóar og byggði á mjög góðum grunni fyrir námið sem ég fór í þar."

Valgerður Húnbogadóttir, þjóðréttarfræðingur og meistaranemi í lögfræði.

„Sjávarútvegsfræði er þverfaglegt nám sem gefur möguleika á fjölbreyttu meistaranámi. Þú færð víðtæka þekkingu á sviði sjávarútvegs, raunvísinda og viðskipta."

Gústaf Línberg Kristjánsson, nemandi í sjávarútvegsfræði.

Tilraunastofan er atvinnulífið

Dr. Haukur Ingi og dr. Helgi Þór hafa um árabil kennt verkefnastjórnun í samstarfi við Háskóla Íslands, auk þess að hafa skrifað fjölda greina og haldið fyrirlestra um efnið bæði hérlendis og erlendis. Áhersla er lögð á tengingu við atvinnulífið, en skemmst er að minnast setu Helga Þórs í forstjórastóli Orkuveitunnar. Hann segir að hver sem kenni verkefnastjórnun þurfi náin tengsl við atvinnulífið, eigi hann að halda trúverðugleika sínum í kennslustofunni.

Verkefnastjórnun er tiltölulega ungt fag hérlendis. Helgi og Haukur hafa kennt hana í samstarfi við HÍ frá árinu 2004 og hefur námið ávallt verið vel sótt og færri komist að en vilja, jafnvel eftir efnahagshrunið. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Á undanförnum árum hefur samstarf þeirra Hauks Inga Jónassonar og Helga Þórs Ingasonar vakið þó nokkra athygli, bæði innan akademíunnar sem og í atvinnulífinu. Þetta er ekki síst til komið vegna ólíks bakgrunns þeirra. Haukur nam guðfræði og hefur unnið mikið á sviði klínískra meðferða, er skilgreindi húmanistinn í dúettinum eins og hann orðar það sjálfur. Helgi kemur hins vegar úr iðn- og vélaverkfræðinni, þaðan sem hann útskrifaðist með doktorspróf með áherslu á framleiðsluferli í stóriðju. Það svið sem leiddi þá á endanum saman var hins vegar hvorki Guð né vélar.

„Við erum að fást við kennslu og rannsóknir á sviði verkefnastjórnunar í mjög víðu samhengi, og þar skarast leiðir okkar," segir Helgi Þór. „Sá vettvangur sem við höfum til skoðunar er verkefnateymi, skipulagsheildir og samfélagið og hvernig má koma góðu til leiðar gegnum verkefnastjórnun með einbeittri ætlan."

GEFA ÚT FJÓRAR BÆKUR Á ÁRINU

Afrakstur samstarfsins er margþættur. Rannsóknir þeirra og niðurstöður hafa birst í fagtímaritum og erindin á ráðstefnum eru orðin æði mörg, en saman hafa þeir kennt verkefnastjórnun, leiðtogaþjálfun, gæðastjórnun, siðfræði og fleira í samvinnu við Háskóla Íslands.

„Við höfum hingað til kennt þetta í tveimur námsleiðum: Verkefnastjórnun og leiðtogaþjálfun sem hefur verið í samstarfi við endurmenntun Háskóla Íslands, og meistaranám í verkefnastjórnun, eða MPM (Master of Project Management) sem kennt hefur verið í samstarfi við verkfræðideild Háskóla Íslands," segir Haukur Ingi. „Í tengslum við þetta höfum við verið að sinna rannsóknum og gera okkur gildandi á þessu sviði á þeim vettvangi sem best hefur hentað til að koma niðurstöðum okkar á framfæri. Þar að auki höfum við verið að skrifa saman bækur, en von er á fjórum bókum á þessu ári á íslensku frá JPV útgáfunni, auk þess sem við erum að vinna bækur um siðfræði verkefnastjórnunar og bakhjarla fyrir útgefanda í Bretlandi."

Bækurnar fjalla um verkefnastjórnun í víðu samhengi, allt frá leiðtogahæfileikum verkefnastjórans til teymisvinnu, samskipta innan teymanna, skipulagsheildina sem verkefnin eru unnin innan og hvernig ná megi markvisst árangri í þeim verkefnum sem unnið er að.

„Við erum báðir uppteknir menn og vinnum mikið saman gegnum tölvupóst og bréfasamskipti þegar kemur að bókunum," segir Helgi. „En alltaf þegar við hittumst verða skemmtileg skoðanaskipti og við eigum það til að ögra hvor öðrum, sem gerir samband okkar að frjórri deiglu."

ATVINNULÍFIÐ OG AKADEMÍAN

Helgi Þór settist nýverið í stól forstjóra Orkuveitunnar, þar sem hann var ráðinn tímabundið til að gera „[...] umfangsmiklar breytingar í áherslum, rekstri og stjórnun," eins og segir í fundargerð stjórnar Orkuveitunnar frá 17. ágúst síðastliðnum.

„Fyrir okkur sem sinnum fræðistörfum og ráðgjöf á sviði stjórnunarfræði er tilraunastofa okkar atvinnulífið," segir Helgi Þór. „Það er enginn trúverðugur í kennslustofunni nema hafa prófað að vera úti í atvinnulífinu og vera vel tengdur þangað inn. Það er því mikið fagnaðarefni að fá tækifæri til þess að taka að sér verkefni í atvinnulífinu. Það er mjög kvikt og sumpart þróast það á undan og hraðar en háskólaumhverfið þannig að við lærum mikið af því að sjá hvað er að gerast í atvinnulífinu, og auðvitað öfugt líka."

STJÓRNENDUR VANTAR ÞEKKINGU

Verkefnastjórnun er tiltölulega ungt fag hérlendis. Sjálfir hafa Helgi og Haukur kennt hana í samstarfi við HÍ frá árinu 2004 og hafa námslínurnar sem þeir hafa veitt forstöðu ávallt verið vel sóttar og færri komist að en vilja, jafnvel eftir efnahagshrunið.

„Það er mikil þörf á því að þjálfa og fræða fólk um verkefnastjórnun. Við höfum náð miklum árangri á því sviði og nú er svo komið að stórir hópar fólks kunna mjög mikið fyrir sér í faginu," segir Haukur Ingi. „Það sem vantar hins vegar er að þjálfa lagið fyrir ofan verkefnastjórnunina. Þá sem sitja við stjórnarborðið. Þetta var fólkið sem við vildum sjá í náminu hjá okkur, því til þess að geta gegnt hlutverki stjórnandans þarf að hafa bakgrunn og þekkingu á sviði verkefnastjórnunar, um verkefnastofna og verkefnastofur, og það er ekki alltaf til staðar. Þó svo að verkefnastjórinn hafi mikla og góða menntun og þekkingu má hann sín lítils ef hann mætir ekki skilningi fyrir ofan sig. Þetta tel ég helstu ástæðu þess að verkefni fara úrskeiðis. Verkefnin eru þá ekki unnin í sátt og samlyndi við umhverfið, ef til vill er enginn í fyrirtækinu sem fylgist með eða tekur ákvarðanir og það endar einfaldlega með því að ekki er verið að vinna réttu verkin – það hefur alltaf einkennt nálgun okkar að við leggjum ríka áherslu á ábyrgð, siðfræði og sjálfbæra uppbyggingu."

Er stjórnsýslan fallin með einkunnina 1,2?

Nemendur Helga og Hauks hafa kannað ferla verkefnastjórnunar víða, meðal annars innan leikhúsanna og stjórnsýslu ráðuneytanna. Niðurstöðurnar eru áhugaverðar.

„Við skilgreindum átta til tíu meginþætti sem eru grundvallandi árangursþættir þegar kemur að því hvort verkefni hafi heppnast eða ekki, til dæmis hvort verkefni hafi verið unnið innan tímaramma og innan kostnaðarmarka, hvort það er vel skilgreint, og svo framvegis," útskýrir Haukur Ingi. „Þessum þáttum er svo gefið skor á skalanum einum til fimm."

Að sögn Helga kom í ljós að stjórnunarhættir innan leikhópa voru gjörólíkir því sem tíðkast innan annarra greina. „Þetta er mjög áhugavert að skoða. Augljóslega er verkefnum skilað á tíma og innan einhvers fjármagnsramma, en ekki eftir þeim ferlum sem við vinnum eftir," segir Helgi Þór. „Þarna virðist ákvarðanatakan fara fram á annan hátt, sem gaman væri að rannsaka."

Í gegnum rannsóknir nemenda sinna fengu Helgi og Haukur einnig innsýn í verkefnastjórnun innan ráðuneytanna.

„Þegar farið var eftir einn til fimm skalanum kom í ljós að stjórnsýslan var að skora á bilinu 1,2 til 1,3," segir Haukur. „Þarna er því mjög mikið pláss eftir innan stjórnsýslunnar til að bæta ferlana og gæði verkefnastjórnunarinnar. Þar að auki, ef við lítum til framtíðar, er Evrópusambandið að keyra meira og minna öll sín prógrömm eftir verkefnastjórnunarlegum forskriftum. Það er því mikil eftirspurn eftir okkar fólki, og verður inn í framtíðina. Við sjáum það líka þegar við berum okkur saman við það sem er að gerast erlendis að við erum í fylkingarbrjósti á sviðinu, svo að eftirspurnin á bara eftir að aukast."

Nemendur Helga og Hauks hafa kannað ferla verkefnastjórnunar víða. Í gegnum rannsóknir nemenda sinna fengu þeir einnig innsýn í verkefnastjórnun innan ráðuneytanna.

HR hefur allt sem þarf til að prýða góðan skóla

Öflugt félagslíf, fyrirmyndaraðstaða, gott námsframboð og kennsla eru helstu kostir Háskólans í Reykjavík, segir Magnús Júlíusson, formaður stúdentafélags skólans og nemi í hátæknifræði.

Magnús Júlíusson, formaður Stúdentafélags Háskólans í Reykjavík, segir skilið við skólann þegar hann útskrifast úr hátæknifræði í vor. Hann segist ánægður með veruna í skólanum og þakkar það bæði góðu námsframboði og fyrirmyndarkennslu.

„Gott nám og öflug kennsla skipta auðvitað öllu máli og tengsl við atvinnulífið sömuleiðis. Hér eru rannsóknir stundaðar sem tengjast atvinnulífinu, mörg verkefni fyrir stór fyrirtæki á borð við Össur og CCP og hingað koma stundakennarar úr öllum stigum þjóðfélagsins og miðla af reynslu sinni af atvinnumarkaðnum," segir hann og getur þess að Háskólinn í Reykjavík hafi að auki yfir sér skemmtilegan alþjóðlegan blæ. „Gríðarlegur fjöldi skiptinema stundar nám við skólann og svo er góð tenging við aðra skóla í heiminum."

Háskólinn í Reykjavík flutti í nýtt húsnæði í Nauthólsvík í ársbyrjun 2010. Magnús kveðst vera afar ánægður með húsakynnin, þegar út í það er spurt. „Aðstaðan er öll til fyrirmyndar og nýtist nemendum vel; kennslustofurnar eru mjög góðar, ný tæki og flottar tilraunastofur til verklegrar kennslu og dómsalir þar sem lögfræðinemar geta æft málflutning," segir hann og bætir við að einn helsti kosturinn við nýbygginguna sé líka sá að öll skólastarfsemi sé nú komin á einn stað.

„Áður vorum við á víð og dreif, en flutningarnir hafa stuðlað að meiri tengingu milli nemenda og aukið möguleika á þverfaglegri kennslu, þannig að meiri háskólabragur hefur myndast og mjög góður andi, HR-andi, ríkir í húsinu. Það tók svolítinn tíma að ná honum eftir flutningana en það náðist og hann hefur aldrei verið betri."

En hvernig er félagslífið við skólann? „Það er mjög virkt. Stúdentafélagið, sem starfar fyrst og fremst sem hagsmunafélag allra nemenda skólans, heldur utan um alls kyns starfsemi og stendur fyrir fjölmörgum skemmtilegum og vel sóttum viðburðum á hverju skólaári." Magnús nefnir nokkur dæmi um viðburði á vegum Stúdentafélagsins. „Við erum með sameiginlega árshátíð, jólaball, grímuball og aðrar uppákomur, nýnemaútilegu í ágúst sem öllum nemendum er boðið í og Ólympíuleika þar sem deildir keppa sín á milli í fótbolta, körfubolta og skotbolta og fleiri íþróttagreinum. Þess utan starfa nemendafélög í hverri deild innan skólans sem standa fyrir föstum viðburðum. Einnig eru alls konar klúbbar starfræktir, hlaupa-, fótbolta-, sjósunds- og spilaklúbbar svo fátt eitt sé talið, enda er metnaður lagður í að hafa félagslífið þannig að það höfði til sem flestra nemenda."

Magnús Júlíusson, formaður Stúdentafélags Háskólans í Reykjavík, segir námsframboð og kennslu við skólann til fyrirmyndar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Veita alþjóðleg tækifæri

Alþjóðadagur Háskólans í Reykjavík fer fram í dag, en þá gefst nemendum við skólann og ungu fólki færi á að kynna sér skiptinám erlendis. Margrét Jónsdóttir veitir alþjóðaskrifstofu Háskólans í Reykjavík forstöðu og veit allt um málið.

„Háskólinn í Reykjavík er alþjóðlegur háskóli og við leggjum mikið upp úr því að allir nemar skólans skapi sér alþjóðlega sérstöðu og færni; geti farið út í skiptinám, tekið námskeið á ensku eða unnið erlendis yfir sumartímann," útskýrir hún og segir með þessu reynt að koma til móts við kröfur vinnumarkaðarins.

„Evrópsk rannsókn sýnir að fjórutíu prósent atvinnurekanda krefjast eða vilja að starfsmenn sem þeir ráða til starfa búi yfir alþjóðlegri færni. Áður urðum við ósjálfrátt heimsborgarar við það að fara í háskólanám til útlanda en nú fara sífellt fleiri í masters- og doktorsnám á Íslandi. Þess vegna hefur aldrei verið eins mikilvægt og nú að halda alþjóðlegum tækifærum að nemendum." Það segir hún gert á Alþjóðadegi Háskólans í Reykjavík.

„Ungt fólk fær þarna einstaka innsýn í skiptinám erlendis því þarna mæta fyrrverandi og núverandi skiptinemar, erlendir skiptinemar við skólann og fulltrúar frá AISEC, Alþjóðaskrifstofu háskólastigsins, Evrópu unga fólksins og nokkrum erlendum sendiráðum og kynna sína starfsemi," útskýrir Margrét og segir viðburðinn njóta vaxandi vinsælda. „Viðtökurnar eru góðar og verða sífellt betri."

Margrét Jónsdóttir segir Háskólann í Reykjavík leggja mikið upp úr að nemendur öðlist alþjóðlega sérstöðu og færni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Saman látum við hjólin snúast

Háskólanám er góð fjárfesting.
Í Háskólanum í Reykjavík leggjum við áherslu á að skapa og miðla þekkingu í greinum þar sem stærstu tækifæri framtíðarinnar liggja í tækni, viðskiptum og lögum.

Tveir af hverjum þremur sem útskrifast úr háskólanámi í tæknigreinum koma nú frá Háskólanum í Reykjavík og um helmingur laga- og viðskiptamenntaðra. Við erum því mikilvæg driffjöður í gangverki samfélagsins.

UMSÓKNARFRESTUR:
- Grunnnáms er til 5. júní
- Framhaldsnáms er til 15. apríl og 5. júní

Kynntu þér námið á www.hr.is

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
SAMAN LÁTUM VIÐ HJÓLIN SNÚAST

ALLT SEM ÞIG VANTAR

Allar smáauglýsingar vikunnar á visir.is

Smáauglýsingasíminn er opinn alla daga kl. **8–17**

Smáauglýsingasíminn er **512 5000**
smaar@frettabladid.is / visir.is

Afgreiðslan er opin: alla virka daga **8–17**

BÍLAR & FARATÆKI

KRÓKUR BÍLAUPPBOÐ
www.bilauppbod.is

Þarftu að kaupa eða selja bíl?
Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

Bílauppboð - Krókur
Sími: 522 4610
www.bilauppbod.is
www.bilauppbod.is

City Runner

Rafvespurnar komnar!
Vorum að fá nýja sendingu af rafmagnsvespum. Verð 149,900.- Erum flutt að Laugavegi 168, í brekkunni við hliðina á ríkisskattstjóra.

City Runner ehf
Laugarvegur 168, 105
Reykjavík
Sími: 567 1040
Opið frá 13 til 18 mánudaga til föstudaga.

TOPPBÍLAR bílasala

TOYOTA Hilux double cab. Árgerð 2006, ekinn 86 Þ.KM, dísel, 5 gírar. Verð 3.190.000. Tilboð 2.590.000

Toppbílar
Kletthálsi 2, 110 Rvk.
Sími: 587 2000
www.toppbilar.is

100bilar.is bílasala

Audi A4 3,0 Quattro Wagon, árg.2002, sjálfsk, 221hö, 4x4, leður, lúga, Bose hljómkerfi, sportsæti omfl, Flottur og vel búinn bíll, Ásett verð aðeins 1990þús.kr, bíllinn er á staðnum,

100 bílar ehf
Þverholt 6, 270 Mosfellsbær
Sími: 517 9999
Opið virka daga 10-18.00 og laugardaga 12-16
www.100bilar.is

Bílar til sölu

Subaru Impreza árg. '07, sport. Sjsk., ek. 75 þús. Áhv. 1.600, ásett v. 2,4. Skoða skipti. S. 864 5299.

Terrano árg. '00 ek. 175 þús. V. 450 þús. Octavia árg. '01 ek. 198 þús. V. 500 þús. Uppl. í s. 659 0566.

Til sölu VW Polo árg. '01, beinsk. 1,4. Ek. 160þ. Ný heilsársdekk. Sk. '12. Toppbíll. V. 455 þús. S. 868 2352.

Toyota Avensis EXE WG árg.'08. Sjálfsk, silfurgráblár,svart leður og krókur. Ek 51 þús. 17"nýjar original álfelgur,ný vetrar og sumardekk. Verð 4.250þús Uppl. í s. 899 8948.

YARIS 1300 VÉL. (100% Lán)
Til sölu Toyota Yaris nýsk. 18.08.00 með 1300 vél ek. 138 þús. 5 dyra, NÝSK. 2012, álfelgur og vindskeið. Verð 590 þús. Möguleiki á 100% vísa/euro láni í allt að 36 mán. Uppl. í s. 693-5053

Eigum mikið úrval af kerrum á staðnum. 750 kg. kerrur frá 140.000 kr. www.topplausnir.is Lyngás 8, Garðabæ s:517 7718

0-250 þús.

!!! Ódýr Sjálfskiptur !!!
Mazda 323, árg '96, ekinn 176þús, sjálfskiptur, rauður, góð dekk, bíll í fínu standi, tilboðsverð aðeins 190þús, uppl í s: 659-9696

!!!! Tilboðsverð 210þús !!!!
Opel Vectra station 1.6 árg. '98, ekinn aðeins 148þús, beinskiptur, skoðaður, rúmgóður bíll sem eyðir litlu, eyðsla ca 8L/100, Tilboðsverð aðeins 210þús, uppl. í síma 659 9696.

500-999 þús.



Isuzu Trooper árg.'99 Diesel. Ek. 233 þús. yfirfarinn mótor, ný kúpling. 31" vetrardekk. 7 manna. Tilboð 750 þús. S. 659 3459.

Bílar óskast

Vantar bíl!
Óska eftir bíl fyrir allt að 350 þús. stgr. má þarfnast lagfæringa s. 659 9696.

!!! 0-250þús staðgreitt !!!
Óska eftir að kaupa bíl fyrir allt að 250þús., bíllinn má þarfnast lagf. eða skoðunar, helst ekki eldri enn '98, skoða allt. Hringdu í síma 691 9374.

Bíll óskast á 25-250þús.
Má þarfnast lagfæringa. Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms.

Japanskur fólksbíll óskast, t.d. Toyota, Nissan, Honda eða MMC.
Árg. 1998-2003. Vil helst bíl í góðu standi, en má þarfnast lagfæringa. Get borgað 100-350 þúsund. Uppl. 772-5450.

Sendibílar

568 5000 NÝJA SENDIBÍLASTÖÐIN NS

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

Kerrur

Vinnsælu netakerrurnar komnar aftur á frábæru verði stutt kr 179,999 löng kr 229,999 Hagkaup, sími 563-5000.

Hjólbarðar

Varahlutir, dekk og felgur á ýmsa bíla. S. 896 8568.

Varahlutir

Bílapartasala
Höfum opnað varahlutasölu með notaða varahluti í nýlega bíla www.netpartar.is

BILAPARTAR.IS
Notaðir TOYOTA varahlutir
Sími: 587 7659

Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga 9-18. Við erum þjónustuaðilar fyrir Úrvinnslusjóð. Eigum bíla til sölu. Bílapartar, Grænamýri 3, Mosfellsbær.

Varahlutir í primera '98. Baleno Wagon '97. Vitara árg. '97. MMC Space Wagon '97, Kia Sephia '99, Yaris '00, Corolla '94 ,'98, Escord '98. Accent '95 & '97 & '98. Impreza '97 & '99. Legacy '96. Almera '98. Carina '97, Vento '97, Lanos '99, Elantra Wagon '97 og '99 Civic '99. Golf '95, Sunny '94. Kaupi bíla til niðurrifs. S. 896 8568.

Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Skoda Oktavia árg. '03 og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 892 7852.

Til sölu varahlutir í Hyundai Sonata 97, Subaru Impreza 99 og Skoda felicia 99,

Peugeot 306 99. kaupi bíla til niðurrifs.

Partasala smiðjuvegi 11

sími 661 5270.

Erum að byrja að rífa VW Bora '01, VW Caddy '05, octavia 4x4, bensín og disel '05 og '07. Patrol '96, Honda CRV 00, Terios 99, marga Benz bíla, Pajero, disel 99. Golf '05, Ford Focus '00, Renault traffic '05 og Almera '98. Partahúsið opið 8:30-18 virka daga og 10-14 laugardaga. S. 555 6666.

Bílhlutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.
Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

VW, Skoda, Audi, varahlutir og viðgerðir S: 534 1045
Varahlutir í VW, Skoda og Audi bíla. Kaupum bíla til niðurrifs. Sérhæfum okkur einnig í viðgerðum á sömu tegundum. Bílabúið, Suðurhella 10, Hfj.

Flug

TF-IVR til sölu, en hún er af gerðinni Aeronca 7DC og er 2 sæta, með 85 hestafla hreyfli. Vélin hefur ekki flogið í nokkur ár og þarfnast lítils háttar viðhalds, en hún er skráð í „Experimental" flokk. Tilboð óskast. Uppl. gefur Ívar í s. 892-8568.

ÞJÓNUSTA

Pípulagnir

Faglærðir Píparar
Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

Pípulagnir
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Upplýsingar í síma 663 5315 & 699 6069.

HRAÐLAGNIR EHF Pípulagingarþjónusta
Viðhald og breytingar eru okkar fag. Fljót og góð þjónusta. S: 662-6277.

Garðyrkja

HreinirGarðar

Trjáklippingar og trjáfellingar

www.hreinirgardar.is
S.571-2000

Trjáfellingar og runnaklippingar. Gróður og garðar ehf. Jónas garðyrkjufræðingur

sími 697 8588.

Trjáklippingar
Trjáfellingar og runnaklippingar. Alhliða garða þjónusta. Eiríkur Sæland garðyrkjufræðingur. Sími : 848 1723.

TRJÁKLIPPINGAR
Klippi, felli og snyrti tré og runna. Alm. garðavinna. Ágúst Haukur garðyrkjufræðingur s. 848 9600.

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Málarar

20% afsláttur út feb
Fagleg vinnubrögð. Margra ára reynsla. Fáðu tilboð strax í dag, þér að kostnaðarlausu. Eiríkur, S.777 6799.

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. S. 896 5758.

Málarameistari
Jón Ingvar Garðarsson málarameistari tilboð - tímavinna s. 896 6148.

Húsaviðhald

Pípulagnir Arinbjarnar!
Allar almennar pípulagnir, nýlagnir, & skolplagnir.
Tökum út hitakerfi fjölbýlishúsa.
Að láta fagmann yfirfara hitakerfi húsa getur skilað allt að 20% orkusparnaði.
Áratuga reynsla í pípulögnum aðeins unnið af fagmönnum.
Pípulagnir Arinbjarnar
Flísaverk ehf verktakar.
897-5599

Steinslípun
Kjarnaborun
Steinsögun

Litli klettur
Gerum tilboð, þér að kostnaðarlausu
Litliklettur.is – s: 699-0355

Flisaverk.is
Gerum upp baðherbergið frá A-Ö
Niðurrif - Förgun - Pípulagnir - Rafmagn - Múrverk -Smíðavinna- Flísalagnir -Yfirförum ofnalagnir
Þú þarft ekki að leita lengra við sjáum um allt.
Sími 553 2200
kristjan@flisaverk.is

ERU RENNURNAR FARNAR AÐ LEKA OG KOMINN TÍMI Á AÐ LAGA ÞÆR. Tek að mér Lagfæringar, Upppsetningar, Þakviðgerðir, Viðgerðar á Bárjárnsklæðningu og alla aðra Blikksmíðavinnu. Uppl. s. 694 8448 Ólafur.

Tökum að okkur parketslípun
um allt land. 15 ára reynsla í parketlögnum, parketslípun, sólpallasmíði og sólpallaslípun. Einnig gegnheil eik til sölu. Sjáið myndir á www.parketsliparinn.is Uppl. í s. 772 8100.

K2 Náttúruvæn Loftstokkahreinsun

Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 568-3063 eða inná www.k2.is

Framkvæma ýmis verkefni, stór og smá.Uppl. i s.7722766 ,www.buildingexperts.is

Ástandsskoðun.
Góður undirbúningur að framkvæmd. Við aðstoðum húseigendur/húsfélög að skipuleggja framkvæmdir. Þetta sparar mikinn tíma og fjámuni. www.matfasteigna.is Sími 694 1385, mat@matfasteigna.is

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

Til sölu

Bjóðum úrval tækja til leigu

KRAFTVÉLALEIGAN

Dalvegur 6-8 / 201 Kópavogur / Sími 535 3570 / www.kraftvelaleigan.is

Tölvur

tölvuhjálp!
Yfirhalning á tölvu aðeins 2.000 kr.
Ókeypis vírusvörn
Nánar á www.tolvuhjalp.is
Sími 588-9590
Vesturvör 32a, Kópavogi

Tölvuviðgerðir, gagnabjörgun. Kem á staðinn. Gott verð. S. 699 6735 Baldvin.

Nudd

Nudd
Nudd nudd nudd heilnudd. Tilboð í dag. Uppl. í s. 616 6469.

NUDD. NUDD. NUDD. Exclusive Whole Body Massage For You. S. 692 2126, Alena.

Whole body massage. S. 849 5247.

GOTT NUDD - KR. 4500
TILBOÐ 2 SAMAN. Skrúbb, pottur, nudd og veitingar kr. 9900. DETOX-ÚTHR. Heilsumat og veitingar kr. 5500. DETOX 2 SAMAN heilsumat og veitingar kr. 9900. JB Heilsulind. S. 823 8280

Spádómar

Býð uppá símaspá og ræð einnig drauma. Ekkert mínútugjald. Tímapantanir í S. 891 8727, Stella.

Rafvirkjun

Lög.g Rafvirki getur tekið að sér verkefni. Gott verð í boði. Uppl S: 698 1524.

RAFVIRKJUN S. 896 6025
Tökum að okkur raflagnir og viðhald raflagna, dyrasímaþjónusta. Rafneisti ehf.

Trésmíði

2.is
BYGGINGAVERKTAKAR
Nýsmíði og viðhalds-þjónusta.
Tökum m.a. að okkur sumarbústaðasmíði, pallasmíði, hurða- og gluggaísetningar, þak- og utanhúsklæðningar ásamt öllu almennu viðhaldi á fasteignum.
Nánari upplýsingar í síma 5 111 222
2 ehf • sími 5 111 222 • email 2@2.is

Önnur þjónusta

Vorvörurnar eru komnar !
Nýjar vörur og eldri vörur eru seldar með afslætti. Opið í dag 13-19. Greenhouse Rauðagerði 26.

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
visir.is
Meiri Vísir.

KEYPT & SELT

Til sölu

TILBOÐ
Dömustígvél úr leðri. Verð: 14.500.- Misty skór Laugavegi 178, s: 551 2070

Skrifborð frá Hirslunni til sölu. Líta vel út. Seljast ódýrt. Uppl. Í síma 896 6551.

Ísskápar,þvottavélar,þurrkarar,eldavélar, uppþvottavélar,borð-uppþvottavél, 460l frystikista, tölvuflatskjár, sjónvörp, stór ljósritunarvél, stólar, borð, varahlutir, hjólbarðar og felgur á ýmsa bíla. S. 896 8568.

Óskast keypt

Kaupi gull !
Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.
Upplýsingar á demantar.is

í s. 699 8000 eða komið í Pósthússtræti 13 (við Austurvöll), Verið velkomin

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
Jón og Óskar - jonogoskar.is

s. 552-4910.

Til bygginga

MÓTAPLÖTUR
Í STÆRÐUNUM 50 X 250 cm
OG 50 X 300 cm
KVARNIR
SALA LEIGA
Tunguháls 15
Sími: 564 6070
www.kvarnir.is

Verslun

bathmate
Bathmate er nú með CE vottun!
Meiri stinning, kraftur og lengri limur ásamt tip top reðurheilsu!
Pantana & upplýsingasími
849 0698
www.bathmate.is

FULL BÚÐ AF NÝJUM VÖRUM!!

Kjólar, peysur, bolir. Emilía Bláu húsin Faxafeni s: 588-9925 emilia.is

HEILSA

Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

Árangur með Herbalife í 30 ár. Hringdu og fáðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

Þjónusta

Reykstopp með árangri s:694 5494
Viðar Aðalsteinsson dáleiðslufræðingur og sérfræðingur í EFT www.theta.is

Nudd

TANTRA MASSAGE
Authentic initiation into the tantric mysteries with tantra massage. Unique experience for men, women and couples. Tel: 698 8301 www.tantra-temple.com

Vandaðir og ódýrir ferðanuddbekkir og ólléttubekkir til sölu. Uppl. í 8916447 Óli

HEIMILIÐ

Húsgagnaviðgerðir

Nýsmíði og viðgerðir
Húsgangaverkstæði Ingibjargar Dalveg 16c S. 544 5080 og 822 9477.

Dýrahald

Íslenskur 3 ára fjárhundur fæst gefins á gott heimili. Sverrir 8978760

TÓMSTUNDIR & FERÐIR

Hestamennska

HESTAR & MENN

TILBOÐSDAGAR
20% AFSLÁTTUR AF VÖLDUM HNÖKKUM 30% AFSLÁTTUR AF ART HJÁLMUM HESTAR OG MENN ÖGURHVARFI 1 SÍMI 567 3300

Til leigu

Danish company looking for a house in Gardabær

Danish company, looking for a house to rent in Gardabær, minimum 200 square metre.

Rent period:
latest June 2011 to June 2012.
Please contact on +45 41286021

Til Leigu – Kletthála 1a

Um er að ræða tæplega 1.000 Fm stálgrindarhús í mjög góðu ástandi. Húsið stendur á 3000 fm einkalóð, með góðum bílastæðum og athafnasvæði.

Áhugasamir hafi samband í síma 8228832 eða 8228844. Einnig má senda fyrirspurn á póstfangið, sb@vellir.is.

SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Námskeið

Námskeið í Tælenski matargerð, 3,990kr á mann. Topon.is S. 868 8359.

HÚSNÆÐI

Leigumiðlanir

Leiguliðar ehf
Fossaleyni 16
Skrifstofa Leiguliða auglýsir lausar íbúðir, leiguverð frá kr. 87.000. Reykjavík, Selfoss, Þorlákshöfn, Akranes, Hafnarfjörður. Gæludýr leyfð.
Sjá www.leigulidar.is eða 517 3440

Húsnæði í boði

3herb,77fm íbúð til leigu í Grafarholti. Neðri hæð í einbýli,sérinngangur. Leiga 100Þ. Hiti&Rafm. innifalið. Axel S:693 2335.

Einstaklingsíbúð í Seljahv. til leigu, laus 1.mars, ekki baðaðstaða, snyrtimennska og reglusemi áskilin. Uppl í síma : 899 8195.

ROOM f/RENT w/FURNITURE 108 RVK NEAR KRINGLA AND IN 109/111 BREIÐHOLT 8973611

Húsnæði óskast

30 ára kvk í námi óskar eftir lítilli íbúð til leigu á höfuðborgarsv. S: 695-6342

Húsnæði til sölu

Raðhús +bílskúr á besta stað í Kópavogi,stærð 166fm, V. 34,8m,áhv. 30,5m,skipti á minni eign í Kópavogi. Hveragerði Eyrabakka,Þorlákshöfn eða Selfoss. Uppl.í síma 845-2353.

Geymsluhúsnæði

www.geymslaeitt.is
Sér geymslur frá 4 til 17 m2. Lágt verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

www.buslodageymsla.is
Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

geymslur.com
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

Bílskúr

Bílskúr óskast, skoða allt. Sverrir 8978760

ATVINNA

Atvinna í boði

Lækjarbrekka
Alltaf sígild - Alltaf ljú

Veitingahúsið Lækjarbrekka
Eitt elsta og þekktasta veitingahús í bænum leitar að matreiðslumanni. Í boði er traust fyrirtæki, góður vinnuandi og þægilegt umhverfi.
Upplýsingar um starfið veitir Ívar: 551-4430

HANDVERK Í HÁVEGUM HAFT
KORNIÐ
BAKARÍ

Kornið
Afgreiðslukonur vantar á Tjarnarvelli. Alla virka daga frá 11-18. Verða að geta byrjað strax! Íslenskukunnátta algjört skilyrði.
Umsóknir með mynd sendist á umsokn@kornid.is

Óska eftir að ráða aðstoðarfólk í eldhús og þjóna í sal. Uppl. í s. 863 8683/511 1866 Linga.

Óskum eftir að ráða vana handflakara. Uppl. í s. 483 3548.

Við viljum bjóða þér skemmtilega aukavinnu. Miklir tekjumöguleikar. Uppl. gefur Gunnar í s. 7773391

TILKYNNINGAR

Einkamál

SÍMAÞJÓNUSTUR

Stefnumót
905 2000 (símatorg)
535 9920 (kreditkort)
535 9923 (frítt karlar)
555 4321 (frítt konur)
Spjall
904 5454 (símatorg, karlar)
535 9940 (kreditkort karlar)
555 4321 (frítt, konur)
Gay spjall
535 9988 (kreditkort)
Sögur
905 2002 (símatorg)
535 9930 (kreditkort)
Spjalldömur
908 6000 (símatorg)
535 9999 (kreditkort)

Til sölu

FJÁRFESTING
FASTEIGNASALA EHF
Sími 562 4250
Óskar Þór Hilmarsson
Löggiltur fasteignasali
Borgartún 31 - 105 Reykjavík - www.fjarfesting.is - fjarfesting@fjarfesting.is

SÖLUTURN TIL SÖLU
Vogaturninn Gnoðarvogi

Til sölu söluturninn Vogaturninn við Gnoðarvog 46 í Reykjavík (beint á móti Menntaskólanum við Sund). Söluturninn er vel staðsettur með veitingasölu og öruggri veltu allt árið. Hann er í ca. 65 fm. eigin húsnæði þannig að rekstur og húsnæði selst saman. **Uppl. hjá sölumönnum Fjárfestingar í síma 562-4250 eða hjá Hilmari í síma 896-8750.**

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

998
KR.kg

KS **LAMBALÆRI** FROSIÐ

GOTT VERÐ Í BÓNUS

DANSKUR **KJÚKLINGUR**
FROSINN **1,6** KG/STK

898
KR.stk
(562 kr.kg)

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda
VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

†

Innilegar þakkir sendum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og vinarhug við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður og afa

Valdimars Þ. K. Þórðarsonar
Álfheimum 54.

Erla S. Guðmundsdóttir
Sigrún E. Valdimarsdóttir — **Birgir S. Jóhannsson**
Þórður Valdimarsson
Tryggvi Þór Valdimarsson
Jóhann Bragi, Edda María, Erla Valgerður
Aníta Ýr og Bjarki Freyr.

†

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar og tengdafaðir

Reynir Guðlaugsson
bóndi frá Hrísum Helgafellssveit, Vallarflöt 5 Stykkishólmi,

lést sunnudaginn 13. febrúar. Útför hans fer fram frá Stykkishólmskirkju föstudaginn 25. febrúar kl. 14.00.

Halldóra Baldursdóttir
Guðrún Karólína Reynisdóttir — **Magnús Guðmundsson**
Unnar Reynisson — **Guðrún Gunnarsdóttir**
Steingrímur K. Reynisson — **María Lovísa Ragnarsdóttir**
Margrét Reynisdóttir — **Agnar Björnsson**
Anna Reynisdóttir — **Páll Aðalsteinsson**
Bryndís Reynisdóttir — **Oddur Óskar Pálsson.**

†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

Halldóra Þorgilsdóttir
Árskógum 2, (Skógarbæ) Reykjavík,

lést að Skógarbæ þann 15. janúar síðastliðinn. Útför hennar hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Við færum öllu því yndislega fólki á Skógarbæ sem annaðist hana af mikilli alúð okkar bestu þakkir.

Guðrún Emilía Guðnadóttir
Þorgils Guðnason — **Úlfhildur Hafdís Jónsdóttir**
Jón Guðnason — **Svava Árnadóttir**
Ingólfur Guðnason — **Ingigerður Þorgeirsdóttir**
Guðni Halldór Guðnason — **Eiko Guðnason**
barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabarn.

†

Elskulega dóttir okkar, móðir mín, tengdadóttir, systir og amma

Vigdís Jónsdóttir
frá Selfossi, Hátúni 10 Reykjavík,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurlands, þriðjudaginn 15. febrúar. Útförin fer fram frá Selfosskirkju, laugardaginn 26. febrúar n.k. kl. 13.30.

Guðríður Magnúsdóttir — **Jón Hjartarson**
Guðjón Þórisson — **Hanna Rut Samúelsdóttir**
Jóhanna Jónsdóttir Lysgard — **Stein Age Lysgard**
Grímur Jónsson — **Stefanía Geirsdóttir**
og barnabörn.

LEGSTEINAR OG FYLGIHLUTIR
- Á AFSLÆTTI
Komdu við eða kynntu þér þjónustuna á www.shelgason.is
S:HELGASON
Skemmuvegi 48 | 200 Kópavogur | sími 557 6677 | www.shelgason.is

†

Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi

Elfar Berg Sigurðsson
hljómlistarmaður og fyrrverandi kaupmaður Efstakoti 6, Álftanesi,

lést á Landspítalanum föstudaginn 18. febrúar. Útförin fer fram í Víðistaðakirkju, mánudaginn 28. febrúar kl. 13.00.

Guðfinna Sigurbjörnsdóttir
Unnur Berg Elfarsdóttir — **Guðgeir Magnússon**
Bjarni Berg Elfarsson — **Berglind Libungan**
Ylfa Berg Bjarnadóttir og Birna Berg Bjarnadóttir

†

Elsku eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma

Erna Sigurjónsdóttir
Goðabyggð 18, Akureyri,

sem lést á dvalarheimilinu Hlíð mánudaginn 14. febrúar, verður jarðsungin frá Akureyrarkirkju föstudaginn 25. febrúar kl. 13.30.

Sævar Hallgrímsson
Sólveig Sævarsdóttir — **Guðmundur Skarphéðinsson**
Sigrún Sævarsdóttir — **Skapti Hallgrímsson**
Þórdís Ósk Sævarsdóttir — **Örn Arnar Óskarsson**
Baldvin og Rakel, Arna, Bjarki og Elín, Alma, Sara, Karen Lind, Aron Örn, Nína Rut og Stella.

†

Okkar ástkæra

Guðrún Símonardóttir
Hagamel 25, Reykjavík,

lést á Landspítalanum Fossvogi laugardaginn 12. febrúar. Útförin verður í Neskirkju í dag, þriðjudag, 22. febrúar kl. 13.00.

Gerður Unndórsdóttir — **Vilhjálmur Einarsson**
Albína Unndórsdóttir — **Sigurður Ágústsson**
Þórdís Unndórsdóttir — **Jón S. Guðnason**
Jón E. Unndórsson — **Elfa Sigvaldadóttir**
Símon R. Unndórsson — **Lára I. Hallgrímsdóttir**
barnabörn og barnabarnabörn.

†

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir og amma

Kristín Einarsdóttir
frá Bessastöðum,

lést á Landspítalanum við Hringbraut föstudaginn 18. febrúar. Útför fer fram frá Melstaðarkirkju í Miðfirði laugardaginn 26. febrúar kl. 14.00. Sætaferð verður frá BSÍ sama dag kl. 10.00.

Ólöf Birna Kristínardóttir — **Kristinn Freyr Þórsson**
Friðgeir Einar Kristínarson — **Kristín Helga Kristinsdóttir**

†

Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Gunnar Árnason
Kirkjuvegi 5, Keflavík,

lést á Landspítalanum Fossvogi, fimmtudaginn 17. febrúar. Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju, fimmtudaginn 24. febrúar kl. 13.00.

Árni Gunnarsson — **Ásgerður Þórarinsdóttir**
Páll Gunnarsson — **Renada El-Dursi**
barnabörn og barnabarnabörn

tímamót

timamot@frettabladid.is

75 ÁRA Í DAG Margt stórsöngvara syngur til heiðurs Eiði Ágústi á hádegistónleikum í Fríkirkjunni í Reykjavík í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

EIÐUR ÁGÚST GUNNARSSON: FÆR TÓNLEIKA Í 75 ÁRA AFMÆLISGJÖF

Fann ástina við bridge-borðið

„Ég er töluvert spenntur yfir þessari fallegu gjöf og held það hljóti að vera einsdæmi að söngnemendur haldi tónleika til heiðurs söngkennara sínum," segir bassasöngvarinn og söngkennarinn Eiður Ágúst Gunnarsson, en í tilefni 75 ára afmælis hans munu gamlir söngnemendur hans halda hádegistónleika í Fríkirkjunni í Reykjavík. Allir sem unna tónlist eru velkomnir á tónleikana, sem hefjast klukkan 12.15.

„Það verður mikil upplifun að heyra þá syngja til mín því yfirleitt er þessu öfugt farið. Þegar menn eru komnir á vissan aldur og halda rödd sinni blása þeir gjarnan til tónleika að gamni sínu og leyfa fólki að heyra að þeir geti enn sungið," segir Eiður, sem mun þó ekki taka lagið með nemendum sínum í dag.

„Ég hefði svo glaður viljað halda söngröddinni lengur, því fátt finnst mér yndislegra en að syngja, en geislameðferð í kjölfar krabbameins í hálsi skemmdi raddbönd mín og barka fyrir tveimur árum," segir Eiður, sem kennir enn söng.

„Heilsan er að bregðast mér og ég er nú kominn með Parkinson-sjúkdóminn. Því get ég ekki einbeitt mér eins og skyldi, en þó sagt mönnum til. Því koma enn nemendur sem vita ekki hvert þeir eiga að fara ef ég hætti," segir Eiður.

„Móðir mín uppgötvaði sönghæfileikana, en hún var mikill tónlistarunnandi og hlustaði tíðum á klassíska tónlist. Röddina erfði ég frá pabba, sem hafði afar hljómfagra talrödd en var laglaus. Mig langaði því alltaf í söngnám en á þeim árum hafði fólk ekki mikið á milli handanna. Því lærði ég ekki söng fyrr en um tvítugt, þegar móðir mín hvatti mig enn og aftur í Tónlistarskólann í Reykjavík og síðar Óperuskólann í Reykjavík, og utan til náms fór ég ekki fyrr en þrítugur," segir Eiður, sem þá var orðinn of gamall til inngöngu í Óperuskólann í Köln, þar sem aldurshámarkið var 27 ár.

„Í Þýskalandi var ég heppinn með söngkennara og hann svo hrifinn af rödd minni að hann kom mér að í skólanum sem gestanemanda. Ég hafði ætlað mér að fá nasasjón af söng hjá góðum kennara og var aldrei viss um að söngurinn ætti fyrir mér að liggja. Því ætlaði ég heim eftir tveggja ára nám, en þá ætlaði hann upp úr þakinu og sagði það ekki koma til mála því menn með svona rödd skyldu syngja. Ég lyppaðist því niður, hélt áfram og starfaði sem atvinnusöngvari í Þýskalandi og Austurríki í 22 ár, eða þar til ég ákvað að koma heim sumarið 1987 til að verða gamall á Íslandi," segir Eiður, sem áratugina í Þýskalandi bjó þar með eiginkonu sinni Lucindu Grímsdóttur og syni þeirra.

„Við vorum ánægð úti enda gott að búa í Þýskalandi. Þótt Þjóðverjar hafi misjafnt orð á sér í útlöndum eru þeir talsvert öðruvísi heima hjá sér, með eindæmum gestrisnir og indælir. Þeir reyndust okkur því afar vel og víst eignast maður vini ef maður á annað borð umgengst fólk, en það kemur aldrei í staðinn fyrir fjölskylduna. Okkur hraus því hugur við að eldast ein fjarri ættingjum og fósturjörðinni," segir Eiður, sem ólst upp í Laugarnesinu og kynntist eiginkonu sinni á bridge-móti í Búnaðarbankanum haustið 1965.

„Þá vantaði hana mótspilara og var bent á mig sem var laus, en henni leist ekkert á að spila á móti manni sem hún þekkti ekki. Á endanum gaf hún eftir og síðan höfum við verið saman, ánægð með hvort annað. Þetta var ást við fyrstu sýn og fjögur hjörtu við brigde-borðið," segir Eiður sæll.

thordis@frettabladid.is

markhonnun.is

netto

Ódýrt fyrir heimilið!

FISKUR VIKUNNAR!

Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is**
Mjódd - Salavegur - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær

Tilboðin gilda **24. – 27. febrúar**
eða meðan birgðir endast

Birtist með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.

krossgáta



LÁRÉTT
2. vond, **6.** í röð, **8.** rjúka, **9.** gogg, **11.** á fæti, **12.** tjón, **14.** vínblanda, **16.** í röð, **17.** þvottur, **18.** háttur, **20.** í röð, **21.** ilmur.

LÓÐRÉTT
1. mælieining, **3.** fíngerð líkamshár, **4.** uppnám, **5.** mas, **7.** hvatning, **10.** spor, **13.** hrygning, **15.** skvetta, **16.** strá, **19.** tveir eins.

LAUSN
LÁRÉTT: **2.** slæm, **6.** að, **8.** ósa, **9.** net, **11.** il, **12.** ógagn, **14.** grogg, **16.** íj, **17.** tau, **18.** lag, **20.** rs, **21.** angi.
LÓÐRÉTT: **1.** nanó, **3.** lo, **4.** æsingar, **5.** mal, **7.** æegðjan, **10.** far, **13.** got, **15.** gusa, **16.** íla, **19.** gg.

Sýslumaðurinn á Húsavík
UPPBOÐ - LEIÐRÉTT AUGLÝSING

Framhald uppboðs á eftirfarandi eignum verður háð á þeim sjálfum, sem hér segir:

Garðarsbraut 26, 01-202, fnr. 215-2581, 640 Húsavík, Norðurþingi, þingl. eig. Sigurhæðir ehf. gerðarbeiðandi Sparisjóður Hornafjarðar/nágr, fimmtudaginn 24. febrúar 2011 kl. 11:00.

Aðalbraut 16, fnr. 216-7262, 675 Raufarhöfn, Norðurþingi, þingl. eig. Álfasteinn ehf, gerðarbeiðandi Guðmundur Óli Björgvinsson hrl. skiptastjóri f.h. þb. Álfasteins ehf, fimmtudaginn 03. mars 2011, kl. 11:00.

Aðalbraut 20-22, fnr. 216-7244, 675 Raufarhöfn, Norðurþingi, þingl. eig. Álfasteinn ehf, gerðarbeiðandi Guðmundur Óli Björgvinsson hrl. skiptastjóri f.h. þb. Álfasteins ehf, fimmtudaginn 03. mars 2011, kl. 12:00.

Vesturvegur 4a, fnr. 216-7950, 680 Þórshöfn, Langanesbyggð, þingl. eig. Þorsteinn Vilberg Þórisson, gerðarbeiðandi Tryggingamiðstöðin hf, fimmtudaginn 03. mars 2011 kl. 14:00.

Sýslumaðurinn á Húsavík
21. febrúar 2011

Reykjavíkurborg
Skipulags- og byggingarsvið

Uppbygging við Landspítala-Háskólasjúkrahús. Holtsgöng, breytingar á gatnaskipulagi.

Vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar Landspítalans-Háskólasjúkrahús við Hringbraut er í undirbúningi gerð nýs deiliskipulags fyrir svæðið. Einnig eru í undirbúningi breytingar á aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024 og svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001-2024.
Samkvæmt 1.mgr. 23. gr., 1. mgr. 30. gr. og 1. mr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 2. mgr. 6.gr. laga nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana, hafa verið lagðar fram verkefnislýsingar um hvernig staðið verður að skipulagsgerðinni og umhverfismati þeirra.

Nálgast má verkefnislýsingarnar á vefsvæði skipulags- og byggingarsviðs Reykjavíkurborgar, ***skipbygg.is***.

Skipulagsstjórinn í Reykjavík

BORGARTÚNI 12-14 - 105 REYKJAVÍK - SÍMI 411 1111 - MYNDSENDIR 411 3071

Kyssuber

BAKÞANKAR
sr. Sigurðar Árna Þórðarsonar

Kirsuberjatréð í garðinum okkar var þakið rauðum og safaríkum berjum haustið 2010. Mér kom á óvart að berin skyldu verða á annað hundrað strax á fyrsta sumri. Blómin voru falleg og ummynduðust síðan í berjaknúppa. Svo færðist roðinn yfir og börnin í hverfinu komu hlaupandi til að sjá undrið.

BER EÐA ekki ber, súr eða sæt? Ég heyrði samtal fimm ára ungsveina. Heimadrengur spurði: „Viltu kyssuber?“ En svo bætti hann við þessum mikilvæga bakþanka: „Passaðu þig, ef maður borðar kyssuber verður maður ástfanginn.“ Og hinn vildi ekki lenda í slíkum hryllingi – að verða ástinni að bráð – og vildi því engin „kyssuber!“ Bylting er hafin á Íslandi. Það er ávaxtainnrás. Ávextir hafa verið ræktaðir í áratugi á Íslandi, en í litlum mæli þar til nú. Ávaxtajöfrarnir, þeir Sæmundur Guðmundsson á Hellu og Jón Guðmundsson á Akranesi, hafa sannfært jafnvel varfærnasta ræktunarfólk um að ávaxtatré geta lifað í okkar skjóli og líka borið ávöxt. Fyrst mögulegt er að rækta í seltunni á Skaganum og öskunni á Hellu er ástar von í öðrum sóknum. Í Bjarnarfirði á Ströndum verða ræktuð ávaxtatré, í Ystafellsskógi í Kinn og Vatnaskógi líka.

STJÓRN Garðyrkjufélags Íslands ákvað að stofna klúbb ávaxtaræktenda. Viðbrögðin voru meiri en nokkurn óraði fyrir. Í síðustu viku komu um eitt hundrað áhugamenn um ávaxtaræktun í safnaðarheimili Neskirkju og stofnuðu klúbbinn. Nú hafa klúbbfélagar pantað á þriðja þúsund ávaxtatré frá Finnlandi til að setja í íslenska mold í vor. Það verða eplatré, kirsuberjatré, plómutré og ekki má gleyma perunum. Og plöntustöðvar landsins munu líka selja fjölda trjáa. Á næstu árum munu íslenskir ávextir vaxa, gleðja og næra.

MARTEINN Lúther var einu sinni spurður hvað hann myndi gera ef hann vissi að heimsendir yrði að morgni. Siðbótarmaðurinn var vitur og kenndi líftengda guðfræði og svaraði: „Ég myndi planta eplatré.“ Gagnvart áþján, kvíða, hörmungum, spillingu – þessum hefðbundnu heimsendum – eru fá meðul betri en að efla lífið með ræktun. Ávaxtaræktun er aðeins til góðs. Enginn skyldi heldur óttast að ávaxtatrén muni yfirtaka náttúru Íslands.

MÁ BJÓÐA þér kyssuber? Drengurinn hefur rétt fyrir sér, maður verður ástfanginn. Þó að litlir karlar séu bangnir við ástina kunnum við sem eldri erum henni vel og óttumst ekki brímann. Gleðin yfir mætti lífsins styrkist í huga við ræktun. Epli, plómur og perur bragðast vel. Já, takk, líka kyssuber.

myndasögur

Pondus — Eftir Frode Overli

Gelgjan — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Handan við hornið — Eftir Tony Lopes

Barnalán — Eftir Kirkman/Scott

Allar pizzur af matseðli á 1.390 kr.*

MEGAVIKA

40% AFSLÁTTUR af meðlæti og gosi.*

Vikuna 21. – 27. febrúar 2011

*Af matseðli, ef þú sækir.

58·12345
dominos.is

Domino's Pizza®

Stefánsson & Stefánsson



Konunglegur niðurskurður

Stóra málið í Bretlandi er án nokkurs vafa að 1.900 manns fengu um helgina boðskort í brúðkaup þessa áratugar, hjá þeim Kate Middleton og Vilhjálmi Bretaprins.

SÁTT VIÐ GESTALISTANN Vilhjálmur og Kate Middleton ganga í hjónaband hinn 29. apríl næstkomandi. 1.900 gestir fá að sækja athöfnina sjálfa en aðeins þrjú hundruð er boðið í kvöldverðinn sem Karl Bretaprins heldur. NORDIC PHOTOS/GETTY

Breskir fjölmiðlar höfðu spáð því að brúðkaupið yrði ekkert VIP-partí fyrir fræga og fína fólkið. Vissulega fá þessir 1.900 að vera viðstaddir giftinguna sjálfa í Westminster Abbey hinn 29. apríl. Meðal þeirra sem eru á listanum eru Beckham-hjónin og David Cameron en Vilhjálmur kynntist þeim náið þegar þeir unnu að því að fá HM í knattspyrnu til Englands. Elton John er að sjálfsögðu einnig á listanum en breskir fjölmiðlar fjölluðu mikið um fjarveru Söruh Ferguson, hertogaynjunnar af York. Hún var náin vinkona Díönu prinsessu á sínum tíma en talið er að nýlegt hneykslismál, þar sem Sarah reyndi að selja aðgang að fyrrverandi eiginmanni sínum, hafi gert útslagið.

Þegar hjónaleysin hafa sagt gullnu orðin og játast hvort öðru frammi fyrir Guði og mönnum verður skorið rækilega niður á gestalistanum og fræga fólkinu fækkað, því aðeins sex hundruð fá að sækja sérstakan hádegisverð í boði Elísabetar drottningar. Þar er fastlega reiknað með því að meirihluti gestanna verði vinir parsins. Vilhjálmur hefur enda eytt miklum tíma í breska hernum og eignast marga nána félaga og hið sama má segja um Kate og skólasystur hennar. Fjölmiðlar hafa þó ekki enn komist á snoðir um hverjir hlutu boð í þá veislu.

Þeir sem fá þrjú boðskort geta svo sannarlega sagst þekkja brúðhjónin, því aðeins 300 er boðið í kvöldverð sem Karl Bretaprins heldur. Gert er ráð fyrir að í því teiti verði dansað langt fram á nótt og drukkið. „Þetta brúðkaup á að endurspegla þeirra opinbera og persónulega líf," hefur The Sun eftir heimildarmanni sínum í konungsfjölskyldunni. **- fgg**

Tónlist ★★★

Ballið á Bessastöðum

Tónlist úr leikriti

Snotur lítil leikhúsplata

Á þessari plötu eru níu lög eftir Braga Valdimar Skúlason við texta eftir Gerði Kristnýju og Braga. Þau eru hluti af leiksýningunni Ballið á Bessastöðum sem nú er sýnt í Þjóðleikhúsinu. Bragi Valdimar er rómaður textahöfundur en hann er alltaf að sýna það betur og betur að hann er líka liðtækur lagasmiður. Hann sló í gegn með eftirminnilegum hætti á plötunni Diskóeyjunni í fyrra og þó að það vanti töluvert upp á að Ballið nái sömu hæðum og Eyjan er þetta samt ágæt leikhúspoppplata og lagasmíðarnar alls ekki slæmar.

Platan er unnin í poppverksmiðju Kidda og Memfismafíunnar, sem tryggir flottan hljóm og fyrsta flokks hljóðfæraleik. Útsetningarnar eru nokkuð fjölbreyttar. Poppið fær á sig reggíblæ í titillaginu og annars staðar má heyra diskó, kántrí og fleiri tilbrigði. Eins og eðlilegt er við leikhústónlist af þessu tagi eru raddirnar hátt mixaðar þannig að textarnir komist vel til skila. Leikarar sýningarinnar sjá um sönginn að mestu og skila honum ágætlega, en Sigurður Guðmundsson syngur Fagrar litlar diskókýr og Valdimar (úr samnefndri sveit) og Sigríður Thorlacius syngja Söng bráðkvadda bakarans. Lögin níu fylgja svo án söngs, sem er vel til fundið því þau virka ekki síður vel þannig.

Á heildina litið snotrasta poppplata.

Trausti Júlíusson

Niðurstaða: **Fín leikhúspoppplata úr verksmiðju Memfismafíunnar.**

Afþakkaði stefnumót

Ashton Kutcher upplýsti nýverið að draumastúlka hans hefði eitt sinn verið Jennifer Aniston.

„Ég var mjög hrifinn af henni og sór að ég ætti eftir að fara með henni á stefnumót einn daginn. Vinur minn ákvað að breyta þessu í veðmál en það voru engin tímamörk þannig ég get ennþá unnið þetta veðmál," sagði Kutcher, sem bauð Aniston á stefnumót þegar hún var enn gift Brad Pitt. „Hún afþakkaði boðið. Ekki er þó öll von úti, nú er þetta bara spurning um að sannfæra eiginkonuna um að hleypa mér á stefnumót með annarri konu."

HRIFINN Ashton Kutcher upplýsti að Jennifer Aniston hefði eitt sinn verið draumastúlkan hans. NORDICPHOTOS/GETTY

EINN SÁ BESTI!

KILLZONE 3 er fjórði leikurinn í hinni geysivinsælu Killzone seríu, en hér er á ferðinni fyrstu persónu skotleikur sem meðal annars gerir leikmönnum kleift að spila fullkomlega með Move Stýripinnanum. Í Killzone 3 halda leikmenn áfram baráttu sinni við hið illa Hleghast veldi, sem virðist með öllu óstöðvandi. Netspilun Killzone 3 er stórkostleg, en þar geta leikmenn notað farartæki, fengið stöðuhækkanir, valið úr fleiri spilunarmöguleikum og margt fleira.



DÚNDURDÓMAR

Gaming Age 9.5/10 · NZGAMER 9.4/10 · gamesradar 9/10
DESTRUCTOID 10/10 · GAMEZONE ONLINE 9.5/10 · 9.4/10
VANDAL ONLINE 9.2/10 · PSU PLAYSTATION 9.5/10 · CD ACTION 9/10

Kvöld-opnun
Skífunni kringlunni
frá kl. 20.00
leikurinn seldur kl. 22:00

ORKA

Orka frá Ölgerðinni og pizzur frá Wilson's pizza fyrir gesti á meðan birgðir endast.

Wilson's PIZZA

Lendir í næstu viku
10.999

Fullkomnaðu leikinn með Move stýripinna. Það er bara miklu skemmtilegra!

Kemur á fimmtudaginn

Útgáfutilboð
9.999*

Allir bestu PS3 skotleikirnir

Tveimur árum eftir árás Helghast á Vekta eru ISA í baráttunni við Helghast. Markmið þeirra er að fanga leiðtogann, keisarann Visari, og stöðva útrás Helghast.

Verð áður: 4.699
3.999*

100 af 100
Official PlayStation Magazine

Nýjasti Call Of Duty dembir spilurum beint í hasarinn í kringum Kalda stríðið á sjötta áratugnum. Frá frumskógum Víetnam til hinna snævi þöktu Úralfjalla þarft þú og félagar þínir að fara aftur fyrir víglínu óvinarins.

Verð áður: 11.999
9.999*

Medal of honour serían snýr aftur eftir langt hlé og í fyrsta sinn í nútíma hernaði. Leikurinn gerist í Afganistan þar sem þú þarft að berjast með U.S. Army Rangers og Tier 1 Elite Ops Special Forces hermönnum á móti óvinum sem taka sér aldrei frí.

Verð áður: 7.999
6.999*

Geggjaður Battlefield leikur þar sem leikmenn ganga í stríð með Bad Company herdeildinni. Leikurinn inniheldur magnaðan söguþráð þar sem þú getur unnið sérstaka vinninga ef þú þorir.

Verð áður: 8.999
7.999*

Platinum leikir á tilboði

Verð áður: 4.999
3.999*

Í þessu frábæra framhaldi berst Nathan Hale við stórbrotin kvikindi.

Geggjaður hasarleikur þar sem Rico Rodriguez á stórleik.

Einn af bestu leikjunum sem hafa verið gefnir út á PS3.

Batman er mættur aftur til að bjarga heiminum.



Einn af bestu skotleikjum fyrr og síðar. 100.000 spilarar á dag.

Metsöluleikurinn fyrir þá sem vilja fullkominn hasar.

Hver vill ekki þeysast um Los Angeles borg á flottum sportbíl.

Hetjan Nathan Drake snýr aftur í þessum stórgóða leik.

Playstation MOVE

12.999*

Með Move Starter Pack lætur þú líkamann stjórna ferðinni.
Þú vilt vera við stjórn!

KRINGLAN OG LAUGAVEGUR 44 · 591 5300 · WWW.SKIFAN.IS

*Tilboðin gilda til fimmtudagsins 24. febrúar

LOGI GUNNARSSON og félagar í Suðurliðinu höfðu betur á móti Hlyni Bæringssyni og Jakobi Sigurðarsyni í Norðurliðinu í Stjörnuleik sænska körfuboltans í gærkvöldi. Logi skoraði fimmtán stig í 128-117 sigri þar af 11 þeirra í lokaleikhlutanum. Jakob var með 14 stig, 4 fráköst og 4 stoðsendingar og Hlynur skoraði 8 stig, tók 7 fráköst og gaf 5 stoðsendingar.

ÚRSLIT Í GÆR

N1-deild karla

FH - Akureyri 30-23 (13-12)
Mörk FH (skot): Ásbjörn Friðriksson 8/1 (11/1), Baldvin Þorsteinsson 7 (9), Ólafur Gústafsson 6 (13), Örn Ingi Bjarkason 2 (5), Ari Magnús Þorgeirsson 2 (3), Ólafur Andrés Guðmundsson 2 (7), Atli Rúnar Steinþórsson 1 (2), Þorkell Magnússon 1 (1), Halldór Guðjónsson 1 (3) Benedikt Reynir Kristinsson 0 (1).
Varin skot: Daníel Freyr Andrésson 17/1, Pálmar Pétursson 3.
Hraðaupphlaup: 4 (Baldvin 3, Ásbjörn)
Fiskuð víti: 3 (Hörður, Ólafur, Baldvin)
Mörk Akureyrar (skot): Guðmundur Hólmar Helgason 6 (14), Bjarni Fritzson 3/1 (8/3), Daníel Einarsson 5 (7), Guðlaugur Arnarson 2 (2), Bergvin Gíslason 2 (3), Hörður Fannar Sigþórsson 2 (2), Heimir Örn Árnason 1 (5), Ásgeir Jóhann Kristinsson 1 (2), Jón Heiðar Sigurðsson 1 (1).
Varin skot: Sveinbjörn Pétursson 26.
Hraðaupphlaup: 5 (Bjarni 2, Heimir, Bergvin, Ásgeir). **Fiskuð víti:** 2 (Bjarni 2)

HK-Valur 28-32 (17-16)
Mörk HK: Atli Ævar Ingólfsson 9, Bjarki Már Elísson 6, Ólafur Bjarki Ragnarsson 5, Hörður Másson 4, Bjarki Már Gunnarsson 1, Hákon Bridde 1, Sigurjón Friðbjörn Björnsson 1, Leó Snær Pétursson 1.
Mörk Vals: Heiðar Þór Aðalsteinssson 10, Valdimar Fannar Þórsson 8, Finnur Ingi Stefánsson 5, Sturla Ásgeirsson 5, Ernir Hrafn Arnarsson 2, Orri Freyr Gíslason 1, Alex Jedic 1.

Selfoss-Haukar 31-31 (15-17)
Mörk Selfoss: Guðjón Finnur Drengsson 10, Ragnar Jóhannsson7, Helgi Héðinsson 4, Einar Héðinsson 3, Gunnar Ingi Jónsson 3, Milan Ivancev 2, Andrius Zigelis 1, Atli Kristinsson 1.
Mörk Hauka: Guðmundur Árni Ólafsson 9, Tjörvi Þorgeirsson 8, Freyr Brynjarsson 4, Björgvin Hólmgeirsson 4, Einar Örn Jónsson 3, Jónatan Ingi Jónsson 2, Heimir Óli Heimisson 1.

Fram-Afturelding 26-32 (14-15)
Mörk Fram: Andri Berg Haraldsson 10, Einar Rafn Eiðsson 5, Róbert Aron Hostert 5, Matthías Daðason 2, Magnús Stefánsson 1, Halldór Jóhann Sigfússon 1, Haraldur Þorvarðarson 1, Jóhann Karl Reynisson 1
Mörk Afturelding: Jóhann Jóhannsson 8, Hilmar Stefánsson 7, Haukur Sigurvinsson 4, Arnar Theodórsson 3, Þrándur Gíslason 3, Jón Andri Helgason 2, Bjarni Aron Þórðarson 2, Sverrir Hermannsson 2, Daníel Jónsson 1.

STAÐAN:

Akureyri	**15**	**12**	**1**	**2 438-393**	**25**
Fram	15	9	1	5 480-435	19
FH	**15**	**9**	**1**	**5 430-395**	**19**
HK	15	9	0	6 453-459	18
Haukar	**15**	**7**	**3**	**5 393-385**	**17**
Valur	15	6	0	9 393-423	12
Afturelding	**15**	**3**	**0**	**12 381-419**	**6**
Selfoss	15	1	2	12 422-481	4

HEIÐAR ÞÓR AÐALSTEINSSON Skoraði 10 mörk fyrir Valsmenn. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Málefni Guðmundar skoðuð í sumar

Þó svo að samningur Guðmundar Guðmundssonar landsliðsþjálfara nái yfir ÓL í London árið 2012 gæti svo farið að hann hætti í sumar. Þá liggur fyrir hvort Ísland kemst á EM á næsta ári eður ei. Ekki er enn búið að ráða landsliðsþjálfara kvenna en það verður gert fljótlega. Fimm manns sýndu starfinu áhuga.

HANDBOLTI Stjórn HSÍ hefur um ýmislegt að hugsa þessa dagana. A-landslið kvenna hefur verið þjálfaralaust síðan um áramótin og ekki er víst að Guðmundur Guðmundsson stýri karlalandsliðinu lengur en fram á sumar. Þegar er byrjað að orða Aron Kristjánsson við landsliðsþjálfarastöðuna en hann var rekinn sem þjálfari Hannover-Burgdorf um helgina og er á leið heim.

Guðmundur Guðmundsson tók nýlega við aðalþjálfarastarfi þýska stórliðsins Rhein-Neckar Löwen en þar er hann undir afar miklu álagi. Forveri Guðmundar í starfi, Alfreð Gíslason, sagði að það gengi aldrei til lengdar að þjálfa bæði stórlið í þýsku úrvalsdeildinni og landsliðið. Þess vegna hætti hann með liðið eftir EM í Noregi árið 2008.

Guðmundur gaf nokkuð opið svar um framtíðina eftir HM í Svíþjóð; sagði að málin yrðu skoðuð í rólegheitum síðar. Nú, tæpum mánuði síðar, segir Guðmundur að málefni hans verði skoðuð upp á nýtt næsta sumar. Þá verður næstu verkefnum í undankeppni EM lokið og þá liggur einnig ljóst fyrir hvort landsliðið fer á stórmót næsta janúar eður ei.

„Það er alveg rétt að ég er undir miklu álagi. Staðan hjá mér er þannig núna að ég er að einbeita mér að næsta verkefnum með landsliðinu. Ég ætla að klára þau. Ég hugsa ekki lengra í augnablikinu," sagði Guðmundur en Ísland leikur tvo leiki við Þýskaland í næsta mánuði og svo gegn Austurríki og Lettlandi í júní. „Ég stend við minn samning við HSÍ eins og staðan er núna. Annað get ég í rauninni ekki sagt núna. Svo kemur bara í ljós hvað verður."

SPJALLA SAMAN Í SUMAR Einar Þorvarðarson, framkvæmdastjóri HSÍ, mun líklega koma að viðræðum við Guðmund í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Guðmundur hefur það orð á sér að vera mikill vinnuþjarkur og frí er nokkuð sem hann þekkir illa. „Þetta er stanslaus vinna. Við vorum að spila gegn Barcelona og maður sefur ekkert nóttina eftir slíkan leik. Daginn eftir er maður byrjaður að greina næsta andstæðing, sem er á miðvikudaginn. Svo er næst á sunnudegi, aftur á miðvikudegi og koll af kolli. Þetta er geðveiki og rosalegt álag. Maður á ekki stundlegan frið."

Knútur Hauksson, formaður HSÍ, er á sömu línu og Guðmundur. Næst sé að klára næstu verkefni og svo verði að skoða stöðuna. „Guðmundur klárar þessa leiki sem fram undan eru. Hann hefur ekki óskað eftir því að hætta en við gerum okkur grein fyrir því að það er gríðarlegt álag á manninum. Við tökum stöðuna á hlutunum í sumar því þá liggja verkefni framtíðarinnar fyrir. Þá setjumst við niður með honum," sagði Knútur.

Hann er ekki enn búinn að ráða þjálfara fyrir kvennaliðið þó svo að samningur Júlíusar Jónassonar hafi runnið út um áramótin.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins sóttu fimm manns um starf landsliðsþjálfara. Júlíus ku hafa áhuga á því að halda áfram og svo eru þeir Ágúst Jóhannsson, þjálfari norska liðsins Levanger, og Einar Jónsson, þjálfari Fram, meðal þeirra sem sóst hafa eftir því að taka við liðinu.

„Við ætluðum að vera búnir að ganga frá þessari ráðningu en við gerum það á næstunni," sagði Knútur en vildi ekkert gefa upp um hverjir sóttu um starfið. „Þetta kemur allt í ljós fljótlega."

henry@frettabladid.is

FH vann sjö marka sigur á toppliði Akureyrar, 30-23, í N1-deild karla í handbolta í Kaplakrikanum í gær:

Loksins sigur hjá FH-ingum í þriðju tilraun

HANDBOLTI FH-ingar hefja lokakafla N1-deildarinnar af krafti en þeir unnu 30-23 sigur á toppliði Akureyrar í Kaplakrikanum í gær. Þetta var í þriðja sinn sem þessi lið mætast á rúmri viku og loks náði Fimleikafélagið að innbyrða sigur.

„Við erum gríðarlega svekktir með leikina fyrir norðan þar sem við spiluðum allir undir getu. Það er ekki mikið á milli þessara liða og ég er mjög ánægður með að ná að sigra loksins í dag," sagði Baldvin Þorsteinsson, leikmaður FH.

„Sóknarleikurinn gekk betur og meira öryggi var í mönnum. Svo var Danni [Daníel Freyr Andrésson] frábær í markinu og það skipti sköpum," sagði Baldvin sem telur að sigurinn gefi liðinu mikið sjálfstraust í þeirri baráttu sem fram undan er.

Mikið jafnræði var með liðunum í fyrri hálfleik í gær en FH-ingar leiddu með einu marki eftir hann. Þeir lögðu svo grunninn að góðum seinni hálfleik strax eftir hlé og náðu öllum tökum á leiknum. Sveinbjörn Pétursson var í ham í marki Akureyringa en það dugði ekki til.

„Þetta gekk ekki. Við áttum einfaldlega mjög dapran seinni hálfleik," sagði Guðlaugur Arnarsson, leikmaður Akureyrar. „Við vorum ekki nægilega ákveðnir í okkar aðgerðum og þeir mættu bara tilbúnari en við. Þetta eru áþekk handboltalið en það lið vinnur sem mætir betur tilbúið inn á völlinn."

Akureyri á bikarúrslitaleik fram undan gegn Val um næstu helgi og viðurkennir Guðlaugur að menn gætu verið komnir með hugann við hann. „Eflaust eru menn farnir að hugsa til hans en ég ætla ekkert að fela mig bak við það í þessum leik. Þetta eru samt tvö aðskilin mót og menn eiga bara að klára deildina," sagði Guðlaugur. **- egm**

ÁSBJÖRN FRIÐRIKSSON Skorar hér eitt af átta mörkum sínum fyrir FH-liðið í gær án þess að Akureyringar komi vörnum við. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

ALLTAF BETRA VERÐ

ACE TILBOÐSDAGAR
AÐEINS Í NOKKRA DAGA

TURNTILBOÐ

ACE TURNTILBOÐ INTEL 5
- Cooler Master HAF 922 sérhannaður turnkassi fyrir leikjavélar
- Intel Core i5 760 örgjörvi
- 4GB DDR3 1333MHz Corsair minni
- 1000GB WD Blue - SATA3 diskur
- DVD / CD skrifari
- 1GB MSI GeForce N460GTX Hawk skjákort
- Windows 7 Home Premium - 64bita - Aero 3D
- 7.1 Dolby Digital 8 rása hljóðkerfi
- Vandaður 500W Corsair CX aflgjafi

149.990

FULLT VERÐ KR. 169.990

TURNTILBOÐ

ACE TURNTILBOÐ AMD 1
- CoolerMaster Elite 342 turnkassi
- AMD AM3 Sempron örgjörvi
- 2GB DDR3 1333MHz Corsair minni
- 500GB WD Blue - SATA3 diskur
- DVD / CD skrifari
- AMD Radeon HD3000 skjástýring
- Ubuntu Linux 10.04 stýrikerfi
- Realtek HD 7.1 hljóðkort - Surround - True Blue-Ray

39.990

FULLT VERÐ KR. 44.990

ACE TURNTILBOÐ AMD 2
- CoolerMaster Elite 342 turnkassi
- AMD AM3 Sempron örgjörvi
- 4GB DDR3 1333MHz Corsair minni
- 500GB WD Blue - SATA3 diskur
- DVD / CD skrifari
- AMD Radeon HD3000 skjástýring
- Windows 7 Home Premium - 64bita - Aero 3D
- Realtek HD 7.1 hljóðkort - Surround - True Blue-Ray

59.990

FULLT VERÐ KR. 69.990

ACE TURNTILBOÐ INTEL 1
- CoolerMaster Elite 342 turnkassi
- Intel Pentium E5400 2.7GHz örgjörvi
- 2GB DDR3 1333MHz Corsair minni
- 500GB WD Blue - SATA3 diskur
- DVD / CD skrifari
- Intel GMA X4500 skjástýring skjástýring
- Ubuntu Linux 10.04 stýrikerfi
- Realtek HD 7.1 hljóðkort - Surround - True Blue-Ray

49.990

FULLT VERÐ KR. 54.990

ACE TURNTILBOÐ INTEL 2
- CoolerMaster Elite 342 turnkassi
- Intel Pentium E5400 2.7GHz örgjörvi
- 4GB DDR3 1333MHz Corsair minni
- 750GB WD Blue - SATA3 diskur
- DVD / CD skrifari
- 1GB MSI AMD Radeon MD5450 skjákort
- Windows 7 Home Premium - 64bita - Aero 3D
- Realtek HD 7.1 hljóðkort - Surround - True Blue-Ray

79.990

FULLT VERÐ KR. 89.990

TURNTILBOÐ

ACE TURNTILBOÐ AMD 3
- ACE Special edition turnkassi
- AM3 DualCore Athlon II 250 örgjörvi
- 4GB DDR3 1333MHz Corsair minni
- 750GB WD Blue - SATA3 diskur
- DVD / CD skrifari
- 1GB MSI AMD Radeon MD5450 skjákort
- Windows 7 Home Premium - 64bita - Aero 3D
- Realtek HD 7.1 hljóðkort - Surround - True Blue-Ray

94.990

FULLT VERÐ KR. 109.990

ACE TURNTILBOÐ AMD 4
- ACE Special edition turnkassi
- AM3 DualCore Phenom II 555 örgjörvi
- 4GB DDR3 1333MHz Corsair minni
- 1000GB WD Blue - SATA3 diskur
- DVD / CD skrifari
- 1GB MSI GeForce N450GTS skjákort
- Windows 7 Home Premium - 64bita - Aero 3D
- Realtek HD 7.1 hljóðkort - Surround - True Blue-Ray

109.990

FULLT VERÐ KR. 129.990

ACE TURNTILBOÐ AMD 5
- ACE Special edition turnkassi
- AM3 DualCore Phenom II 555 örgjörvi
- 4GB DDR3 1333MHz Corsair minni
- 1000GB WD Blue - SATA3 diskur
- DVD / CD skrifari
- 1GB AMD Radeon HD6850 GDDR5 skjákort
- Windows 7 Home Premium - 64bita - Aero 3D
- Realtek HD 7.1 hljóðkort - Surround - True Blue-Ray

104.990

FULLT VERÐ KR. 119.990

ACE TURNTILBOÐ INTEL 3
- ACE Special edition turnkassi
- Intel Core i3 540 örgjörvi
- 4GB DDR3 1333MHz Corsair minni
- 1000GB WD Blue - SATA3 diskur
- DVD / CD skrifari
- 1GB MSI GeForce N450GTS skjákort
- Windows 7 Home Premium - 64bita - Aero 3D
- 7.1 Dolby Digital 8 rása hljóðkerfi

129.990

FULLT VERÐ KR. 149.990

ACE TURNTILBOÐ INTEL 4
- ACE Special edition turnkassi
- Intel Core i5 760 örgjörvi
- 4GB DDR3 1333MHz Corsair minni
- 1000GB WD Blue - SATA3 diskur
- DVD / CD skrifari
- 1GB AMD Radeon HD6850 skjákort
- Windows 7 Home Premium - 64bita - Aero 3D
- 7.1 Dolby Digital 8 rása hljóðkerfi

TURNTILBOÐ

ACE TURNTILBOÐ AMD XS
- Cooler Master Dominator 690 II Advanced turnkassi
- AM3 QuadCore 955 Phenom II örgjörvi
- 4GB DDR3 1333MHz minni
- 1000GB WD Black SATA III diskur
- DVD / CD skrifari
- 1GB MSI AMD Radeon HD6870 skjákort
- Windows 7 Home Premium - 64bita - Aero 3D
- 7.1 Dolby Digital 8 rása hljóðkerfi
- 620W Cooler Master Real Power Modular aflgjafi

149.990

FULLT VERÐ KR. 169.990

ACE TURNTILBOÐ INTEL XD
- Cooler Master Dominator 690 II Advanced turnkassi
- Intel Core i7 950 örgjörvi
- 6GB Triple DDR3 1333MHz minni
- 1000GB WD Black SATA III diskur
- DVD / CD skrifari
- 1280MB MSI GeForce N570GTX DDR5 skjákort
- Windows 7 Home Premium - 64bita - Aero 3D
- 7.1 Dolby Digital 8 rása hljóðkort með TruStudio THX
- 620W Cooler Master Real Power Modular aflgjafi

219.990

FULLT VERÐ KR. 249.990

TILBOÐ Á SKJÁM, MÚSUM, LYKLABORÐUM, HÁTÖLURUM, PRENTURUM o.fl. MEÐ KEYPTUM ACE TÖLVUM

TÖLVULISTINN TL.IS

REYKJAVÍK • AKUREYRI • EGILSSTAÐIR • KEFLAVÍK • SELFOSS • HAFNARFJÖRÐUR

NÓATÚNI 17	GLERÁRGÖTU 30	MIÐVANGI 2-4	HAFNARGÖTU 90	AUSTURVEGI 34	REYKJAVÍKURVEGI 66
SÍMI 414 1700	SÍMI 414 1730	SÍMI 414 1735	SÍMI 414 1740	SÍMI 414 1745	SÍMI 414 1750

> Harrison Ford

„Ég vildi verða skógarvörður eða kolanámumaður. Ég vissi mjög ungur að mig langaði ekki að gera það sama og pabbi minn, en hann vann á skrifstofu."

Harrison Ford leikur lögreglumanninn John Book sem fær það hlutverk að vernda 8 ára Amish-dreng sem verður vitni að morði í myndinni Witness sem er á Stöð 2 Bíó kl. 22.

dagskrá

VIÐ TÆKIÐ ROALD EYVINDSSON HEFUR TEKIÐ EDDUNA Í SÁTT

Glaðst yfir góðum árangri

Edduverðlaunin voru veitt í Íslensku óperunni á laugardaginn var. Hátíðinni hefur verið fundið margt til foráttu í gegnum tíðina, meðal annars fyrir að vera léleg stæling á amerísku Óskarsverðlaunaafhendingunni og varla boðleg íslenskum sjónvarpsáhorfendum sökum rýrs skemmtanagildis.

Satt best að segja ætlaði ég til að byrja með að taka undir með þessum neikvæðisröddum, eða þar til sessunautur minn benti á að frekar væri nú ástæða til að gleðjast yfir þeim árangri sem náðist í íslenskri kvikmyndagerð í fyrra þrátt fyrir erfitt árferði, niðurskurð og önnur leiðindi. Og það er sko bara alveg hárrétt.

Ekki er nóg með að fjöldi nýrra íslenskra kvikmynda hafi litið dagsins ljós í fyrra heldur var framboðið einstaklega fjölbreytt og útkoman yfirleitt frekar vönduð. Þess utan eru íslenskir kvikmyndgerðarmenn alltaf að sækja í sig veðrið erlendis, eins og The Good Heart í leikstjórn Dags Kára og Inhale Baltasars Kormáks minntu rækilega á á Eddunni.

Hrafn Gunnlaugsson fékk heiðursverðlaun á hátíðinni að þessu sinni fyrir framlag sitt til íslenskrar kvikmyndagerðar og afhenti Ólafur Ragnar Grímsson forseti þau með þeim orðum að Hrafn hefði strax á unga aldri talið sér trú um að allt væri hægt, að hægt væri að fara á alla bratta og sigra þá. En víst er að þessi ummæli eiga ekki síður við um íslenska kvikmyndagerðarmenn almennt, sem sönnuðu það heldur betur á síðasta ári að með viljann að vopni er hægt að ná ótrúlegum árangri.

SJÓNVARPIÐ

14.40 Árin og seglið (e)
15.20 Meistaradeild í hestaíþróttum (e)
15.35 Þýski boltinn (e)
16.35 Íslenski boltinn (e)
17.20 Nýsköpun - Íslensk vísindi (3:12) (e)
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Skordýrin í Sólarlaut (36:43)
18.23 Skúli skelfir (29:52)
18.34 Kobbi gegn kisa (14:26)
19.00 Fréttir
19.30 Veðurfréttir
19.35 Kastljós
20.05 Sportið
20.40 Skólaklíkur (6:12) (Greek) .
21.25 Návígi Viðtalsþáttur Þórhalls Gunnarssonar.
22.00 Tíufréttir
22.10 Veðurfréttir
22.15 Dauðir rísa (10:12) (Waking the Dead VI) Breskur sakamálaflokkur um Peter Boyd og félaga hans í þeirri deild lögreglunnar sem rannsakar eldri mál sem aldrei hafa verið upplýst. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
23.10 Aðþrengdar eiginkonur (Desperate Housewives) (e)
23.55 Kastljós (e)
00.20 Fréttir (e)
00.30 Dagskrárlok

BÍÓ

08.00 The Baxter
10.00 Four Weddings And A Funeral
12.00 Pirates Who Don't Do Anything
14.00 The Baxter
16.00 Four Weddings And A Funeral
18.00 Pirates Who Don't Do Anything
20.00 The Last Time
22.00 Witness
00.00 First Wives Club
02.00 In the Line of Fire
04.05 Witness
06.00 According to Spencer

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2
08.15 Oprah
08.55 Í fínu formi
09.10 Bold and the Beautiful
09.30 The Doctors
10.15 The New Adventures of Old Christine (5:22)
10.40 Wonder Years (5:6)
11.05 The Amazing Race (11:11)
11.50 Tim Gunn's Guide to Style (3:8)
12.35 Nágrannar
13.00 America's Got Talent (1:26)
14.25 America's Got Talent (2:26)
15.10 Sjáðu
15.35 Ben 10
15.55 Barnatími Stöðvar 2
17.08 Bold and the Beautiful
17.33 Nágrannar
17.58 The Simpsons
18.23 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.47 Íþróttir
18.54 Ísland í dag
19.11 Veður
19.20 Two and a Half Men (16:24)
19.45 The Big Bang Theory (16:17)
20.10 Modern Family (13:24) Modern Family fjallar um líf þriggja tengdra en ólíkra nútímafjölskyldna.
20.35 Two and a Half Men (18:22) .
21.00 Chuck (15:19) .
21.45 Burn Notice (10:16) Þriðja serían af þessum frábæru spennuþáttum þar sem hasarinn og húmorinn er linnulaus allt frá upphafi til enda.
22.30 Daily Show: Global Edition
22.55 Pretty Little Liars (14:22)
23.40 Grey's Anatomy (13:22)
00.25 Medium (20:22)
01.10 Nip/Tuck (18:19)
01.55 Beowulf
03.45 Modern Family (13:24)
04.15 Chuck (15:19)
05.00 Burn Notice (10:16)
05.45 Fréttir og Ísland í dag

SPORT *besta sætið*

07.00 West Ham - Burnley
16.45 West Ham - Burnley
18.30 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu
19.00 Meistaradeildin - upphitun Hitað upp fyrir leiki kvöldsins í Meistaradeild Evrópu.
19.30 Meistaradeild Evrópu: København - Chelsea Bein útsending frá leik FC Köbenhavn og Chelsea í Meistaradeild Evrópu. Þetta er fyrri viðureign liðanna í 16 liða úrslitum.
21.40 Meistaradeild Evrópu: Meistaradeildin - meistaramörk Sýnt frá öllum leikjunum í Meistaradeild Evrópu i knattspyrnu. Öll helstu tilþrifin og umdeildu atvikin á einum stað.
22.05 Meistaradeild Evrópu: Lyon - Real Madrid Útsending frá leik Lyon og Real Madrid í Meistaradeild Evrópu. Leikurinn er sýndur í beinni útsendingu á Sport 3 kl. 19.30 í dag.
23.55 Meistaradeild Evrópu: København - Chelsea Útsending frá leik FC Köbenhavn og Chelsea í Meistaradeild Evrópu. Þetta er fyrri leikur liðanna í 16 liða úrslitum.
01.40 Meistaradeild Evrópu: Meistaradeildin - meistaramörk

SPORT 2 *enski boltinn*

18.00 Premier League Review 2010/11
18.55 Premier League World 2010/11 Áhugaverður þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá hinum ýmsu óvæntu og skemmtilegum hliðum.
19.25 Ariel Ortega Magnaðir þættir um marga bestu knattspyrnumenn heims. Að þessu sinni verður fjallað um Ariel Ortega, fyrrverandi landsliðsmann Argentínu.
19.50 Blackpool - Tottenham Bein útsending frá leik Blackpool og Tottenham í ensku úrvalsdeildinni.
22.00 Fulham - Chelsea Útsending frá leik Fulham og Chelsea í ensku úrvalsdeildinni.
23.45 Ensku mörkin 2010/11 Sýnt frá öllum leikjunum í ensku úrvalsdeildinni. Öll mörkin, allir leikirnir og öll helstu tilþrifin krufin til mergjar.
00.15 Blackpool - Tottenham.

SKJÁREINN

07.20 Spjallið með Sölva (1:16)
08.00 Dr. Phil (118:175)
08.45 Pepsi MAX tónlist
16.35 90210 (14:22)
17.20 Dr. Phil (119:175)
18.05 Got To Dance (7:15)
18.55 Being Erica (2:13)
19.45 Whose Line is it Anyway? (23:39) Bráðskemmtilegur spunaþáttur þar sem allt getur gerst.
20.10 Survivor (12:16) Bandarísk raunveruleikasería þar sem venjulegt fólk þarf að þrauka í óbyggðri náttúru og keppa innbyrðis þar til aðeins einn stendur eftir sem sigurvegari.
21.00 Dyngjan (2:12) Konur kryfja málin til mergjar í Dyngjunni, glænýjum sjónvarpsþætti undir stjórn kjarnakvennanna Nadiu Katrínar Banine og Bjarkar Eiðsdóttur. Þær munu loks afhjúpa hvað það er sem konur tala um í einrúmi, tengdamæður, karlmenn, barnauppeldi og framhjáhald svo eitthvað sé nefnt. Góðir gestir koma í þáttinn og ræða samskipti kynjanna og spaugilegar hliðar þess. Vandaðir þættir um veröld íslenskra kvenna.
21.50 Good Wife (5:23) .
22.40 Jay Leno (201:260)
23.25 CSI (6:22)
00.15 The Cleaner (5:13)
01.05 Good Wife (5:23)
01.50 Pepsi MAX tónlist
06.00 Pepsi MAX tónlist

SKJÁRGOLF

09.00 Northern Trust Open (1:4)
13.45 Northern Trust Open (1:4)
16.45 Ryder Cup Official Film 2004
18.00 Golfing World (27:240)
18.50 PGA Tour - Highlights (7:45)
19.45 World Golf Championship 2010 (4:4)
23.10 Golfing World (27:240)
00.00 ESPN America
00.20 Golfing World (26:240)
06.00 ESPN America

EXTRA

19.30 The Doctors Frábærir spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey þar sem fjórir framúrskarandi læknar – sérfræðingar á fjórum ólíkum sviðum – veita afar aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um þau heilsufarsmál sem hvað helst brenna á okkur.
20.15 Gossip Girl (3:22) Fjórða þáttaröðin um líf fordekraða unglinga sem búa í Manhattan og leggja línurnar í tísku og tónlist enda mikið lagt upp úr útliti og stíl aðalsögupersónanna.
21.00 Fréttir Stöðvar 2
21.25 Ísland í dag
21.50 Glee (12:22).
22.35 Undercovers (12:13) .
23.20 Saving Grace (13:13) Spennandi þáttaröð með Óskarsverðlaunaleikkonunni Holly Hunter í aðalhlutverki. Grace Hanadarko er lögreglukona sem er á góðri leið með að eyðileggja líf sitt þegar engill birtist henni og heitir að koma henni aftur á rétta braut.
00.05 Tripping Over (6:6) .
00.55 Gossip Girl (3:22)
01.40 The Doctors
02.20 Sjáðu
02.45 Fréttir Stöðvar 2
03.35 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

N4

18.15 Að norðan Með Hildu Jönu Gísladóttur. Fjölbreyttur þáttur um norðlenskt mannlíf.
19.00 Fróðleiksmolinn

ÍNN

20.00 Björn Bjarnason Ólafur Dýrmundsson ráðunautur.
20.30 Alkemistinn Viðar Garðarsson og félagar um markaðsmálin.
21.00 Íslands safari Eru sumir nýbúar afætur á íslensku velferðarkerfi?
21.30 Bubbi og Lobbi Sigurður G. og Guðmundur láta sér fátt óviðkomandi.
Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

ÚTVARP FM

FM 88,5 XA-Radíó	**FM 90,9** Gullbylgjan	**FM 93,5** Rás 1	**FM 96,3** FM Suðurland	**FM 97,7** X-ið	**FM 99,4** Útvarp Saga	**FM 102,9** Lindin
FM 90,1 Rás 2	**FM 91,9** Kaninn	**FM 95,7** FM957	**FM 96,7** Létt Bylgjan	**FM 98,9** Bylgjan	**FM 102,2** Útvarp Latibær	**FM 105,5** Útvarp Boðun

NÝ NÁMSKEIÐ AÐ HEFJAST

SKRÁÐU ÞIG NÚNA

á worldclass.is og í síma 55 30000

WorldClass ICELAND

Beaton Birtingahús

Í KVÖLD

STÖÐ 2 SPORT KL. 19.30

Meistaradeild Evrópu

Tveir stórleikir eru á dagskrá í Meistaradeild Evrópu í kvöld. Sölvi Geir Ottesen og félagar hans í FC København taka á móti Chelsea og verður leikurinn í beinni á Stöð 2 Sport. Á sama tíma mætast Lyon og Real Madrid á Sport 3. Í ensku úrvalsdeildinni mætast spútniklið Blackpool og Tottenham á Sport 2.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.39 Morgunútvarp hefst **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.03** Víða og breitt **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.03** Veðurfregnir **10.13** Eyðieyjan **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Hádegisútvarpið **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir og auglýsingar **13.00** Fulltrúar framtíðarinnar **14.03** Sker **15.03** Útvarpssagan: Úr Bernskunni **15.25** Málstofan **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Í heyranda hljóði **21.20** Tríó **22.05** Veðurfregnir **22.10** Lestur Passíusálma **22.19** Fimm fjórðu **23.10** Matur er fyrir öllu **00.05** Næturútvarp Rásar 1

BBC entertainment

12.30 Dalziel and Pascoe **13.15** Deal or No Deal **13.50** Whose Line Is It Anyway? **14.15** Whose Line Is It Anyway? **14.40** ‚Allo ‚Allo! **15.15** ‚Allo ‚Allo! **15.45** Doctor Who **16.35** Whose Line Is It Anyway? **17.00** Whose Line Is It Anyway? **17.25** Deal or No Deal **18.00** Deal or No Deal **18.35** ‚Allo ‚Allo! **19.10** ‚Allo ‚Allo! **19.45** Little Britain **20.15** Last of the Summer Wine **20.45** Monarch of the Glen **21.35** Coupling **22.05** Whose Line Is It Anyway? **22.30** Whose Line Is It Anyway? **22.55** Monarch of the Glen

DR 1

13.30 Blod, sved og T-shirts **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Aftenshowet **15.00** Den lille røde traktor **15.10** Rasmus Klump - i Troldeskoven **15.15** Byggemand Bob **15.30** Lille nørd **16.00** Landsbyhospitalet **16.50** DR Update - nyheder og vejr **17.00** Vores Liv. Skattejægerne **17.30** TV AVISEN med Sporten **18.05** Aftenshowet **19.00** Kender du typen **19.30** Snydt igen **20.00** TV AVISEN **20.25** Kontant **20.50** Sporten **21.00** Kommissæren og havet: Den du ikke ser **22.30** Katastrofealarm: London

NRK 1

12.00 NRK nyheter **12.05** Aktuelt **12.35** Urix **13.00** NRK nyheter **13.05** Den afrikanske pingvinen **13.35** Ut i naturen **14.00** NRK nyheter **14.10** Dallas **15.00** NRK nyheter **15.10** Kjendisbarnevakten **15.50** Filmavisen **16.00** NRK nyheter **16.10** Skispor fra 1952 til 1982 **16.40** Oddasat - nyheter på samisk **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Førkveld **17.40** Distriktsnyheter **18.45** Ut i naturen **19.15** VM Oslo 2011 **19.45** Extra-trekning **19.55** Distriktsnyheter **20.30** Snøballkrigen **21.10** The Pacific **22.05** Kveldsnytt

SVT 1

09.30 Gomorron Sverige **10.15** Fråga doktorn **11.00** Rapport **11.05** Klass 9A **11.35** Dom kallar oss artister **12.05** Massor av whisky **13.40** Flight of the Conchords **14.10** Gomorron Sverige **15.00** Rapport **15.05** Notes From the Underbelly **15.25** Anslagstavlan **15.30** På spåret **16.30** Sverige idag **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Dansbanan i Täfteå **20.00** Veckans brott **21.00** Dox

FORSÍÐA | VIÐSKIPTI | ÍÞRÓTTIR | LÍFIÐ | UMRÆÐAN

FÁÐU FÍNA OG FRÆGA FÓLKIÐ Í HEIMSÓKN

Má bjóða ykkur meiri Vísi?

Úrval afþreyingar, frétta og myndskeiða í margfalt betri upplausn en áður og með góðu aðgengi fyrir allar tölvur og farsíma. Horfðu, hlustaðu og fylgstu með öllu því sem gerist, hvar og hvenær sem er á Vísi.

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á nýjum Vísi.



Deildu Vísi með öðrum. Þeir sem setja „like“ við Vísi á Facebook geta unnið óvænta vinninga í hverri viku.

visir.is

FÉSBÓKIN

„Vonar að Icesave klárist aldrei ... þægilegt umræðuefni þegar maður hefur ekkert að segja við fólk!“

Auðunn Blöndal sjónvarpsmaður

Sveppi fagnar Dressmann

„Þetta er alveg æðislegt því nú get ég bara farið í Dressmann og keypt mér bol,“ segir Sverrir Þór Sverrisson, sjónvarpsstjarna með meiru. Sverrir er mikill Rolling Stones maður en ekkert síður Stones-bolamaður og gengur helst ekki í neinu öðru.

Eins og kom fram í fjölmiðlum samdi norska fatakeðjan Dressmann við gamlingjana í Rolling Stones og nú geta íslenskir aðdáendur sveitarinnar keypt boli sveitarinnar þar. Dressmann er umtöluð og jafnvel umdeild verslun. Sumir eru hæstánægðir með fötin þar en aðrir myndu aldrei klæðast þeim. Sverrir viðurkennir fúslega að hafa haft ýmis miður fögur orð um Dressmann en er reiðubúinn að éta þau ofan í sig. „Og ég er meira að segja kominn með bol frá þeim, vinur minn gaf mér svona „limited edition“ bol. Hann á víst að vera nákvæmlega eins og bolur sem Keith Richards, gítarleikari Stones, gekk einu sinni í.“

Stones-bolirnir inni í fataskáp Sverris eru í kringum tólf en nokkrir þeirra eru aðeins of litlir. „Og svo á ég líka íþróttatreyju merkta Stones. Þetta er náttúrlega bara kjánalegt,“ segir Sverrir og bætir því við að enginn þeirra sé í sérstöku uppáhaldi, honum þyki vænt um þá alla. „Það er hins vegar einn sem ég sakna svolítið mikið. Og svo er einn sem ég fer bara í heima, hann er rauður og svolítið plebbalegur.“

- fgg

ÁNÆGÐUR MEÐ ÞANN NÝJA Sverrir Þór Sverrisson er ánægður með nýja bolinn. Hann er „limited edition“ útgáfa af bol sem Keith Richards átti einu sinni. Safnið telur um tólf boli. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

FÁ LÖGIN SÍN Aðdáendur Jóhanns G. og hlustendur Bylgjunnar geta enn sem komið er beðið um lög tónlistarmannsins. Spilunarbann hans gekk í gildi á miðnætti en Bylgjan kveðst vera í fullum rétti að spila lög Jóhanns.

Ætla ekki að hætta að spila lög Jóhanns

„Þetta er bara í sínum farvegi, það er verið að ræða við alla aðila og reyna að greiða úr þessari flækju á vettvangi STEFs þar sem það á heima,“ segir Pálmi Guðmundsson, framkvæmdastjóri dagskrársviðs 365 miðla.

Á miðnætti átti bann Jóhanns G. Jóhannssonar gegn Bylgjunni að ganga í gegn en tónlistarmaðurinn vill meina útvarpsstöðinni að spila lögin sín sökum samskipta sinna við útvarpsráð Bylgjunnar. Jóhann G. og forsvarsmenn Bylgjunnar hafa deilt á síðum blaðanna en þegar Pálmi er inntur eftir því hvort hlustendur geti óskað eftir Don't Try to Fool Me svarar hann: „Við erum í fullum rétti til að spila lög Jóhanns.“ - fgg

Á NÝJUM STAÐ Útvarpsmaðurinn Heiðar Austmann tekur þátt í gjörningi Ragnars Kjartanssonar í kvöld. Hann hélt að hann væri lentur í símahrekk þegar Ragnar hringdi í hann. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

FORNBÓKAMARKAÐUR
Langholtsvegi 42
Miðvikudag, fimmtudag, föstudag
Opið frá kl. 15-19
Verð frá 50 kr.
Pantanir teknar í síma 694 2196 frá kl. 10-12.

RAGNAR ÍSLEIFUR: TÍMABÆRT AÐ ÞESSIR HEIMAR MÆTIST

Heiðar Austmann í gjörningi Ragga Kjartans

„Þarna mætast vissulega andstæðir heimar en það er á margan hátt tímabært. Að fólk deili með sér í stað þess að deila,“ segir Ragnar Ísleifur Bragason, einn aðstandenda Leikhúss listamanna.

Í kvöld verður annað skemmtikvöldið af sex í Þjóðleikhúskjallaranum undir yfirskriftinni Leikhús listamanna en þar koma ýmsir listamenn fram og fremja gjörninga. Athygli vekur að útvarpsmaðurinn Heiðar Austmann, dagskrárstjóri FM957, er einn þeirra sem koma fram. Hann mun fremja gjörning fyrir Ragnar Kjartansson.

„Þegar Ragnar hringdi í mig fyrir helgi var ég viss um að þetta væri símahrekkur. Ég spurði strax hvort Svali og félagar hefðu fengið hann í þetta,“ segir Heiðar í samtali við Fréttablaðið.

Heiðar segir að Ragnar hafi viljað blanda FM957 og honum sjálfum inn í list sína, því sem stöðin og hann standi fyrir. „Hann sagðist hafa hlustað á mig og fannst ég bæði heill og trúr sjálfum mér,“ segir Heiðar.

Hlutverk útvarpsmannsins verður að lesa upp úr Opinberunarbókinni. „Ég á að gera það í FM-stíl, bara eins og ég sé að taka kynningu.“

Heiðar kveðst vera spenntur fyrir kvöldinu. „Já, já. Þetta verða bara nokkrar mínútur og ég hlakka til að takast á við þetta. Ég hef samt ekki hugmynd um hvernig þetta á eftir að vera. Þetta verður líka fyrir framan fullt af fólki sem ég hef lítil samskipti haft við og mun væntanlega hafa lítil samskipti við í framtíðinni.

Svo kemur bara í ljós hvað gerist. Ragnar sagði alla vega að hann gæti hugsað sér að gera meira með þetta, þannig að það er aldrei að vita nema maður verði kominn á stóra svið Borgarleikhússins einhvern daginn,“ segir Heiðar að endingu, eldhress að vanda.

Dagskráin hefst klukkan 21 í kvöld og miðaverð er 1.200 krónur. Auk Heiðars koma fram Kría Brekkan með tónlistaratriði, Ragnar Ísleifur Bragason og Símon Birgisson; Snorri Ásmundsson og Rakel McMahon sem verða með ballettsýningu, Ásdís Sif Gunnarsdóttir sem verður með leikþátt og Saga Sigurðardóttir og fleiri með diskóljóðadans. Kynnir er sem fyrr vinjettuhöfundurinn Ármann Reynisson.

hdm@frettabladid.is

Afslappaðir Eurovision-farar

„Ég hélt í fyrstu að þetta yrði afslappað, bara fjögurra daga ferð til Düsseldorf, en nei; þetta eru tvær vikur og nánast hver einasti dagur þéttbókaður,“ segir Hreimur Örn Heimisson, einn sexmenninganna sem flytja Eurovision-lagið í ár, Aftur heim. Hreimur er pollrólegur og yfirvegaður yfir öllu umstanginu sem fylgir þátttöku í Eurovision og segir þá félaga bara taka einn dag í einu, þeir njóti þess bara að spila saman.

Söngvarinn virðurkennir að þeir séu farnir aðeins að skipuleggja, enda sé í mörg að horn að líta. „Þórunn [Erna Clausen] er að fínpússa textann og ég held að við afhjúpum atriðið og lagið í byrjun mars. Við erum aðeins að vinna í laginu en viljum auðvitað ekki breyta því of mikið enda var það flott eins og það var,“ segir Hreimur, sem vill hvorki játa né neita þegar hann er spurður hvort myndband verði gert við lagið. Honum þykir það hins vegar líklegra en hitt. Hreimur, eins og Pálmi Sigurhjartarson og Matthías Matthíasson, er Eurovision-jómfrú en bæði Vignir Snær og Gunnar Ólason hafa tekið þátt í þessari sívinsælu keppni.

RÓLEGIR Hreimur og félagar eru afslappaðir yfir Eurovision-þátttökunni og hafa ekkert pælt í klæðaburði eða neinu slíku. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Hreimur bindur helst vonir við að geta spilað golf í ferðinni en hann segir engar ákvarðanir hafa verið teknar um klæðaburð eða annað í þeim dúr. „Við ætlum að leyfa þessu að koma svolítið til okkar því það er fyrst og fremst gaman að hafa fengið þetta verkefni sem heldur nafni Sjonna á lofti.“ - fgg

6 mánaða vaxtalausar greiðslur

Gerið gæða- og verðsamanburð

2x90x200
Verð frá **499.900** með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnum

BOAS
Leður hægindastóll
79.900

SAGA OG ÞÓR
Hágæða heilsudýnur



SAGA Queen rúm, nú aðeins **129.900**
ÞÓR Queen rúm, nú aðeins **149.900**

VALHÖLL
Góð rúm á frábæru verði

Queen rúm, nú aðeins kr. **99.900**

BOAS
Leður hægindasófi 3 sæta **169.900**
Svefnsófi **169.900**

Svefn & heilsa

www.svefn.is

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00

FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VISIR.IS

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst:húsið

DREIFING: dreifing@posthusid.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

Góðverk dagsins!

Kynntu þér málið nánar á VÍSIR.IS

FRÉTTIR AF FÓLKI

Ágústa Eva með barni

Leik- og söngkonan **Ágústa Eva Erlendsdóttir**, sem gerði garðinn hvað frægastan í gervi Silvíu Nætur fyrir nokkrum árum, á von á sínu fyrsta barni eftir fimm mánuði. Barnsfaðir hennar er Jón Viðar Arnþórsson, lögreglumaður og formaður bardagaíþróttafélagsins Mjölnis. Ágústa Eva og Jón Viðar leggja bæði stund á blandaðar bardagalistir hjá Mjölni. Þau kynntust raunar þegar Jón Viðar leiðbeindi leikurum Hlemmavídeós og kvikmyndarinnar Borgríkis við upptökur bardagaatriða, en Ágústa fór með hlutverk í báðum stykkjunum.

Óánægður með Völuna

Sjónvarpsfólk Skjás eins hélt, eins og Fréttablaðið greindi frá, sitt eigið partí á skemmtistaðnum Esju á laugardagskvöld. Skjárinn fékk enga tilnefningu til Eddunnar og greip til þess ráðs að veita sín eigin verðlaun. Verðlaunin fengu nafnið Valan til heiðurs Valgerði Matthíasdóttur. Grínið mæltist ágætlega fyrir hjá gestum nema hjá **Karli Berndsen** lífskúnster, því þegar hann fékk sína Völu lýsti hann yfir óánægju sinni og fannst tilstandið fremur hallærislegt.

Fátt er svo með öllu illt…

Þingflokkar funduðu eftir ákvörðun forseta Íslands um að vísa lögum um nýjan Icesave-samning til þjóðarinnar. Misvel lá á þingmönnum. **Össur Skarphéðinsson** utanríkisráðherra bar sig vel eftir þingflokksfund Samfylkingar og upplýsti hann blaðamenn um að hans fólk væri „hresst eftir aðstæðum". Sjálfur kvaðst Össur þó vera kátur, enda hefði hann unnið svo margar vínflöskur í veðmálum um ákvörðun forsetans.

– sh, fgg, óká

Mest lesið VÍSIR.IS

1. Ég er hömlulaus ofæta – Missti 200 kíló alls
2. Föst í hjólastól eftir mislukkað fitusog
3. Ragnar Hall segir ekki skynsamlegt að taka áhættu með dómsmáli
4. Halldór: Ég skil ekki alveg viðkvæmnina

Fréttablaðið er nú með 187% meiri lestur en Morgunblaðið.



Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18–49 ára. Könnun Capacent í ágúst til október 2009 og 2010.

við eigum auðlindirnar áfram

Auðlindir ESB ríkja eru eign ríkjanna sjálfra og lúta reglum sem þau setja sjálf. Á þessu leikur enginn vafi.

Ef við göngum í Evrópusambandið munum við sjálf ráða nýtingu á vatni, jarðvarma, námum og öðrum náttúruauðlindum, líka á olíu ef hún finnst.

Fiskurinn í sjónum umhverfis Ísland er ein mikilvægasta auðlind okkar Íslendinga. ESB hefur sett sér sameiginlega sjávarútvegsstefnu til að stýra nýtingu á fiskistofnum aðildarríkjanna.

Við munum semja við ESB um hvernig verði tryggt að við Íslendingar njótum afraksturs og arðs af fiskimiðum okkar.

Í ljósi núgildandi reglna og fyrirhugaðra breytinga á sjávarútvegsstefnu ESB er engin ástæða til að ætla annað en að við náum samningi sem tryggir hagsmuni okkar til frambúðar.

Niðurstaðan í sjávarútvegsmálum skiptir miklu um heildarniðurstöðuna. Það vita báðir samningsaðilar mæta vel.

Já ÍSLAND

Jalsland | www.jaisland.is

Já Ísland er sameiginlegur vettvangur einstaklinga og félagasamtaka sem eru hlynnt aðild Íslands að ESB enda verði framtíðarhagsmunir þjóðarinnar tryggðir. Auglýsingin er greidd með frjálsum framlögum og vinnuframlagi sjálfboðaliða. Já Ísland - Skipholti 50a, 105 Reykjavík | sími 517 8874 | jaisland@jaisland.is